



ORKUSTOFNUN
Raforkudeild

**Helgi Hallgrímsson (ritstjórn)
Jóhann Pálsson
Hálfdán Björnsson
Hjörleifur Kristinsson
Þórir Haraldsson**

NÁTTÚRUFARSKÖNNUN Á VIRKJUNARSVÆÐI HÉRAÐSVATNA VIÐ VILLINGANES Í SKAGAFIRÐI

Könnunin var gerð af Náttúrugripasafninu á Akureyri fyrir Orkustofnun

**OS82047/VOD08
Reykjavík, maí 1982**



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Helgi Hallgrímsson (ritstjórn)
Jóhann Pálsson
Hálfdán Björnsson
Hjörleifur Kristinsson
Þórir Haraldsson**

NÁTTÚRUFARSKÖNNUN Á VIRKJUNARSVÆÐI HÉRAÐSVATNA VIÐ VILLINGANES Í SKAGAFIRÐI

Könnunin var gerð af Náttúrugripasafninu á Akureyri fyrir Orkustofnun

**OS82047/VOD08
Reykjavík, maí 1982**

FORMÁLI

Skýrsla þessi er niðurstaða af könnun sem framkvæmd var af Náttúrugripasafninu á Akureyri í samræmi við samning þar að lútandi við Orkustofnun (mars 1979).

Í verklýsingu er beðið um könnun m.t.t. Villinganesvirkjunar og rannsóknarsvæðið afmarkað út frá þeirri virkjun, þó að það hafi verið skilgreint mjög rúmt vegna nauðsynjar á samanburði.

Í skýrslunni er hins vegar auk þessa ýmislegt fullyrt um aðra virkjunnarkosti. Álitamál er hvort það eigi beinlínis heima á þessum blöðum. Ef til vill hefði verið heppilegra að höfundar skýrslunnar hefðu sent athugasemdir sínar um aðrar leiðir til virkjunar í Skagafirði sem sérstakt erindi til OS, t.d. fyrirspurn, og hefði þá getað komið um það efni sérstök skýrsla, eða fyllri viðauki.

Orkustofnun hefur hins vegar kosið að gera við þessi atriði nokkrar athugasemdir sem birtast í viðauka, aftan við umsagnir SUNN. Vert er að benda á að umsagnir SUNN eru dagsettar áður en niðurstöður þessarar könnunar lágu fyrir.

Í athugasemnum Orkustofnunar er annarsvegar fjallað um hugmundir að virkjunum í Austurdal. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að þær virkjanir yrðu mun óhagkvæmari en virkjun neðan ármóta. Auk þess nýtist virkjun neðan ármóta að fullu hvort sem valið yrði að virkja Austari-Jökulsá ofan í Austur- eða Vesturdal.

Hins vegar gera höfundar athugasemd við val virkjunarstaðs við Villinganes. Við eftirgreßlan kom í ljós að Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hafði gert lauslegar athuganir á öðrum virkjunarstöðum neðan ármóta og reyndist staðsetning við Villinganes hagkvæmust og varð hún því fyrir valinu. Vatnsorkudeild hefur gert lauslega athugun á þremur öðrum líklegum virkjunarstöðum. Í forsendum er gert ráð fyrir að ná sama orkumætti (GWh/a) og við Villinganes, þ.e. sama rennsli og fallhæð. Lón þau sem þannig mynduðust yrðu álika stór og lónið við Villinganes. Þau myndu hlífa allt meir af láglendari svæðunum neðan ármóta, því lengra sem þau yrðu teygð upp eftir ánni og að sama skapi teygðu þau sig innar og lengra upp eftir hlíðunum.

Haukur Tómasson
Hákon Aðalsteinsson

ÁGRIP AF NIÐURSTÖÐUM

1. Frá sjónarmiði hefðbundinnar náttúruverndar eru árgilin (gljúfrin) verðmætasta landslagsgerðin á könnunarsvæðinu og má jafna þeim við ýmis merkustu gljúfur landsins, svo sem Blöndugil og Jökulsárgljúfur í Þingeyjarsýslu.
2. Þeir hlutar giljanna sem hafa mest verndargildi eru:
 - a) miðhluti Héraðsvatnagilsins við Villinganes/Tyrfingsstaði,
 - b) ármótin, þar sem Jökulsárnar koma saman ,
 - c) gil Jökulsár eystri við Gilsbakka og
 - d) sama gil sunnan við Merkigil (bæ), auk nokkurra smærri staða (Sbr. verndarkortið, bls. 149).
3. Helztu mannvirki Villinganesvirkjunar lenda á einu ofangreindra verndarsvæða (a) og eyðileggja mikilvægasta hluta þess. Annað verndarsvæði (b) fer einnig forgörðum að mestu vegna stifflolónsins.
4. Virkjun með stiflu við Stekkjarflatir myndi valda álika miklum spjöllum á náttúrufari og Villinganesvirkjun, þar sem nær allt Jökulsárgil eystra færi þá undir lónið.
5. Virkjun við Merkigilið, með stiflu við Skuggabjörg(Jökulsárbrú), veldur mun minni spjöllum á hefðbundnum náttúruverðmætum en báðar ofantaldar virkjanir.
6. Allar umræddar virkjanir valda svipuðum skaða á nytjalandi til búskapar, en sá skaði verður þó að teljast lítill miðað við ýmsar aðrar virkjanir, svo sem Blönduvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun.

E F N I S Y F I R L I T

Bls.

Formáli	1
Ágrip af niðurstöðum	2
Teikningaskrá (kort, súlurit o.fl.)	4
Inngangur	5
LANDLÝSING (Helgi Hallgrímsson)	9
I. Héraðsvatnagilið	11
II. Ármótin	17
III. Jökulsárgil vestara	18
IV. Jökulsárgil austara	24
JARÐSAGA (Skúli Víkingsson)	41
JURTARÍKIÐ (Jóhann Pálsson, Þórir Haraldsson, Helgi Hallgrímsson)	49
Háplöntuflóra og gróður (J.P./Þ.H.)	49
Mosar (H.Hg./Bergþór Jóhansson det.)	70
Fléttur (H.Hg./Hörður Kristinsson det.)	74
Sveppir (H.Hg.)	76
DÝRARÍKIÐ (Hálfán Björnsson, Hjörleifur Kristinsson)	79
Spendýr (H.K.)	79
Fuglar (H.B./H.K)	81
Fiskar (H.K.)	86
Skordýr (H.B.)	87
Köngulær H.B./Árni Einarsson det.)	103
Sniglar (H.B.)	105
LAUGAR (Helgi Hallgrímsson)	107
SÖGUMINJAR (Helgi Hallgrímsson o.fl.)	113
LANDNÝTING (Ágrip) (Helgi Hallgrímsson/Hjörl. Kristinsson)	139
NÁTTÚRUVERNDARGILDI (Helgi Hallgrímsson/Jóhann Pálsson)	141
Helztu landslagsgerðir og verndargildi þeirra	141
Athyglisverðir staðir í giljum og verndargildi þeirra	146
Áhrif Villinganesvirkjunrar	152
Aðrir virkjunarkostir	152
Heimildaskrá	157
Ljósmyndir	161-180
Viðaukar	181

TEIKNINGASKRA

(Kort, súlurit o.fl.)

Bls.

1. Kort af könnunarsvæðinu	7
2. Kort af Héraðsvatnagili (örnefnakort)	10
3. Kort af Jökulsárgili vestara (örknefnakort)	19
4. Kort af neðri hluta Jökulsárgils austara (örnefnakort)	23
5. Kort af miðhluta Jökulsárgils austara (örnefnakort)	28
6. Kort af efri hluta Jökulsárgils austara (örnefnakort)	33
7. Kort yfir fundarstaði steingervinga (trjáhola)	43
8. Jarfræðikort af virkjunarsvæðinu við Villinganes/Tyrfingsstaði (OS)	46
9. Kort yfir bergganga og brotalínur í giljum, ásamt þverskurðar-myndum (Björn J. Björnsson/Orkustofnun)	47
10. Staðsetning reita fyrir skráningu háplantna	53
11. Skýringar við súlurit yfir útbreiðslu plantna	54
12.-20. Súlumyndir af útbreiðslu háplantna í giljunum (Þórir Haraldsson)	55-63
21. Útbreiðsla sjaldgæfра háplantna (kort)	64
22. Súlurit af tegundafjölda háplantna í hverjum könnunarreit	65
23. Kort af söfnunarstöðum mosa	69
24. Kort af varpstöðum heiðagæsar í giljum	83
25. Kort af söfnunarstöðum smádýra	88
26.-32. Kort yfir tegundafjölda skordýra og einstakra flokka þeirra á hverjum söfnunarstað	99-102
33. Súlurit af tegundafjölda skordýra á söfnunarstöðunum	102
34. Kort yfir tegundafjölda köngulúa á söfnunarstöðum	104
35. Kort yfir tegundafjölda snigla á söfnunarstöðum	104
36. Kort yfir laugar	108
37. Söguminjakort (H.Hg.)	126-127
38. Landslagskort (H.Hg.)	145
39. Verndarkort (H.Hg.)	149
40. Kort af lóni Villinganesvirkjunar (Orkustofnun)	153-154

INNGANGUR

Í janúar 1979 var þess farið á leit við Náttúrugripasafnið á Akureyri að það tæki að sér náttúrufarskönnun (náttúruverndarkönnun) á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) og hugsanlegu virkjunarsvæði Jökulsár eystri í Austurdal (Merkigilsvirkjun), þ.e. á svæðinu frá Villinganesi/Tyrfingsstöðum að Ábæ í Austurdal og Goðdöllum í Vesturdal (1.mynd). Samningur varðandi verkið var undirritaður í byrjun mars 1979.

Aðalkönnunin fór fram dagana 1.-10. ágúst 1979. Þátttakendur í henni voru: Hálfdán Björnsson á Kvískerjum, sem sá um söfnun og rannsókn á smádýrum, Helgi Hallgrímsson, sem annaðist myndatöku og könnun landslags og söguminja, Jóhann Pálsson grasafræðingur (Akureyri) og Þórir Haraldsson kennari (Akureyri), sem fengust við grasafræðirannsóknir. Auk þess tók Guðbrandur Magnússon fv. kennari á Siglufirði þátt í leiðangrinum, ásamt konu sinni Önnu Magnúsdóttur og dóttursyni, Eiríki. Guðbrandur fékkst við skráningu háplantna í 10x10 km reitum í upp-döllum Skagafjarðar og athugun á fundarstöðum surtarbrands og var hvorttveggja að mestu óháð umræddri náttúrufarskönnun, enda verður ekki greint frá því hér. Fyrri hluta athugunartímans (1.-5.ág.) hafði leiðangurinn aðsetur á Gilsbakka í Austurdal og naut margvíslegrar fyrirgreiðslu Hjörleifs Kristinssonar bónda þar, sem einnig tók þátt í könnunarferðum og miðlaði óspart af sinni víðtæku þekkingu á sögu og náttúru þessa svæðis. Við samningu skýrslunnar reyndist hann einnig ómetanleg hjálparhella. Síðari hluta könnunarinnar dvaldi leiðangurinn í Steinsstaðaskóla á Reykjum í Tungusveit. Skúli Víkingsson jarðfræðingur frá Orkustofnun (Reykjavík) hefur séð um þann þátt könnunarinnar er að jarðfræði lýtur. Í því skyni fór hann um svæðið dagana 16-17.júlí 1979 í fylgd með Helga Hallgrímssyni og Jóhanni Pálssyni, en hann var áður töluvert kunnugur jarðsögu þess og hefur ritað ýmislegt um jarðfræði Skagafjarðar. Bjarni Guðleifsson búfræðingur á Möðruvöllum hefur farið tvær ferðir um könnunarsvæðið með undirrituðum (1978 og 1981) og kynnt sér ýmislegt er varðar verndun þess. Loks hefur Rósmundur Ingvarsson bóndi á Hóli í Tungusveit aðstoðað við heimildasöfnun varðandi örnefni og sögulegar minjar, og fleiri hafa lagt þar nokkuð til með því að yfirfara lýsingar á landslagi og minjum.


Etlunin var að framkvæma "lauslega yfirlitskönnun" á landslagi og minjum alls vatnasvæðis Jökulsáanna í Skagafirði og var m.a. aflað loftmynda af svæðinu í því skyni. Þetta komst ekki í verk, enda reyndist umrædd könnun í dölunum svo umfangsmikil og tímafrek í úrvinnslu, að hún fór langt fram úr öllum áætlunum um vinnutíma og þarfaleiðandi einnig kostnað.

Úrvinnsla þeirra gagna er aflað var í könnunarferðum sumarið 1979 fór fram næsta ár (1980). Hálfdán Björnsson sá um nafngreiningu á skordýrum sem safnað var í ferðunum og reyndist það mikið verk og tímafrekt. Árni Einarsson (Lífræðistofnun) nafngreindi köngurlær, Bergþór Jóhannsson nafngreindi mosa og Hörður Kristinsson skófir. Þórir Haraldsson teiknaði útbreiðslukort fyrir háplöntur. Við samningu skýrslunnar hefur verkaskipting verið svipuð og um var getið í vettvangskönnuninni, en höfunda er yfirleitt getið við hvern kafla. Handrit bárust flest síðari hluta ársins 1980, en ýmsar ástæður ollu því að ekki var hægt að hefja hreinritun og frágang á skýrslunni fyrr en vorið 1981.

Það hefur komið í hlut undirritaðs að samræma efni hinna einstöku kafla skýrslunnar og veita henni endanlegan búning, teikna kort og línurit, velja myndir o.s.frv. Það er von míni að skýrslan geti gefið nokkuð staðgott yfirlit um náttúrafar og mannlífsminjar á könnunarsvæðinu, sem að einhverju leyti megi heimfæra upp á Skagafjarðardali sem heild, alveg án tillits til þess hvort til virkjunar kemur við Villinganes eða annarsstaðar á svæðinu.

Hægi Hallegnússon

Mynd 1
Virkjunarsvæði
við Villinganes



L A N D L Ý S I N G

Helgi Hallgrímsson

Landlýsing sú sem fer hér á eftir er byggð á athugunum höfundarins á ferðum hans um virkjunarsvæðið, einkum dagana 28-29.júní 1978, 16-17.júlí og 1-10.ágúst 1979. Í ferðum þessum var gengið meðfram öllum giljunum og teknar myndir af þeim og næsta nágrenni þeirra var einnig skoðað.

Auk þess hafa allar tiltækjar heimildir verið nýttar. Ber þar fyrst að nefna ör-nefnaskrár frá Örnefnastofnun Þjóðminjasafnsins, sem Margeir Jónsson á Ögmundar-stöðum hefur ritað og nokkrir fleiri. Einnig hafa þeir Hjörleifur Kristinsson á Gilsbakka og Rósmundur Ingvarsson á Hóli safnað ýmsum upplýsingum varðandi örnefni og minjar, og tekið saman örnefnaskrár fyrir nokkra bæi.

Prentaðar heimildir eru af skornum skammti og er þeirra helztu getið í sambandi við söguminjaskrána. Þó hefur Hjörleifur Kristinsson ritað ýtarlega grein um Merkigilið í Skagfirðingabók, 4. árg., 1969 og Ólafur Jónsson hefur ritað um Brenni-gilshóla í bók sinni um Berghlaup (Akureyri, 1976).


Í skýrslum Orkustofnunar hefur verið fjallað ýtarlega um sjálfan virkjunarstaðinn við Villinganes/Tyrfingsstaði, og ýmislegt finnst þar einnig ritað um laugar. Þá er að sjálfsögðu stuðst við ritgerðir annara höfunda í þessari skýrslu, varð-andi jarðfræði, flóru, skordýralíf o.fl.

Síðast en ekki sízt ber að nefna loftmyndir og kort frá Landmælingum Íslands og Orkustofnun, sem hafa verið ómissandi við þetta verk.

Til að hin staðfræðilega lýsing yrði sem réttust, hefur uppkast af þessari land-lýsingu verið sent heim á bæina sem eiga land að giljunum, og óskað eftir athuga-semðum frá ábúendum þeirra. Við nokkra þeirra var rætt sérstaklega dagana 6.-7. sept. sl. og lýsingin yfirfarin með þeim. Vil ég sérstaklega þakka þeim Hjörleifi Kristinssyni á Gilsbakka og Kristjáni Guðjónssyni á Skatastöðum fyrir aðstoð við þessa endurskoðun lýsingarinnar.

Þrátt fyrir þennan hreinsunareld má búast við að ýmsar missagnir og villur kunni að slæðast inn í lýsinguna, einkum hvað varðar örnefnin og staðfærslu þeirra. Verður það að skrifast á reikning höfundarins og vil ég biðja menn að fára það til betri vegar.

Mynd 2



I. HÉRAÐSVATNAGILÍÐ OG NÁGRENNI PESS. (Kort bls. 10)

Eftir að Austari- og Vestari-Jökulsá koma saman kallast þær Héraðsvötn eða í daglegu tali bara Vötnin. Efstu fjóra km. falla þau í klettagili er kallast Héraðsvatnagil eða Vatnagil, og nær það frá ármótum niður um Teigakot.

Um miðjuna myndar Héraðsvatnagilið S-laga króka með hvömmum sitt hvoru megin, og er þar um 250 m breitt, en áin rennur á eyrum í gilbotninum. Annars er gilið viðast um 100 m breitt að ofan, og dýptin um 40-60 m. Eðlilegt er að skipta gilinu í þrjá hluta og verður nú fjallað sérstaklega um hvern þeirra.

A. Neðstagil. (4.mynd)

Þar er átt við gilhlutann frá Tyrfingsstaðabæ að Teigakoti, eða frá fyrirhuguðu stíflustæði og niður á gilsendann. Efst í þessum parti er gilið alldjúpt, með þverhníptum bergveggjum, einkum að vestanverðu, þar sem andesít-hraunlag myndar efri hluta gilkinnanna. Þunn rauðagjallslög og lagskipt setlög koma þar viða fram á milli berglaga. Gangar þverskera gilið á nokkrum stöðum en mynda hvergi neinar verulegar bríkur.

Efst í gilinu að austanverðu er Stekkjarhöfðinn mest áberandi. Er gilið um 60 m djúpt við hann, og eru þar mörg rauðalög í bergvegnum. Austan við höfðann er gilskora, með sömu stefnu og gilið fyrir sunnan beygjuna og rennur þar niður lækjarspræna er kallast Gunnukelda. Fram úr höfðanum er dálítill rani vel gróinn að ofan, nokkru lægri en aðalhöfðinn, en fremst á honum eru vallgrónar stekkjartættur. Sunnan við gildragið er grasbrekka niður í gilið (Bleikálugeiri ?) og vex þar m.a. hrútaberjalyng. Upp frá gilinu er melhóll sem Nethóll kallast.

Utan við Höfðann eru klettabelti og brattar skriður í gilinu en eyrar eru sumsstaðar neðan undir. Ná klettarnir út að Markhöfða, en þar eru merki Tyrfingsstaða og Flatatungu. Þar fyrir utan eru aflíðandi grónar brekkur, en síðan lágir klettar á móts við Teigakot. Upp frá gilinu að austanverðu (í landi Tyrfingsstaða) skiptast á móar, hálfdeigjur og myraflákar, og stakir melar skjóta hér og þar upp kollinum. Landið er þarna þakið botnurð frá síðasta jökulskeiði, og fátt um sérstök kennileyti.

Hraunin við Villinganes liggja að neðsta hluta Vatnagilsins að vestan. Þar er landslagið fjölbreytt og stingur nokkuð í stúf við umhverfið. Hraunin eru þyrping af klettahraukum (sem oft kallast hraun á þessum slóðum) og grjótmelum, með lægðum og skorum á milli. Hæstu hraunin, er kallast Syðri- og Ytri-Háuhraun, eru mynduð af þykku andesítlagi, sem þekkist á því að það myndar gjarnan hornótta kletta. Það er mjög þétt (dulkornótt), klofnar einkum lóðrétt, og virðist fast fyrir roföflum. Nokkur misgengi liggja þvert yfir hraunasvæðið frá A til V og koma þau greinilega fram í bergvegg gilsins, sunnan undir hraununum. (L.5).

Um hraunin liggja farvegir, sem grafist hafa af árvatninu eftir misgengissprungum, líklega meðan jökkull lá enn yfir landinu þarna (Sbr. jarðfræðikaflann).

Aðalfarvegurinn liggur NV yfir mitt hraunasvæðið og kallast Hraundalur ofantil en Kviadalur neðantil. Um miðju hans er hlykkur og liggur þar breiður en grunnur farvegur þvert yfir hann (A-V), og kallast Nafrar þar sem hann kemur fram á gilbarminn, en Háuhraunin eru sitt hvoru megin við þennan síðarnefnda farveg. Að vestan og SV er hraunasvæðið umgirt af mýrarsundi er liggur í aflangri kvos, og kallast Flóinn. Þar sem kvosin opnast í gilið, sunnan við hraunin, er hún mjó og djúp, en víkkar og grynnist er norðar dregur. Er mýrakovs þessi sýnilega einnig gamall árfarvegur, sem hefur grafist nokkru seinna en þverfarvegurinn á hraununum, því hún er nokkuð dýpri. Hafa báðir þeir farvegir grafist eftir að jöklar hurfu af svæðinu. Flóakovsin hefur hins vegar fyllst upp að hluta af mýrjarðvegi og jarðskriði úr hlíðinni vestan við hana. Flóinn er nú að hluta framræstur og hefur verið breytt í tún (frá Villinganesi).

Í vesturjaðri hraunanna, norðantil, er eyðibýlið Hraun (sjá Söguminjaskrána). Þar fyrir utan kallast Klappir, og enda þær við djúpa klauf í gilbarminum, sem kallast Klaufarlækjargil. Utan við þetta þvergil eru gilbarmarnir lágir og afliðandi og ganga víðáttumikil mýrahöll fram að gilinu út fyrir neðan Teigakot. Er fátt um sérstök kennileiti, en þó má nefna Leitishöfða og Markhöfða, sem eru á gilbarminum við merki Villinganess og Teigakots. Þar fyrir ofan er Selið eða Ytra-Sel, frá Villinganesi.

B. Miðgilið (Hvammarnir) (Kort bls.10 og myndir 1-2, 4-13 og 16-18.)

Miðgilið telst hér frá Hraununum áðurnefndu eða Tyrfingsstaðabæ inn að svonefndum Fálkahaus eða Krosshöfða, sem eru áberandi höfðar sitt hvoru megin gilsins. Að lengd er þessi gilhluti um 1,3 km. Gilið myndar hér mikla króka, er víðara og grynnra en annarsstaðar gerist og ber því sérstakt svipmót. Að því liggja grónir hvammar og grasbrekkur en klettar eru óvíða og fremur lágir, en bergbríkur ganga á nokkrum stöðum fram í gilið og mynda sumsstaðar gatkletta eða dranga. En mest áberandi eru þó rauðar gjallskriður og stabbar, sem lita gilkinnarnar á stórum svæðum, einkum að vestanverðu. Áin rennur hér á malareyrum og slær sér sitt á hvað í gilinu, rekst sumsstaðar á bergganga og myndar straumiður, sem skiptast á við djúpa og lygna hylji. Uppi á eyrunum eru einnig pollar á stöku stað upp við bríkurnar, vaxnir grænu slýi, sem áin fellur í þegar hún er í vexti. Litaskrúðið í þessum gilhluta er frábært. Dimmbrúnt basalt og grágrænt andesít í klettum skiptist á við rauðar skriður og græna geira og hvamma, en í gilbotninum liðast bláleitt (eða stundum grátt) árvatnið um blágráar eyrar með dimmgrænum pollum og ljósgrænum bökkum umhverfis.

Hraunin áðurnefndu mynda yzta hluta þessa gilparts að vestanverðu (Syðra-Háahraun). Sést þykka andesítlagið þar efst (um 15 m), en undir því basaltlög með alla vega litum millilögum, og nokkrir berggangar skerast niður í gegnum löginn. Við Háahraunið er hið fyrirhugaða stíflustæði Villinganesvirkjunar, en stöðvarhús er fyrirhugað í gilinu fast við stífluna að norðan (undir Nöfrum). Þá verður önnur stífla syðst í Flóanum, og yfirfall uppi á Hraunum. Komi til virkjunar þarna verður því allt Mið-Vatnagilið með sínum fjölbreyttu jarðmyndunum lagt undir stíflulónið. Misgengin áðurnefndu koma mjög skýrt fram í gilveggnum á þessum slóðum. Vestan við Hraundalinn nær andesítlagið niður í gegn, og er þar líklega allt að 50 m þykkt. (5.mynd).

Bæjarhvammur. Á móti Syðra-Háahrauni að austanverðu er gilkinnin fremur lág, með fláandi klettum en grónir geirar á milli. Þar kemur andesítlagið einnig fram í brúninni norðantil en nær niður í gilbotn sunnantil. Litlu sunnar gengur nes fram í ytra S-sveiginn í gilinu. Ofantil á nesinu eru klettahraukar úr andesíti, og mynda þeir hálfhring um dálítla kvos, er nefnist Bæjarhvammur (kenndur við Tyrfingsstaðabæ). Að sunnan afmarkast hvammurinn af miklum bríkum, sem verða til umræðu í tengslum við Sandhvamminn. Framan við Bæjarhvamm er breið malareyri, en milli hennar og bríkanna hefur áin étið skarð inn í rauðalögin, sem eru þarna a.m.k. 5 m þykk. Í Bæjarhvammi er fremur þyrrkingslegur gróður, gras og lyng. Efst í hvamminum eru rústir af einkennilegri, ferhyrndri rétt og stekkjartótt hlaðin úr grjóti er í klettakví neðst í honum (Sbr. söguminjaskrána). (10-11.md.) Orkustofnun létt á sínum tíma ryðja bílfærar veg niður í hvamminn frá Tyrfingsstöðum, og hefur hann valdið nokkrum spjöllum, þótt nokkuð sé það farið að jafna sig og gróa upp. Á móti Bæjarhvammi er mikill steindrangur að vestanverðu í gilinu, og mæðir árstraumurinn mjög á honum. Er hann framhald af bríkunum sem fyrr voru nefndar. (Sjá Sandhvamm). (1.mynd).

Tyrfingsstaðir. Ofan við Bæjarhvamm og fyrirhugað stíflustæði er eyðibýlið Tyrfingsstaðir. Standa þar gömul bæjarhús úr torfi og grjóti og nokkur úti hús sem dreift er um gamla túnið (Sbr. söguminjaskrána). Landið er hér dálitið hólótt og hallar niður að ánni. Heitir Steinholt norðan túnsins en Smiðjuhóll og Kvíhóll eru rétt við bæinn. Fyrirhugað er að leggja veg af þjóðvegi niður í gegnum gamla túnið að stíflugarðinum, ef til virkjunar kemur. Vinnubúðum og starfsmannahúsum er ætlaður staður á túninu og hluti túnsins fer auk þess í kaf í stíflulónið. Á Tyrfingsstöðum verða því naumast möguleikar til búskapar ef Villinganesvirkjun verður framkvæmd. (2.mynd).

Sandhvammur. Suðaustan við Bæjarhvamm og Bríkurnar er við og djúp, hálfhringlaga kvos inn í gilbarminn að austanverðu, er nefnist Sandhvammur. Hann er um 300 m

langur og um 150 m breiður, en dýptin er um 50-55 m. Malareyrar, sumpart nokkuð grónar, eru í botni hvammsins en pollar og lénur með norðurhlíðinni. Er sýnilegt að áin flæðir yfir eyrarnar í vatnavöxtum. Inni í botni hvammsins er dálítill foksandur, líklega frá árfarveginum, sem etv. er ástæða fyrir nafni hans.

Grasi grónar brekkur eru umhverfis hvamminn, nema dálitlir klettahraukar eru í brúninni að austan. Að norðan eru hinar voldugu bergbríkur (hlöð), sem heima-menn virðast þó ekki hafa séð ástæðu til að skíra. Hefur mér dottið í hug að nefna þær "Klofabríkur", eftir klofanum sem er í þeim miðjum og skiptir þeim í two hluta. Bríkur þessar eru leifar af berggangi, sem stefnir nærri A-V. Virðast liggja að honum mestmegnis lausleg jarðlög á þessum slóðum, svo sem rauðagjall og sandsteinn, sem áin hefur átt auðvelt með að grafa. Bergið í bríkunum er hins vegar mjög þétt og fast fyrir enda mynda bríkurnar eins konar stíflu og hafa fengið ána til að þverbeygja í vestur. Bríkurnar eru tvær, aðskildar af klof-anum fyrrnefnda. Að sunnan eru þær þverhníptar frá jafnsléttu, og fellur áin upp að þeirri vestari, sem er um 20 m há, en eystri bríkin 25-30 m. Breidd þeirra að ofan er svipuð, eða um 5-7 m, en um 10 m að neðan. Þær eru gerðar úr láréttum stuðlum, sem mynda meira eða minna reglulega stafla eða lög, oftast 2-4(5), og er vestari bríkin klofin í vesturendann af þessum lagamótum. Stuðlarnir eru með óreglulegum köntum, að jafnaði 15-25 cm í þvermál. Bergið er dulkornótt og holulaust blágryti, blágrátt í brotsári en litast grábrúnt við veðrun og er víða rauðbrúnt af skófagróðri. Sortulyng vex á syllum í vesturbríkinni. (16.-18.mynd) Sunnan við Sandhvamm eru einnig bríkur, er stefna á ýmsa vegu. Gengur ein þeirra nokkuð fram í ána, sem hefur étið gat á hana, svo þar hefur myndast Gatklettur, sem svo er kallaður. Við hann eru merki Tyrfingsstaða og Keldulands. Í framhaldi af honum er stór brík að vestanverðu, er síðar verður getið. Skammt fyrir austan Gatklett, að SA-verðu í hvamminum, fellur dálítill lækur niður í hann, Landa-merkjalækur, sem hefur breytt um farveg vegna skurðraftrar uppi á myrunum.

Brekkurnar í Sandhvammi eru vel grónar. Grasgróður er þar mest áberandi, með snarrót, língresi, ilmreyr o.fl. Hrútaberjalyng og blágresi koma þar einnig fyrir. Í hvamminum er mjög skjólsælt fyrir flestum veðrum.

Stekkjarhvammur, er lægð nokkur framantil á nesinu sem gengur út í gilið að vestanverðu, andspænis Sandhvammi. Botn lægðarinnar er samsíða gilinu og um hálf hæð þess. Þar er ármöl undir jarðvegi, en síðan rauðagjall. Er Stekkjarhvammur því sýnilega leifar af gömlum gilbotni, og hefur það gil verið mun grynnra en núverandi gil. Vestan við hvamminn eru afliðandi, grónar brekkur, nokkuð raklendar. Í sveignum fyrir norðan hvamminn eru áberandi klettadrangar, framhald Klofabríkanna fyrrnefndu. Þar er einnig mikið rauðagjall sem myndar skriður á milli dranganna (1.mynd). Að sunnan afmarkast hvammurinn af áberandi klettabrík, sem oft

mun verá kölluð Hlein (eða Hleinin) og gengur langt fram á eyrina, um 10-15 m á hæð, og djúpur hylur við suðurhlið hennar, sem sýnir að straumur skellur upp að henni í vöxtum. Hleinin er hluti af ganginum, sem myndar Gatklettinn austan megin árinnar.

Brattihvammur/Stapahvammur. Sunnan við Stekkjarhvamm taka við brattar en nokkuð grónar skriður í gilvanganum að vestan, en þar fyrir neðan er stór malareyri, nokkuð gróin ofantil og kallast þarna Brattihvammur í gilinu. Þá kemur klettahaus nokkur úr basaltlögum, um hálf gildýptin á hæð, sem líklega er nefndur Stapi, og uppi á honum dálítill gróðurtorfa, síðan taka aftur við brattar skriður með áberandi rauðagjalli, sannkallaðar "Rauðuskriður". Myndast þarna ofurlítill sveigur í gilkinnina, sem virðist vera nefndur Stapahvammur, en áin rennur þar upp að skriðunum, svo að undirlendi er þar ekkert. Að sunnan afmarkast skriðurnar af klettabrik, og næst fyrir sunnan hana er þvergil með klettum og skriðum úr rauðagjalli frá gilbotni og upp undir brún ("Rauðagil"). Virðast rauðalögin ná mestri þykkt þarna eða um 40 m. Ofan á rauðalögnum eru lög af brúnleitu gjalli og sandsteinskennd lög., en efst er blágrýtislag sem myndar höfða sunnan við Rauðagilið, er kallast Fálkahaus. Er þá komið að mörkum Efragilsins.(3. og 14.md.)

Grunnihvammur, nefnist lægð nokkur á gilbarminum að austanverðu, sunnan við Gat-klett. Neðan við hann eru lágir klettar og rauðaskriður, en sjálfur hvammurinn er gróinn með malarlagi í botni, eins og Stekkjarhvammurinn fyrrnefndi, enda vafalaust leyfar af sama grunna gilinu. Nokkrar bríkur skaga fram úr klettunum fyrir neðan hvamminn. Stærsta bríkin er syðst og gengur nokkuð út í ána. Sunnan við Grunnahvamm og bríkina, ganga þverhnípt klettabelti fram að ánni og heitir þar Krosshöfði, á móti Fálkahausnum. Neðan undir Krosshöfða eru eyrar við ána, og gjár skerast inn í höfðann með norðlægri stefnu.

Upp af Grunnahvammi eru mýrar, sem nú eru ræstar fram og hefur verið breytt í tún, frá Keldulandi. Stendur þar skáli mikill (fjárhús ?) suður og upp af Gat-kletti, og annar rétt fyrir ofan veginn, nokkru sunnar. (Upp af Sandhvammi er einnig nýrækt frá Tyrfingsstöðum, nú leigð Stekkjarflatabóna).

C. Efsti hluti Vatnagilsins, (Kort bls.10 og myndir 7 og 14 -15)

þ.e. parturinn frá Fálkahaus/Krosshöfða að ármótum Jökulsánna er um 1 km að lengd. Þessum gilhluta svipar aftur til neðsta gilsins en er þó til jafnaðar dýpri (um 50 m) og heldur þrengri (um 100 m). Gilvangarnir eru yfirleitt með þverhníptum klettum, en stallar og skriður neðantil, en víða eru gjár og geifar þar sem hægt er að komast niður í gilið. Bríkur eru ekki áberandi þótt tölувvert sé af berggöngum og engir teljandi hvammar fyrr en kemur suður um ármótin. Gilið er þarna víða tölувvert gróið, einkum að austanverðu, þar sem grasgeirar ná víða niður í gilbotn, og fer vaxandi suður eftir gilinu. Ein birkihrísla sást á árbakkanum að austanverðu nálægt miðju gilinu, og lítil reynihrísla vex á syllu undir Krosshöfðanum.

Nafngreind kennileiti í þessum gilhluta eru fremur fá. Að austanverðu er fyrst Krosshöfðinn, sem fyrr var nefndur, og nokkru sunnar Vendingshöfði, en Syðra- og Ytra-Hvarf eru lægðir uppi á gilbarminum, og þar næst Tómasarlágar tvær, en þá er komið fast að ármótum Jökulsánna. Austan við gilið voru miklir myraflákar, Keldulandsmýrar, en þær hafa nú verið ræstar fram og að mestum hluta breytt í tún. Efst á myrunum, næst bænum, var kallað Fit og á þeim slóðum var svonefnt Sortufen. Suður undir ármótunum liggja svo gróin klapparholt og mellar að gilinu.

Vestan megin gilsins er umræddur Fálkahaus yzt og ber koll hans herra en flesta staði við gilið. Í draginu vestan við hausinn eru fjárhúsatættur (Fremri-Hús). Nokkru sunnan við Fálkahaus eru klettahraukar á gilbarminum, sem fara hækkandi suður eftir og enda síðan þvert við gildrag í brúninni. Heitir þar Votahvamms-höfði, en norður frá honum (milli höfðanna) eru þverhnípt klettabelti, mjög skorin sundur af gjám og bríkum, og heitir þar Dauðabás, niðri í gilinu, en Dauðabásnafir nefnast brúnirnar. Mun nafnið dregið af því að kindur hafa svelt þar til bana. Vestan við nafirnar og höfðana er myrasund, nokkuð lægra en klappirnar, enda kallast það Húsalur, eftir fjárhúsunum sem þarna voru. Virðist sundið vera forn farvegur árinnar (Sbr. Flóann hjá Villinganesi).

Votihvammur nefnist myrlend lægð á gilbarminum, sunnan við Votahvammshöfða. Þar fyrir neðan er gilkinnin aðeins um 25-30 m. Er hvammurinn hluti af þeim gamla grunna farvegi, sem um var rætt í sambandi við Stekkjarhvamm og Grunnahvamm. Suður úr hvamminum gengur dálitið drag, er kallast Votahvammsdrag og eftir því rennur lækjarspræna niður í gilið um djúpa klauf, syðst í hvamminum. Þar eru merki Villinganess og Tunguháls, og heitir Merkjalág og Merkjalágarmýri þar vestur undan. (Örnefnið Brúargjörð er í gömlum landamerkjaskrám þessara jarða og virðist hafa verið þarna á gilbarminum, en er nú týnt). Suður með gilinu sunnan Votahvamms eru klapparholt, er kallast Klappir. Er þá komið að ármótum Jökulsánna, sem fjallað verður um hér á eftir.

II. ÁRMÓTIN. (Kort bls. 23, og myndir 15 og 19-23)

Jökulsárnar tvar koma saman við bæinn Kelduland. Renna þær báðar í gljúfrum og er gljúfur Jökulsár eystri öllu hrikalegra. Á milli giljanna er fremur mjó tunga, er nefnist Sporður, aðgreind frá "meginlandinu" af djúpri lági, þverlág, sem er forn farvegur annarrar hvorras árinnar, tæplega hálf dýpt núverandi gilja (Sbr. Stekkjarhvamm o.fl. í miðhluta Vatnagilsins). Er lágin með graslendi í botni. Nokkrar gagnstæðar skorur ganga inn í Sporðinn utan við þverlág, og munu þær vera bundnar göngum og misgengjum í berGINU.

Norðurendi Vestara-Jökulsárgilsins er með svipuðum stíl og efsti hluti Vatnagilsins, er lýst var hér á undan. Eru þar klettaholts (hraun) með gilinu að vestan, og mynda þau svonefnda Höfða, er ná frá ármótum og upp fyrir þverlág, en Ármóta-höfði heitir þar sem árnar koma saman. Myndar hann klettanef fram í ána. Klettarnir vestan Ármóta-höfða kallast Klappir, en bak við þá eru myrasund, sem líklega eru gamlir árfarvegir. Þar er einnig smátjörn, er Höfðatjörn nefnist.

Bæjarhvammur/Laugarhvammur. Yzt í Austara-Jökulsárgilinu við Ármótin að austanverðu er mikill og víður, hálfhringlaga hvammur, er nær niður fyrir miðju gilhlíðanna. Nálægt miðju er hann skorinn sundur af Grjótárgilinu, og heitir Bæjarhvammur norðan gilsins en Laugarhvammur sunnan þess. Hvammurinn er afar skjólsáll og snýr vel við sól. Hann er mjög vel gróinn, einkum Laugarhvammurinn, sem er innan túngirðingar á Stekkjarflötum og mun vera lítið beittur. Er þar mikið af reyrgesi og öðrum stórvöxnum grastegundum. Mjaðjurt vex þar í gömlum matjurtagarði og rabarbari er enn við lýði í garði í Bæjarhvammi (Sjá Söguminjaskrána). Hlaðnir torfgarðar eru utan um þessa garða, sem hætt var að nota fyrir allmörgum árum. Fyrir neðan hvammana eru áberandi klettabríkur. Sú stærsta er sunnanvert við Laugarhvamminn og heitir Gæsabrék. Er þar jafnan heiðagæsarhreiður. Handan við ána gengur fram brík á móti henni sem mynduð er af sama bergganginum, svo þær mynda eins konar dyr fyrir ána. Svipaðir stallar eru framan í þeim báðum, og líkjast þær því sætum þegar horft er á þær frá hlið. Neðantil í Grjótárgili er mikill berggangur, og kemur hann einnig fram á ármótaeyrinni, neðan við Sporð. Vestanvert við Bæjarhvamminn er sérkennilegur stapi á gilbrúninni neðan við hvamminn, er situr á gjallbergi og virðist eiga stutt eftir.

Fyrir ofan Bæjarhvamm er Bæjarhóll, gróinn melhóll. NV í honum er sumarhús, hið eina á þessu svæði. Vestur og niður frá Bæjarhól eru lægri klettaholts og harðvellismóar er ganga allt að Héraðsvatnagili. (Myndir 20-21).

Stekkjarhvammar eru lautir nokkrar og smáhvammar framan í nefinu vestan við Bæjarhvamm. Er þar viða mjög gróðursælt og dýjaveitur nokkrar. Blágresi og hrútaberjalyng vaxa þar í breiðum og sigurskúfur hittist í klettum.

Stekkurinn, sem gefið hefur hvömmunum nafn, er í klettaskoru yzt á nefinu og var fyrir nokkrum áratugum breytt í trjágarð. Vaxa þar nú vén tré af birki og reyni og gulvíði. Eru birki- og reynitrén orðin um 7-8 m há, enda er þarna afar skjólgott og öll vaxtarskilyrði hentug. Sýnir þessi litli garður hvílikt undraland gljúfrin gætu verið ef beitin væri ekki allsráðandi um gróðurfarið. Fyrir neðan stekkinn eru líka hleðslur og hefur þar líklega verið kartöflugarður. Skordýralíf reyndist mjög auðugt þarna í hvömmunum, einkum við stekkinn.

Grjótárgil er í miðjum "Ármótahvamminum" sem fyrr getur, og stefnir NA-SV. Hefur það sýnilega grafist eftir berggangi, sem víða kemur fram neðantil í gilinu. Annars er gilið dálítið krókótt og víða þróngt í botninn, einna dýpst um miðju þar sem það fer í gegnum hvammshlíðina, og hallar botni þess mikið niður að ánni. Að ofan endar það í dálitlum fossi, suður af bænum Keldulandi. Er þar sérkennileg örmjó steinsúla á gilbarminum að sunnanverðu, er rís eins og "obeliski" upp í loftið. Ofanvert við gilmíðju að norðan fellur Bæjarlækurinn á Keldulandi ofan í gilið og myndar smáfossa. Hefur honum líklega verið veitt þangað með skurði. Gilið er fyrst og fremst merkilegt vegna jarðhitans sem þar er að finna (Keldulandslaug) og kemur upp á um 50 m löngum kafla neðantil í gilinu, aðallega að sunnanverðu. Laugarvatnið hefur myndað einkennilegan hrygg, er gengur skáhallt yfir gilbotninn, og vellur heita vatnið upp úr sprungu efst á honum. Við laugarnar er mikill og fjölbreyttur gróður og auðugt dýralíf. (Sjá nánar í kafla um laugarnar, bls.106).

Ármótin, sérstaklega þó hvammarnir og Grjótárgilið, hafa mikið verndargildi. Ef til virkjunar kemur hjá Villinganesi, mun þetta svæði að mestu hverfa undir stíflulónið, því vatnsborð er áætlað uppi undir brúnum í hvömmunum.


III. JÖKULSÁRGIL VESTARA. (Kort bls. 19. Myndir 24-25 og 27).

Jökulsárgil vestara nær frá ármótunum og upp fyrir bæinn Goðdali í Vesturdal. Eðlilegt er að skipta því í two parta, og eru skiptin um bæinn Hverhóla. Eru gilhlutar þessir harla ólíkir, þar sem neðri hlutinn er klettagil eingöngu, en efri hlutinn að mestu grafinn í laus malarlög (dalfyllingu), og víða með grónum hvömmum.

A. Neðri hluti Jökulsárgils vestara. (27. mynd).

Þessi gilhluti er um 3 km langur í loftlinu, en um 3,5 km með krókum gilsins. Það er allt saman klettagil, grafið í gegnum berghaft í mynni Vesturdals í lok síðasta jökulskeiðs að því er Skúli Víkingsson telur. Það er raunar mjög svipað eftir hluta Héraðsvatnagilsins, enda beint framhald af því og umhverfi giljanna er einnig áþekkt. Dýpt gilsins er víðast um 40-60 m. Það er dýpst um miðjuna, niður frá bænum Tunguhálsi og er eystri barmurinn víðast nokkru hærri en sá vestari, því að gilið hefur grafist upp við brekku- eða hliðarætur hálsins er

Mynd 3



gengur norður úr Hlíðarfjalli, á milli Austurdals og Vesturdals. Breidd gilsins er viðast um 120-150 m að ofan. Berggangar eru mjög áberandi í gilinu og stefna flestir skáhallt miðað við gilstefnuna eða NA-SV, en gilið stefnir hérumbil í S. Eru sumir þeirra allþykkir og sýnilegt að áin hefur átt í erfiðleikum að brjótast í gegnum þá, enda virðast þeir stýra mjög stefnu gilsins, sem fyrir bragðið verður krókótt eða nánast "sikk-sakk" á köflum. Göngunum fylgja oft sprungur og misgengi, sem á hinn bóginn hafa auðveldað gilgröftinn.

Víða eru rauðagjallslög og sandsteinslög á milli berglaganna sem gera gilkinnarnar litskrúðugar, en hvergi eru þessi lög eins þykk og í miðhluta Vatnagilsins. Gróður er yfirleitt fremur lítill í gilinu á þessum parti, enda lítið um hvamma og næsta umhverfi gilsins viðast fremur þurrt svo vatn síast óvíða niður. Á það einkum við vesturbarm gilsins utantil, þar sem Hraunin liggja að gilinu. Þar sem lækir koma niður í gilið er hins vegar oft fallegur gróður. Heldur er fátt um örnefni í þessum gilhluta, enda liggur gilið yfirleitt nokkuð langt frá bæjum og óvíða er gengt í það. (Sjá örnefnakort bls.18).

Hraunin sem svo nefnast, í Tunguhálslandi, liggja að neðanverðu gilinu að vestan. Það eru klettahraukar og melholt, sem jökull hefur skafið að ofan, en á milli eru óreglulegar kvosir og nokkuð reglulegar dældir eða drög, sem sýnast vera gamlir árfarvegir. Stærsta kvosin af því tagi er svonefnt Hraundrag, er liggur í NA frá Tunguhálsi og skáhallt niður að gilinu, fylgir líklega berggangi eða sprungu. Hraunsvæði þetta líkist mjög myndun með sama nafni við Villinganes og er etv. úr sams konar bergi að hluta (þ.e. andesíti), en hvergi er það lag þó þykkt ef dæma má af þverskurðinum í gilinu.

Pallar nefnast áberandi stallar í landslaginu austan gilsins, og sunnan við Vindheimalæk, sem fellur í gilið á móti Tunguhálsbænum. Virðist þar vera um eins konar stallasig að ræða, eða misgengi meðfram göngum.

Laugarhöfði. Nær miðja vega í þessum gilhluta rís áberandi höfði fram við gilið að vestanverðu, og myndar áin hálfhringlaga sveig utan um hann með hornbeygjum við báða enda sveigsins. Hefur hún rekist þarna á berggang mikinn, er nú myndar suðurhlið höfðans að hluta, og er um 10 m þykkur með ANA-stefnu. Að vestan afmarkast höfðinn af mýrasundi er kallast Laugarmýri og Laugalækjargili (ytra), en um það fellur Laugarlækurinn frá Ytri-Tunguhálslaug, sem er efst í gildraginu. Við suðurenda höfðans er önnur laug, Syrði-Tunguhálslaug, skammt frá gilbarminum og rennur þaðan lækjarspræna niður í gegnum skarð í bergganginum áðurnefnda og síðan í gegnum langa skriðu niður í gilið. Smá-laugavætlur eru einnig hér og þar sunnan í bergganginum, niðri í gilinu. (Nánari lýsing í kaflanum um laugar, bls.100). Norðan í Laugarhöfða og í gilsveignum þar á móti að austanverðu, eru áberandi mikil rauðalög á milli berglaganna. (26. mynd).

í króknum sunnan við höfðann mynnir alldjúpt lækjargil við Jökulsárgilið, en það kallast Grafarlækjargil og eftir því fellur samnefndur lækur, sem kemur upp í Grafarmóum, vestur af Laugamýri. Þarna í gilkróknum er gróskumikill gróður, m.a. breiður af ætihvönn sem vex þar í stórgreytisurð, enda gætir þarna jarðhita. Upp frá Laugamýrinni voru áður víðlendar mýrar, sem nú hafa verið ræstar fram og breytt í tún, frá Tunguhálsbæjum. Sjálf Laugamýrin er líklega gamall árfarvegur. Austanvert við Jökulsárgilið er Fálkhóll og Fálkhólmseyri og litlu sunnar Tjarnarhóll og Tjarnardalur, smádrag norður frá hólnum, etv. gamall farvegur.

Gvendarbrunnshvammur. Frá króknum við Grafargil stefnir Jökulsárgilið í SA og er nokkuð beint á um 1 km kafla. Er sá hluti gilsins víða fremur þróngur, með þverhníptum klettaveggjum, en þar fer einnig að gæta malarlaga í brúnunum, sem á stöku stað mynda lausaskriður niður í gilbotn. Rétt fyrir sunnan mynni Grafargils er mikið af berggögum, sem skera gilið og mynda bríkur og stapa, einkum að vestanverðu. Litlu sunnar rís dálítill höfði ágilbarminum, og rétt fyrir sunnan hann fossar nokkuð vatnsmikill lækur ofan í gilið, jaðraður af hvannstóði. Heitir hann Gvendarbrunnslækur og kemur úr uppsprettu skammt frá gilbrúninni, er kallast Gvendarbrunnur. Er uppsprettu þessi nyrst í viðri en fremur grunnri hvilft, sem grafist hefur inn í malarlögin, sem þarna þekja landið, og kallast hún Gvendarbrunnshvammur (eða Gvendarhvammur). Sunnan við lækinn eru nokkrar bríkur í gilinu niður við ána. Austanvert við gilið á þessum slóðum er landið smáhæðótt, og kallast þar Bungur, en vestan við Gvendarbrunnshvamm eru sléttir móar, er kallast Hálsakotsmóar, eftir eyðibýlinu Hálsakoti, en hafa nú verið ræktaðir upp sem tún frá nýbýlinu Hverhólum, sem byggt var á sömu slóðum og Hálsakot.

Langanes/Bakkakotsgjá. Við eyðibýlið Bakkakot myndar Jökulsárgilið krappa beygju eða lykkju til austurs, og stefnir síðan í SV, hornrétt á fyrrri stefnu. Virðist áin vera að krækja þarna fyrir berggang mikinn, með NA-lægri stefnu, er kemur fram á nefinu vestan megin, sem kallast Langanes, en er annars falinn undir malar-skriðum, því malarlög verða ríkjandi um þetta bil í gilinu. Í beinu framhaldi af gilinu sunnan við krókinn, er svo gilskorningur sem kallast Gjá, og gengur hann langt upp í austurbarm gilsins, fast að veginum sem þar er nú. Rakt er í gjánni og töluverður gróður.

Hverhóll eða Stóri-Hverhóll nefnist kletthraukur mikill við gilið, beint niður af bænum Hverhólum. Þar beygir áin áftur í suður, og austan undir honum eru mjög vatnsmiklar og heitar laugar á árbökkunum, beggja megin við ána. Eru þær kenndar við Bakkakot og Hverhóla. Þær virðast koma upp á sprungu, sem skásker gilið. Blómlegur gróður er í brekkunni austan undir Hverholi, nálægt laugunum, breiður af blágresi og hrútaberjalyngi og silfurmuru. (Sjá einnig Laugalýsinguna, bls. 111).

B. Efri hluti Jökulsárgils vestara. (Myndir 24-25).


Syðri mörk þessa gilhluta eru óglögg, þar sem gilið víkkar og grynnist og máist smám saman út þegar kemur inn fyrir Goðdali, en hér verður miðað við Goðdalabru. Þessi hluti gilsins er mjög ólíkur ytra partinum, enda er hann grafinn í laus jarðög, mest megnis ármöl, sem Jökulsá hefur borið fram í ísaldarlokin áður en hún gróf gilið í gegnum berghaftið. Hér eru víðir hvammar að ánni neðantil, svo gilið verður þar allt að 1/2 km á breidd, en dýptin er víðast aðeins um 40-50 m. Áin rennur víða á eyrum í gilinu, nema undan Goðdolum, en þar er á litlum parti grunnt klettagil að ánni, niðri í aðalgilinu.

Bakkakots- og Hverhólahvammar. Fyrir sunnan eyðibýlið Bakkakot er víður hálf-hringlaga hvammur, sem skerst inn í melabakkana. Er hann í þremur stöllum, er nefnast Neðsti- Mið- og Efstihvammur. Sá neðsti er myndaður af núverandi áreyrum, sem eru hér í um 150 m h. y.s. Milli hans og Miðhvamms er um 10 m hár stallur og annar álika hár ofan við. Í Efstahammi hefur nú verið ræktað tún frá nýbýlinu Byrgisskarði. Yzt í Miðhvammi, skammt frá árbakkanum, er gömul grjótrétt, sem nú er notuð til kartöfluræktar, en Bakkakotslaugin er þar skammt fyrir norðan. Núverandi Austurdalsvegur liggur út í gegnum hvammana og tekur langan krök í suður fyrir ofan þá. Uppgrónar eyrar á dálitlu nesi móti Bakkakotshvömmum, vestan ár, kallast Hverhólahvammur. Eru grasi grónar brekkur þar fyrir ofan (vestan), er ná út undir klettinn Stóra-Hverhól, er fyrr var getið. Eru þar nokkrar lindir.

Músanes. Sunnan við hvammana myndar áin stóra lykkju til vesturs og fellur þar alveg upp að snarbröttum gilskriðum, sem kallast Klif. Í lykkjunni að austan er Músanes, sem svo kallast. Er það einnig í þremur stöllum, er liggja þvert yfir það en á þeim er aðeins fárra metra hæðarmunur. Sunnan undir nesinu eru einnig áreyrar í núverandi hæð, lítt grónar. Annars er nesið allt ræktað sem tún. Á eyrunum sunnan við nesið eru efstu mörk hins fyrirhugaða stíflulóns Villinganesvirkjunar, en sjálft nesið mun sleppa að mestu. Ofan við Músanes er snarbrattur stallur um 20-25 m hár, og uppi á honum sléttir mellar og mólendi sem nú hefur verið ræktað, en þar var nýlega byggt nýbýlið Byrgisskarð sem tók við af Bakka-koti og er raunar sama jörðin. Bakkarnir eru bogadregnir og mynda þannig dálít- inn vott að hvammi efst á nesinu. Mun hann vera kallaður Byrgishvammur.

Á móti Músanesi sunnanverðu, handan ár, kallast Kjaraldahvammur í gilinu. Eru brattir bakkar upp af honum, með nokkrum klaufum. Heitir ein þeirra Stekkjarklauf. Við þrengslin niður undan Goðdolum, heitir Goðdalaklif að austanverðu og Goðdalahöfði þar fyrir sunnan, en Sláttuhvammur litlu norðar. Að vestan þekkist örnefnið Lokahvammur, og síðan Brúarhvammur þar sem brúin er nú. Vestur frá gilinu eru viðlendir móar, Goðalamóar, en nær fjallinu sléttar grundir. Á þeim stendur Goð-dalabær og kirkja, og móarnir eru nú að mestu orðnir að túni.

Mynd 4



IV. JÖKULSÁRGIL EYSTRA

Gljúfur eða gil Jökulsár eystri(austari) er um 10 km langt, nær frá ármótum inn undir Skatastaði. Það er eitt dýpst og hrikalegasta árgljúfur á Íslandi og ákaflega fjölbreytt að bergmyndunum, vegna mikils fjölda bergganga, misgengja og halla á berglögum. Einnig eru rauðalög áberandi milli berglaga. Gróður er víða allmikill og ríkulegur í gilinu, einkum innantil, enda er það víða óaðgengilegt fyrir beitarfínað. Nokkur þvergil Jökulsárgilsins eru einnig mjög athyglisverð, sérstaklega Merkigilið. Skipta má Jökulsárgilinu í þrjá hluta, sem hver hefur sín einkenni þ.e. Neðstagilið frá ármótum að Bæjargili við Gilsbakka, Miðgilið þaðan að Merkigilsbænum, og Efstagilið þaðan að Skastöðum.

A. Neðsti hluti Jökulsárgils eystra (Neðstagilið). (Kort bls. 23, myndir 28-35).

Pessi gilhluti nær frá ármótunum við Kelduland upp að bænum Gilsbakka, sem er um 3 km vegalengd. Gilið er dýpst og hrikalegast neðantil í þessum parti, um og yfir 100 m, þar sem áin brýzt fram úr mynni Austurdals. Gilhlíðarnar eru yfirleitt mjög brattar, með klettabeltum eða snarbröttum skriðum og mjög víða skornar sundur af lækjargiljum eða gjám. Gróður er yfirleitt ekki mikill í þessum gilhluta, enda eru gilbarmarnir víðast hvar fremur þurrir og lítið um vatns-siturst niður í gilið. Frá þessu eru þó ýmsar undantekningar.

Gilið við Stekkjarflatir. Fyrir neðan bæinn Stekkjarflatir er Jökulsárgilið stórkostlegast, líkist þar meira þróngum V-laga dal en gili. Dýptin er líklega allt að 110 m ef miðað er við melbrúnirnar að austanverðu og víddin um 300 m að ofan, en sjálfur farvegurinn í botninum er víðast innan við 50 m breiður. Að NA-verðu eru yfirleitt snarbrattar skriður með smáklettum, en að SV er gilið með klettabeltum. Víða eru rauðalög, sem lita skriðurnar. Nokkrir berggangar skera gilið á þessum kafla en eru ekki mjög áberandi. (mynd 28).

Innan við Laugarhvamminn, sem lýst var í sambandi við Ármótin, verður bogalaga sveigur í gilinu til NA. Að norðanverðu í honum er grösugur hjalli, í miðjum gilhlíðum, er kallast Kálfahjalli, með breiðum af blágresi, hrútaberjalyngi o.fl. blómum. Fyrir neðan hann ganga nokkrir stapar fram í gilbotninn, þverhníptir að framan og með smádröngum. Sunnanvert í sveignum eru grónir geirar niður í gegn, og kallast einn þeirra Bæjargeiri. Innan við þennan sveig stefnir gilið á kafla beint í austur, og er þar líklega dýpstí hluti þess. Eru þar skriður niður í gilbotn að norðanverðu, en gróðurþorfur nokkrar efst í skriðunum, niður af Stekkjarflatabæ, eru kallaðar Bæjartorfur. Gætir þar ræktunaráhrifa frá túninu, sem liggur þarna alveg fram á gilbarminn. Gerðisklauf nefnist skora í gilbarminn, niður af Gerðinu, sunnan við Stekkjarflatir. Handan árinnar eru fá örnefni þekkt, en þó má nefna Nónstein, sem er á brúninni SV frá Stekkjarflatabænum.

Stekkjarflatamelar. Við bæinn Stekkjarflatir eru áberandi melhólar skammt frá gilbarminum. Stærsti melurinn er aflangur hryggur með stefnu NV/SA og um 10 m háð miðað við umhverfið. Við báða enda hans eru hólkollar í sömu stefnu, og heima við bæinn er einnig lágur melhryggur, sem nú er orðinn að túni og bæjarhúsin standa á að hluta til. Í öllum þessum melum virðist vera jökulruðningur, allmjög leirblandaður (botnurð). Á milli hórlananna er lægð í gegnum túnið, sem gæti verið gamall farvegur. Melarnir tengjast jökulruðningi af sama tagi í Reitunum og rætt er um hér á eftir. (mynd 29).

Reitar. Svæðið milli Stekkjarflata og Gilsbakka (Gerðisgils og Bæjargils) er kallað einu nafni Reitar. Það sker sig mjög úr öðru landi við Jökulsár- og Héraðs-vatnagilin, vegna þess að hlíðin er þarna þakin margra metra þykkum jökulruðningi svo hvergi sér í fast berg nema í giljum og á börmum þeirra, en landið er allt skorið sundur af giljum, sem ganga þvertá Jökulsárgilið. Í sumum giljunum eru lækir, en í öðrum aðeins dýjavætlur eða myrasund. Á rindunum milli giljanna er þurrt mólendi en melhryggir og kollar viða berir, með strjálum melagróðri. Landslag er fjölbreytt í Reitunum, og viða gróðursælir og skjólgóðir bollar. Í lágunum milli rindanna var áður fyrr tölverður engjaheyskapur. Jarðmyndun samsvarandi Reitunum er helzt að finna í Goðalafjalli í Vesturdal, en annars eru slikar myndanir fágætar á Norðurlandi. Verður nú lýst nánar helztu giljunum í Reitum og umhverfi þeirra.

Gerðisgil er rétt fyrir sunnan Gerðið á Stekkjarflötum (Sjá Söguminjaskrána), og fellur eftir því lækur ofan úr fjalli, Gerðislákur. Það er ekki djúpt nema allra neðst og viðast allvel gróið. Við mynni þess að sunnan er Einstigshöfði (eða Stekkjarhöfði), að nokkru fráskilinn gilbarminum af gjám, er ganga inn í hann. Upp með gilinu að austan (ofan vegar) heitir Stekkjarreitur. Eru þar stekkjartættur og aðrar neðan við svonefndan Breiðamel, sem vegurinn liggur yfir austan við Stekkjarreitinn. Innan við Breiðamel eru engjastykki, sem kallast Grundir, og upp af þeim melranar, Grundarhausar. Eru þarna viða lindir, einkum við Væthól sem er sunnan og neðan við Hausana. Renna þaðan lækjarsprænur niður í Jökulsárgilið um svonefnd Krossgil. Á móti Væthól og Krossgiljum er stallur ofarlega í Jökulsárgilinu, að sunnan(vestan)-verðu, gegnskorinn af gjám en allvel gróinn og kallast Fjárbæli (Leifar af eldra og grynnra gili).

Stórhóll og umhverfi. Fyrir innan Grundarhausa er stór og áberandi melhryggur, er Stórhóll nefnist. Tekur vegurinn krappa beygju upp í brekkuna til að komast upp fyrir hann og gilið austan við hann, sem nefnist Stórhólsgil og er alldjúpt neðantil (neðan vegar). Þar sem melhryggurinn kemur fram á barm Jökulsárgilsins heitir Stórhólsnef. Gengur það nokkuð fram í gilið. Nokkuð innan við Stórhólsgil

er löng og djúp lág, er nefnist Stórhólshvilft og melhryggur austan við hana kallast Brattivangi, en upp á hann liggur vegurinn í sneiðingi.

Krókdalir heita gildrög og lágar er liggja upp frá Fjárbælinu fyrrnefnda að sunnanverðu við Jökulsárgilið (í löndum Bússtaða og Bakkakots). Aðallágarnar eru þrjár, Syðri, Mið- og Ytri-Krókdalur, en á milli þeirra eru melhryggir með jökulurðarefni. Er þetta mjög samsvarandi land og í Reitunum handan Jökulsárgilsins, en nær yfir miklu minna svæði. Ofantil í lágunum koma upp margar lindir og renna þaðan smálækir niður í gilið. Eru þarna myrlend engjastykki.

Strangilækur verður til af uppsprettum í svon. Dýjahlíð og fellur niður samnefnda lág (Strangalækjarlág), og ofan í Jökulsárgilið í mörgum smáfossum og flúðum syðst í sveignum á móti Langadalshöfða. Er lækur þessi jafnan nokkuð vatnsmikill og jafn allt árið. Innst í sveignum eru bergbríkur miklar í Jökulsárgilinu, enda er þarna mikið gangakraðak. Mynda sumar bríkurnar hlið niður við árfarveginn.

Langadalshöfði og Langidalur. Ofan eða innan við Stórhólsnef sveigir Jökulsárgilið í NA, fyrir myndarlegan höfða á SV-barminum, er kallast Langadalshöfði, en á bak við hann er grunnt drag (farvegur) og í því miðju Langadalsgrund. Höfðinn er mjög vaxinn grámosa og fléttum í kollinn og sýnist því grár tilsýndar. Upp frá honum gengur gil eitt mikið skáhallt upp í hlíðina til suðurs, og heitir það Langidalur. Er það allt að 20 m djúpt á kafla neðantil, krókótt nokkuð, en víðast með sléttum grasi vöxnum botni, og kinnar þess eru einnig vel grónar. Er gilið sýnilega forn jökulvatnsfarvegur, sem líklega hefur grafist að hluta undir jökuljaðrinum. Tengist hann fleiri slíkum farvegum innar og ofar í hlíðinni. Skammt fyrir sunnan efri enda hans er djúp sporöskjulaga kvos, er nefnist Ketill og lokast að hluta af klettahrauk að framan (NA). Er hún fast við veginn. Um 1/2 km sunnar byrjar svo annar mikill dalur eða gilfarvegur, er kallast Brúnkolludalur (Krossdalur, austan ár). Er hann mjög samsvarandi Langadal að lengd og dýpt, en þvergil eða skarð, Stóraskarð kallað, gengur út úr honum miðjum til austurs. Neðan við mynni hans eru malarhólar, sem virðast vera framburður úr honum. Giljakerfi þetta er hið merkasta á sína vísu og ber að vernda það eftir föngum.

Byggerði og nágrenni. Innan við Strangalæk gengur fram dálítið breitt nes eða höfði og sveigir gilið þar í SV. Á þessum höfða miðjum er eyðibýlið Byggerði, þar sem nú eru beitarhús frá Stekkjarflötum. Er þar og dálítið tún, nýrækt að hluta (Sjá Söguminjaskrána). Er þarna víðsýnt og fallegt bæjarstæði. Lindarlækur fellur niður í gegnum túnið, Byggerðislækur (Byggerðisskurður), og framan í höfðanum að vestan kallast Byggerðishvammar, sem þó eru aðeins stallar og geirar. Á því bili eru þrjár bergbríkur, sem skera gilkinnina niður í gegn með örstuttu millibili og skaga nokkuð fram úr henni, og mynda dranga, en á móti eru bríkur að sunnan(vestan)verðu í gilinu. Eru líkur til að þetta sé sama gangabyrpingleið og fram kemur uppi í Mosgili og síðar verður getið. (mynd 34).

Upp af Bygggerði gengur langur flatvaxinn melhryggur, Hvilftarhryggur, kenndur við engjalág þar austan við, er nefnist Mosgilshvilft. Vestan við hrygginn er Bygggeröislág og síðan Sláttulág, en á milli þeirra Hvilftarholt. Ofan við lágarnar kallast Skurðsbakkar, og þar fyrir ofan er Dýjahlíð, er fyrr var nefnd.


Mosgil og nágrenni. Mosgil er stærsta þvergilið á þessum slóðum og um það eru landamerki Gilsbakka og Stekkjarflata. Gilið nær upp í háfjallið og klofnar þar í tvö aðalgil, sem bæði eru djúp og hrikaleg. Þar sem vegurinn liggur yfir gilið virðist það að mestu vera skorið í laus jarðög, en niður við ána er það klettagil, mjög krókótt, enda skorið af mörgum berggöngum. Eru þar smáfossar og flúðir. Þar er grösugur og skjólsáll hvammur, Skjólhvammur, norðanvert við gilsmynnið, líklega gamall gilbotn en þar vex blágresi og fleiri blóm. Sunnanvert við gilsmynnið heitir Kró, og gengur þar fram klettabrík er nefnist Króarnef. (Þar hafa nýlega fundist tættur af lítilli rétt eða stekk). Pessi neðsti hluti gilsins er býsna fjölbreyttur að bergbyggingu m.a. koma þar fram lagskipt sandlög milli berglaganna. Skammt fyrir ofan veginn er einnig klettagil með nokkrum fossum. Verða brátt í því þrengsli, afar sérkennileg eins og Z í laginu, séð ofan frá. Rennur áin þar í mjóum stokki á milli bergganga sem mætast þarna með nærrí hornrétti stefnu. Stærsti gangurinn liggur samsíða gilinu. Er hann mjög fallega þverstuðlaður og allt að 5 m breiður. Ofar í gilinu virðist hann hallast nokkuð, og myndar þar eins konar burstir í gilkinninni að sunnanverðu. Einig er þarna í gilinu sérkennilegur steinhattur með sveplagi. Burnirót vex í klettunum.

Bæjargil. Skammt fyrir innan Mosgil er annað mikið gil, er nefnist Bæjargil, eftir bænum Gilsbakka, sem stendur á syðri bakka þess. Sýnist það að mestu vera grafið í laus jarðög, nema neðst en þar er það krókótt klettagil, ekki ósvipað neðsta hluta Mosgils, með fossum og flúðum. Þar hafa fundist nokkrar mjög skýrar holur eftir trjáboli, eins og víðar á þessum slóðum. Smágil næst Mosgili að norðan kallast Litlagil, og Lágimelur er nokkru utar og neðar (neðan vegar). Ofar eru raklend höll á milli giljanna er kallast Mýrastallur og Mýrabrekkur.

Milli Mosgils og Bæjargils myndar Jökulsárgilið beygju í austur (NA) og er þar langur hylur í ánni, er kallast Bakkahylur. Þar leggur ána oftast fyrr en annars staðar, og þar var því oft farið yfir hana á vetrum. Höfðinn sem er þarna að vestan við gilið, kallast Bakkahylshöfði (eða Nýjastekkshöfði). Framan í honum er oft heiðagæsaheiðiður. Ofan við höfðann kallast Húsmýri, og kemur þar niður lækur er kallast Hólalækur, ofan úr Brúnkolludal, er fyrr var getið.

Svonefndur Nýi-Stekkur frá Bústöðum var þarna skammt sunnan við Höfðann, en þar hafa á seinni árum verið fjárhús.

Mynd 5



B. Miðhluti Jökulsárgils eystra. (Kort bls. 28. Myndir 39-47).

Miðhlutinn af Jökulsárgili er hér talinn hefjast við Bæjargilið á Gilsbakka og enda á móts við Merkigilsbæinn. Er það um 3 km vegalengd. Þessi hluti gilsins er af svipaðri vídd og dýpt og efri hluti neðsta gilsins, sem um var fjallað hér að framan, dýptin er víðast um 60-70 m. Svipur þessa gilhluta er samt nokkuð frábrugðinn neðsta partinum, þannig að hér er meira um klettabelti í gilvöngunum, en skriður fátíðar, nema í gjám og niður við árfarveginn. Gangar eru hér enn meira áberandi í bergenú, og stefna sumir langs eftir gilinu, brotalínur og jarðlagahalli er einnig mjög áberandi á þessu svæði. (Sbr. gangakortið, bls. 47)

Gróður er einnig að jafnaði meiri í miðhlutanum en í neðsta gilinu, og þar fer fyrst að gæta kjarrgróðurs, sem síðan verður ríkjandi í efsta hluta gilsins. Ástæðan fyrir því að gilið er hér betur gróið er líklega einkum sú að í miðhluta gilsins ná mýrar víða fram á gilbarmana og væta gilkinnarnar, einkum í gjánum, en þar eru víða grasgeirar niður í gilbotn. Þar sem bær standa nálægt gilbarmi gætir og líklega einhverra ræktunaráhrifa (frá áburði o.fl.). Loks er gilið hér óaðgengilegra fyrir skepnur og margir staðir sjálffriðaðir fyrir beit. Annars er gróðurinn mjög mismunandi sitt hvoru megin í gilinu, enda snýr NA-hliðin mjög vel við sól, en SV-hliðin er nánast í eilífum skugga. Sólarmegin er því mun meira um gras og blómskrúð. Einir, sortulyng, og birki vaxa nær eingöngu sólarmegin. Skuggamegin er meira um mosa og skuggasæknar jurtir, svo sem ólafssúru, skriðnablóm og steinbrjóta. Hvannstóð eru og tíðari skuggamegin.

Bæjarhöfði og nágrenni. Fyrir neðan bæinn Gilsbakka myndar Jökulsárgilið sveig til SV utanum breiðan höfða en á honum er gamla túnið á Gilsbakka. Dálitið stykki fremst á höfðanum er fráskilið af svonefndri Pverklauf, er virðist vera gamall vatnsfarvegur. Stykki þetta kallast Bæjarhöfði og ber aðeins hærra en umhverfið. Það var girt af til skógræktar um 1940 og vaxa þar nú nokkur stæðileg birkitré og barrtré. Norðan við Bæjarhöfða er Bæjarklauf í gilinu, grasi gróin brekka niður að ánni, þar sem auðvelt er að fara niður í gilið. Litlu norðar er Yzta-klauf. Í klettunum milli klaufanna hefur Hjörleifur á Gilsbakka fundið trjáholur. Fram úr Bæjarhöfðanum gengur mikill berggangur skáhallt á gilið (stefna í A-V) og myndar stórar bríkur sem ná fram í ána að austanverðu en á móti að vestan er tvítypptur drangur upp úr honum. Myndast þarna eins og hlið að ánni (Sbr. Gæsa-brík við Stekkjarflatir). Yfir bríkina verður ekki komist neðan við höfðann. Sunnan við bríkina er gróin brekka er kallast Lambhagi, skreytt blágresi o.fl. blómum. Um 100-150 m sunnar er önnur grasbrekka í gilinu, einnig blómskrýdd, sem kallast Dauðageiri. Þar hefur Hjörleifur gróðursett nokkur barrtré (um 1950), en ekki er á allra færi að komast þangað, sbr. nafnið. Rétt fyrir norðan Dauða-

geira var klettahaus er nefndist Tröll eða Tröllshaus, en hann hrundi um 1950. Þar fyrir neðan er Tröllshylur í ánni. Skammt fyrir sunnan Dauðageira er þróng skora með hvannstóði, er nefnist Votaklauf, en þar fyrir sunnan er mikið kerfi af berggögum, sem skáskera gilið og mynda fallegar bríkur. Er þá komið að þvergili er heitir Stekkjargil er verður síðar getið.

Vestanmegin í gilinu á móti Gilsbakka er fátt um nafngreinda staði. Melkollur á gilbarminum andspænis Dauðageira er kallaður Smalasæti. Nálægt Tröllshyl er sérkennilegur klettahaus á rana í gilinu og gæsaþreiður("Haushreiður") ofan á honum. Skammt þar frá vex eyrrarrós í breiðum í skriðum og klettum uppi undir brún, og breiða af eini er þar á klettanefi. (Mynd 42).

Reitur. (Stekkjargil/Strangalækjargil). Þessi hluti Jökulsárgilsins einkennist öðru fremur af berggangi miklum eða gangakerfi, sem liggur langs eftir gilinu, í NV-SA stefnu og þvert á flesta aðra ganga á þessum slóðum. Gangurinn kemur fyrst fram rétt norðan við Stekkjargilsmynnið og fylgir austurhlið gilsins þar suður frá. Myndar hann nokkrar fremur þunnar en áberandi bríkur og dranga þarna í gilkinninni. Suður undir Strangalækjargili fer hann svo yfir ána og myndar þar að vestanverðu mjög áberandi stapa, sem er jafnhár gilbarminum, með flötum grámosagrónum kolli. Hefur Hjörleifur nefnt hann Stórabrík. Samhliða henni eru fleiri bríkur en lægri. Er þarna jafnan heiðargæsaþreiður. (Mynd 44).

Stekkjargilið er fremur grunnt, nema allra neðst, þar sem það myndar gjá sem auðvelt er að komast niður. Skammt fyrir sunnan hana er breið skriða niðri í gilinu, allvel gróin, með breiðum af blágresi og fleiri blómum. Heitir hún Breiðageiri. Er velengt í hana úr Stekkjargilinu. Þar fyrir sunnan eru nokkrar birki- og loðvíðihríslur á stöllum í gilinu. Sortulyng þekur syllurnar á nokkrum stöðum og einir vex þarna hérlend og þar í torfum. Voru fyrrum sótt einiber í þessar syllur, sbr. örnefnið Einiberjageiri, sem þekkist á þessum slóðum.

Nálægt miðjum Reitnum gengur Víðagjá upp í gegnum klettana en beggja megin við hana eru tindóttar bergbríkur af ganginum langa, er fyrr var nefndur. Hefur Hjörleifur nefnt stærsta dranginn Píramíða, og er þar oft heiðagæsarhreiður.

Þar fyrir sunnan kallast Bekkir á gilbarminum, en niðri í gilinu kallast Skógur, þótt nú séu þar ekki nema nokkrar stakar hríslur. Kjarrhveiti vex þarna á nokkrum stöðum í Breiðageira og nágrenni hans. Suður undir Strangalækjargili er fallegur höfði á gilbarminum, bogadreginn að framan, með áberandi rauðalögum á milli berglaganna ("Fosshöfði"). Uppi á honum var fyrrum stekkur frá Gilsbakka, sem nú er kominn undir tún. Ofan vegar eru margar samhliða lágar þar sem heyjað var fyrrum, og hafa þær ýmis nöfn, en ofan við þær kallast Stallar.

Vestan við Jökulsárgilið voru fyrrum miklar mýrar, sem nú hefur verið breytt í tún frá Bústöðum. Þar var Gamli-Stekkur skammt frá brúninni, og við hann er

kenndur Stekkjarhóll, sem nú er í miðju túni, en utar eru Miðhóll og Yztihóll. Strangilækur kemur í allmiklu gili langt ofan úr fjallinu og er nokkuð vatnsmikill. Þar sem hann fellur niður í Jökulsárgilið myndar hann um 20-30 m háan og afar fallegan foss, er fellur í einni bunu niður í hringlaga byrgi, þar sem bergveggirnir eru skreyttir rauðalögum og þunnum berggöngum sem skera löginn niður í gegn, en neðan við fossinn er stórgrýtisurð. Minnir fossinn furðu mikið á hinn nafntogaða Hengifoss í Fljótsdal, þótt nokkuð sé hann lægri og vatnsminni.

Landsendi kallast svæðið milli Strangalækjargils og Merkigils. Gilið myndar þar dálítinn sveig til austurs. Eru þar regluleg klettabelti með rauðalögum á milli, og nokkrir gangar skera gilið og mynda áberandi bríkur eða hlið. Ofan við Landsendann gengur gildrag eitt mikið, skáhallað frá Strangalækjargili inn og upp að brún Merkigilsins. Kallast það Fagridalur. Botn þess er víðast vel gróinn og myrlendur ofantil. Hann tengist þvergili er kallast Brúnsskurður og gengur fram á brún Merkigilsins neðantil, og rennur þar lækjarspræna ofan í gilið.

Hér er eflaust um að ræða gamla farvegi Merkigilsár, sem grafist hafa áður en hið mikla gil myndaðist.


Bústaðahöfði, oftast nefndur bara Höfði, gengur fram á móti Landsandanum, Bústaða megin. Nokkru sunnar gengur fram annar höfði, er kallast Horn, en á milli þeirra er gil eða gjá sem Bæjarlækurinn á Bústöðum fellur ofan í og myndar þar nokkra snotra fossa. Er gildrag þetta einnig vel gróið, með stórvaxinni hvönn. Upp með bæjarlæknum, sitt hvoru megin, er gamla Bústaðatúnið.

Merkigil, gengur hornrétt á Jökulsárgilið á móti Bústöðum. Það er eitt stórhrika-legasta árgljúfur hérlendis enda frægt í sögum, ekki sízt fyrir það hve erfitt það er yfirferðar. Hjörleifur Kristinsson á Gilsbakka hefur ritað mjög greinar-góða lýsingu á Merkigili í Skagfirðingabók, 4.árg. 1969, og vísast hér til hennar um frekari upplýsingar varðandi gilið, sérstaklega um leiðir yfir það og ýmsa sögulega atburði sem því eru tengdir. Þar er einnig listi yfir háplöntur sem fundist hafa í gilinu. Merkigil er um 1 km á lengd, en raunar eru óskýr mörk milli þess og dalsins fyrir innan, sem kallast Merki- eða Bakkadalur. Neðri hlutinn (um 0,8 km) er nærrí þráðbeinn V-laga dalur, sem er meira en 100 m djúpur ofantil og 200 m breiður milli brúna, en grynnri og mjórri neðst þar sem hann mætir Jökulsárgilinu. Virðist þessi hluti gilsins hafa grafist eftir göngum eða misgengjum, sem liggja samsíða því, sem koma m.a. fram á rananum sunnanvert við gilsmynnið, sem kallast Einstigur. Lækjargilið á Bústöðum er og beint framhald af Merkigilinu. Að ofan endar þessi gilpartur í viðri gjá, sem áin brýzt inn í frá hlið, úr efri hluta gilsins sem er styttri og dýpri (allt að 120 m) og með sömu stefnu eins og neðri hlutinn, og endar við melhrygg einn mikinn, er kallast Vegarmelur, en um hann liggur "vegurinn" yfir gilið í mörgum krókum beggja megin.

Þar sem Merkigilið mætir Jökulsárgili myndar það krappa beygju. Gengur þar fram í það klettarani frá suðurbarmínunum, er kallast Einstigur. Að ofan er hann mjór hryggur sem þó er nokkuð gróinn, og grasbrekka gengur niður af honum við ármótin. Norðanvert við ármótin er einnig grasbrekka, sem nær langleiðina upp undir brún, og kallast Einstigsgeiri. Þar hefur Hjörleifur gróðursett fáein tré. Eins og nöfnin benda til var þarna gönguleið (einstigi) yfir gilið, en hún hefur nú spillst vegna hruns úr hrygnum að sunnanverðu. Ofar í gilinu eru gróðurlitlar skriður og klettabelti að norðanverðu, en suðurhliðin er víðast betur gróin. Þar eru einnig dálitlir hvammar í brúninni, sem eru vaxnir grasi og lyngi, en á milli þeirra er hólkollur, er kallast Tjaldhóll. Er hann úr jökulruðningi og kemur hann víðar fram á suðurbarmínunum. Ofan við Tjaldhól var einnig gönguleið yfir gilið, er kölluð var Miðstigur. Þar er gilið orðið mjög djúpt og hrikalegt. Við efri enda aðalgilsins (neðra gilskankans) er Stigasel. Eins og nafnið bendir til hefur það upphaflega verið sel (frá Keldulandi) og síðar var þar ábúð annað veifið, en nú eru þar beitarhús frá Gilsbakka. (Sjá Söguminjaskrána) Merkigilsvegurinn liggur upp með gilinu að norðan, framhjá Stigasel og niður í gilið um Vegamel, sem er melhryggur er gengur fram í gilið norðan frá, um það bil sem það endar og dalurinn tekur við. Liggur vegurinn þar um leirbornar skriður og eru viða bleytur og svellhætta á vetrum. Trébrú með grjóthlöðnum stöplum er þarna á ánni niðri í gilbotninum. Að sunnanverðu liggur slóðin í mörgum smákrókum upp úr gilinu, fyrst á milli klettanefja, og síðan um skriður. Eru þar hlaðnir grjótkantar að veginum á nokkrum stöðum. Vegur þessi á að heita hestfær og um hann fór fram allir aðdrættir að bænum Merkigili og reyndar fleiri bæjum, áður en brú kom á Jökulsá við Skuggabjörg. (Myndir 51-54).

Stekkjarbarmar, nefnast barmar Jökulsárgilsins að austanverðu, sunnan Merkigils, en þar er gilið nokkuð beint á um 1/2 km kafla. Rétt fyrir sunnan Einstiga er klettabrék í gilinu að austanverðu, og sitt hvoru megin við hana snagar með birki-kjarri, einitorfum o.fl. Á móti þessum "Kjarrklofa" er Bæjarhvammur að vestanverðu í gilinu, og sunnan við hann stykki sem kallast Skógur, þótt þar séu nú varla nokkrar kjarrleifar lengur. Ofan við Stekkjarbarma eru mýrarsund og mó-lendi á milli, og er þar fátt um kennileiti. Syðst í Stekkjarbörmum er Stekkjarhvammur, dálítið grunnt gildrag ágilbarminum, með grónum botni. Eru þar stekkjartættur upp við klettavegg. Þar fyrir ofan heita Stekkjarsund. Nokkrir berggangar þverskera gilið skammt fyrir norðan Stekkjarhvamm, og einn sker gilið með mjög skáhallri stefnu.

Byrgishöfði gengur fram í gilið frá vesturbarminum og myndar gilið sveig utan um hann. Suðaustan í honum er grasbrekka niður undir ána, er kallast Byrgisgeiri en hún er álagblettur (Sjá Söguminjaskrána). Í sveignum á móti Byrgishöfða er



stallur eða sylla í gilinu að austanverðu, vaxin birkikjarri og loðvíðrunnum. Munu hæstu hríslurnar vera um 3 m og flestar margstofna. Blágresi og hrútaberjalyng vaxa innan um kjarrið (syllan er etv. kölluð Hrútaberjahvammur). Nokkrar stakar birki- og loðvíðihríslur eru þarna víðar í sveignum. Rétt fyrir norðan kjarrtorfuna gengur gjá mikil niður í gegnum klettana og koma fram lindir ofantil í henni. Er þar fallegur gróður, og á rinda niður undir ánni er myndarleg einstofna birkihrísla. Einir og sortulyng vaxa þarna víða á syllum. Einnig varð vart við smyrilhjón á þessum slóðum í gilinu.

Bekkir nefnast gilbarmarnir frá umræddum sveig og suður að Merkigilsbænum. Þar er gilið aftur beint og fremur tilbreytingarlítið. Þó eru þar nokkrir berggangar, sem þverskera gilið og mynda áberandi bríkur. Er sú stærsta þeirra skammt fyrir sunnan Byrgishöfða, og verður þar þróngt hlið fyrir ána í gilbotninum. Ein kjarrflaga er skammt fyrir innan þetta hlið í skriðugeira að austanverðu, nærrri niður undir ánni, og munu hríslur þar vera allt að mannhæð.

Gilið hefur grynnst smám saman upp að Merkigilsbænum, og er þar varla meira en um 50 m djúpt. Nokkuð fyrir utan bæinn fer að gæta malarlaga á austurbarmínunum, sem verða brátt að nokkuð reglulegum hjöllum (bekkjum), sem eru ávalir og vel grónir. Fyrir neðan bæinn er mikill gróður í gilinu að austanverðu, einkum graslendi, og smá-kjarrtorfur finnast þar á stangli. Gætir þar einhverra áhrifa frá ræktun við bæinn, enda nær túnið þar fram á gilbarmana.

Á móti Merkigili að vestan kallast Höfðar, en Merkigilsgrund er að baki þeim. Litlu sunnar kemur lækjarspræna niður úr svonefndu Nóngili. Hækkar þar gilbarmurinn og nefnist Klif, þar sem vegurinn liggur upp fyrir sveiginn.

C. Jökulsárgil eystra, sunnan Merkigilsbæjar. (Kort bls.33. Myndir 55-58).

Pessi hluti Jökulsárgilsins er frábrugðinn hinum hlutunum að því leyti, að sjálft klettagilið er hér þrengra og grynnra og víðast hvar allvel gróið, jafnvel með skógargróðri. Ofan við klettagilið er svo yfirleitt víðara gil (eldri gilbotn), sem grafist hefur í malarlögin, sem fyllt hafa upp dalkvosina, sbr. Vesturdal. Sjást malarbakkar þessir best að austanverðu við gilið þar til kemur upp undir Jökulsárbrú, en þaðan eru þeir meira áberandi að vestanverðu þar til gilið dagar uppi við Skatastaði. Á móti Skatastöðum eru svo skriðubakkar miklir, sem stafa af framhlaupi úr austurhlíðinni.

Húsahöfði heitir breiður og fremur lágor höfði að vestanverðu, er myndar sveig á gilið til NA rétt sunnan við túnið á Merkigili. Ofan við höfðann sunnantil eru húsatættur, sem sagt er að séu af eyðibýli að nafni Brekukot (Sjá Söguminjaskrána). Skammt þar fyrir innan fellur Húsalækur (eða Brekkukotslækur) niður í gilið.

Inni í sveignum að austanverðu er falleg skógartorfa á stalli í gilinu, með allt að 4-5 m háum birkitrjám og víðar í sveignum eru stakar hríslur og runnar. Blómgresi er yfirleitt í skógartorfum þessum. Viða eru dý í brúnunum og hvannstóð þar niður undan. Stekkjargil opnast innst í sveignum, en það er rétt fyrir sunnan túnið á Merkigili. Þar var Leitisstekkur, sem talinn er vera gamalt býli. Skógarstallurinn hefur etv. verið kallaður Stekkjarchvammur. Á nöfnni sunnan við sveiginn er Dýramelur, en ofar Stekkjarskriðugrund og Stekkjarskriða, sem virðist vera dálitið framhlaup eða jarðsig. Liggur vegurinn rétt fyrir neðan skriðuna.

Stapi/Steinbogi. Nokkurn spöl sunnan við Húsalækinn áðurnefnda er áberandi klettur ágilbarminum að vestan, sem kallast Stapi, en bak við hann er gróið gildrag er nefnist Stapahvammur, gamall árfarvegur. Stapinn er kunnur huldufólksbústaður og þau álög eru á hvamminum að ekki megi slá hann eða nýta á annan hátt. (Sbr. söguminjaskrána). Stapinn er með klettum umhverfis nema að sunnan og nokkuð gróinn að ofan. Skammt fyrir sunnan Stapanum, eða um miðja vega milli hans og Einirlækja, eru þrengsli við ána, mynduð af berggangi. Heitir þar Steinbogi. "Par var fyrrum steinbogi yfir ána, en nú eru þar aðeins sex álnir yfir hana þegar hún er vatnslítil sem hún getur minnst orðið. Nú er þar oft seilað (líklega hey)" segir í Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar.

"Steinbogafir" (Stekkjarchvammur?). Á móti Stapanum og utan við hann er smásveigur í gilinu að austanverðu. Ganga þar fram klettanef en skógi vaxnar syllur og stallar á milli. Hef ég kallað þennan stað Steinbogafir því ekki er vitað um fast nafn á honum (Elín frá Merkigili telur að hann hafi verið nefndur Stekkjarhvammur). Skógurinn nær alveg upp ágilbarminn þarna og myndar þar vel markaðan jaðar, sem varla sést annarsstaðar við gilið. Skýringin er líklega sú, að þarna var um tíma mæðiveikivarnagirðing, og var gilbarmurinn þá friðaður fyrir beit í nokkra áratugi. Nú er sú girðing aflögð, og hafa efstu hríslurnar líka orðið fyrir skemmdum. Trén í þessum stöllum eru allt að 6-7 m há og með 15-20 cm stofnþvermáli neðst. Eru sum þeirra furðu beinvaxin, með ljósum berki, stóru laufi og 1-2 aðalstofnum. Sýnir það að þarna hafa varðveiszt leifar hinna upprunalegu skagfirsku skóga sem hafa ekki úrkynjast. Eru þetta einu skógarleifarnar í Innheradóinu, ef frá er talið kjarr nokkurt í Fögruhlíð, langt inni í Austurdal. Loðvíðir er þarna einnig töluvert áberandi á klettasyllum. Stórvaxin hvönn er viða innanum skógin, blágresi, sóleyjar, hrútaberjalyng, mariustakkur, lindadúnurt o.fl., einnig bláberjalyng og sortulyng. Alls fundust 53 tegundir háplantna í skógartorfum þessum og 34 tegundir af mosum. Af skordýrum fundust 25 tegundir. Skógarstallar þessir eru einn fugursti staðurinn í öllum giljunum og er sýnilegt að huldufólk kann að velja sér útsýnið. Nokkurn spöl frágilbarminum eru grónir hjallar, sléttir að ofan, og viða skjólsælir hvammar þar neðan undir. Halda hjallarnir áfram langt inn með gilinu að austanverðu. (Myndir 55-58).

Væthúsahvammar/ Einirlækir. Skammt fyrir sunnan Stapa falla tveir lækir niður úr hlíðinni vestan Jökulsár, og sameinast skammt frá gilbarminum. Þeir heita Einirlækir (Ytri- og Syðri-Einirlækur). Þeir koma ofan af fjallinu, af svonefndum Álfatamýrum. Þar sem þeir koma saman mynda þeir dálítið gil með smáfossum. Rétt fyrir sunnan þetta gil, og neðan við hjalla þann sem vegurinn liggur um, eru rústir af fornu eyðibýli, er kennt var við lækina og nefnt Einirlækur eða Einirlækir. (Sbr. söguminjaskrána). Suður frá Einirlækjum kallast Höfðar á gilbarminum, og risa þeir á 2-3 stöðum nokkuð yfir næsta umhverfi sitt, svo smálægð, líklega gamall árfarvegur, verður að baki þeim, en ármegin í þeim eru klettar og skriður. Reyrstallar heita hjallar fyrir ofan Höfðana, og liggur vegurinn um þá.

Nær beint á móti Einirlækjum, austan ár, voru Væthús, beitarhús frá Merkigili, og talið gamalt býli, enda er þar túngarður utan um rústirnar, sem enn sést. Eru minjar þessar fast fyrir neðan veginn, sem beygir þarna dálítið upp á við. Í gilinu fyrir neðan Væthús eru Væthúsahvammar. Eru þar háir en vel grónir malarhjallar, skammt frá barmi klettagilsins, sem hér er orðið grunnt eða um 20-30 m. Er víða nokkur kjarrgróður í hvömmum þessum, einkum syðst og neðst, í klettagilinu, en þar heitir Sauðabæli beggja megin árinnar.

Selgil/Fjósalækjargil. Sunnan við Sauðabælið tekur áin dálítinn sveig til vesturs, og verður þá að austanverðu allbreitt undirlendi eða nes með grundum upp við fjallsbrekkurnar og mýrarhöllum neðar en lágir malarhjallar á milli. Heita þar Selgilsgrundir norðan til en Fjósalækjargrundir sunnan til, eftir samnefndum lækjum eða giljum. Sagnir eru um að býli að nafni Fjósar hafi staðið við Fjósalækinn og telja sumir að þar hafi sést tættur til skamms tíma upp við fjallið, en hlaup í læknum hafa smám saman eytt þeim minjum. (Sbr. Söguminjaskrána).

Neðan við Fjósalækjargrund er Fjósalækjarfit, norðan lækjarins og niður við gilið. Heitir þar einnig Björnshorn og Björnshvammur við gilið. Á þessum slóðum er allmikill kjarrgróður í gilinu, með birki og víðitegundum. Nær kjarrið sumsstaðar upp á gilbarminn. Yfirleitt er þarna ríkulegur gróður í gilinu, einkum að austan. Að vestanverðu við gilið, á móti áðurnefndum grundum, eru gilskorningar og melhryggir á milli, og kallast sá partur Grófnar (Grófirnar).

Skuggabjörg. Sunnan við Fjósalæk beygir áin í SA og myndast þá nes að vestanverðu, er kallast Skuggabjarganes. Upp af því, á hlíðarstalli einum, er eyðibýlið Skuggabjörg, sem talið var sérstök jörð fyrrum (Sbr. Söguminjaskrána). Sunnan við nesið og neðan við Skuggabjargatún er kvos nokkur við ána, er kallast Bás eða Djúpibás. Þar var fyrir fáum árum byggð brú á Jökulsá og liggur hún yfir í Fitjanesið. Er þetta fremur mjó stálbitábrú. Með henni komst Merkigilsbærinn fyrst í bílafært vegarsamband.

Fitjar. Þar sem Skuggabjarganesi sleppir verður annað samsvarandi nes að austan við ána, sem eðlilegt er að kalla Fitjanes, eftir eyðibýlinu Fitjum, sem var ofantil á þessu nesi, en er nú komið undir tún, sem ræktað var þarna á Fitinni á nesinu (Sbr. Söguminjaskrána). Upp af Fitjanesi heitir Fitjagil og Fitjafjall.

Stekkjarnes gengur fram í gilið að vestanverðu, sunnan við Djúpabás og upp af því eru Stekkjargil tvö. Talið er að hafi verið býli á nesinu að nafni Bugshús, en Bugur kallast nú austan árinnar, andspænis nesinu. Þar er einnig Randíðarhvammur. Við Stekkjarnes má segja að hið eiginlega Jökulsárgil, þ.e. klettagilið, dagi uppi, en við taka framhlaupsskriður austan árinnar og lágir malarhjallar að vestanverðu.

Skatastaðir standa á sléttum grundum uppi á lægsta malarhjallanum. Fyrir ofan túnið er slitróttur hjalli eða melhólaröð er kallast Moldhólar, en skorurnar á milli Moldhólalautir. Yzt á grundunum er stór og áberandi malarhóll er heitir Stekkjarhóll, og beygir vegurinn niður fyrir hann. Þar fyrir neðan og norðan er Stekkjarhólshvammur við ána. Neðan við túnið utantil eru Grundarhvammar, ytri og syðri, grunnir og víðir með grónum eyrum í botni. Kláf hvammur er niður undan þænum, og hefur þar verið kláfferja í um það bil eina öld, en nú mun hætt að nota kláfinn og halda honum við, síðan brúin kom við Skuggabjörg.

Sunnan og neðan við bænn er Láganes, sem oftast er nefnt bara Nesið. Þar fyrir sunnan kallast Klif við ána og Klifslækur kemur þar niður í samnefndu gili. Er það nokkurn veginn á móti Ábæ, og verður landinu ekki lýst ofar í dalnum.

Miðhús/Abær. Einkennandi fyrir þetta svæði eru hin miklu berghlaup, sem komið hafa úr austurhlíð dalsins og fallið niður í dalbotninn. Hlaupin eru a.m.k. fjögur fyrir utan smáslettur til beggja enda, og eru í samfelldri röð eftir hlíðinni. Þau eru líklega af mismunandi aldri. Hlauparöðin byrjar fyrir ofan Fitjar, þar sem heita Skálar. Hafa þau komið úr kletthjalla er kallast Göngur og er nokkru lægri en háfjallið. Ytu hlaupin hafa þó ekki fallið nema niður á hjallann fyrir neðan, sem er um það bil miðhlíðis, og gætir því ekki á láglendinu. Fyrir ofan Miðhús er svo dálítill skál, er kallast Bæjarskál og hefur hlaupið þaðan niður í hlíðina fyrir ofan bænn og etv. niður í dalbotn, en hlaupið er orðið vel gróið og víða ógreinilegt, enda líklega mjög gamalt. Eyðibærinn Miðhús stendur á um 100 m háum hjalla. Þar voru síðast beitarhús frá Merkigili og standa þau enn uppi. (Sbr. Söguminjaskrána). Hjallann mætti skýra þannig að hlaupið hafi niður á jökulenda er þá lá í dalbotninum. Miðhúsahvammur er fyrir neðan hjallann, og Húslækur afmarkar hlaupsvæðið að norðanverðu. Skammt fyrir innan Bæjarskál er önnur hlaupskál af svipaðri stærð framan í hjallanum, er nefnist Kúadalur (Kvíadalur í Örn.). Er þaðan framhlaup niður í dalbotninn, sunnan við Miðhús og nær það að Brennigili, þar sem annað hlaup enn stærra tekur við.

Brennigilshólar. Langstærsta berghlaupið hefur komið úr mikilli hamraskál, sem nær upp í brúnir háfjallsins fyrir sunnan Brennigilið, sem það er stundum kennt við (ásamt hlaupinu fyrir norðan gilið). Má þó vera að þar sé um fleiri en eitt hlaup að ræða, þ.e. gamalt hlaup úr hjallanum áðurnefnda (Gangnahjalla), en af honum sjást aðeins litlar leifar í skálinni, og yngra hlaup ofan úr hábrún fjallsins. Virðast vera greinileg skil rétt fyrir sunnan miðja hólana (um Tjarnarhól). Er hlaupið mun grófgerðara norðan þessara marka, og minna gróið en sunnan þeirra. Einnig ber þar meira á gjallkenndu bergi og samryskju af ýmsu tagi, sem virðist vera í lögum upp undir fjallsbrún. (Ólafur Jónsson telur syðsta hlutann af hólunum geta verið jökulruðning, en slikur ruðningur kemur fram á börmum Ábæjargilsins). Niður með Brennigili að sunnan eru sérkennilegir hryggir í hlaupinu, er liggja samsíða gilinu. Vestan við gilið, niður við ána eru tóttarbrot, sem sagt er að séu leifar býlis að nafni Brennigil. Skammt fyrir innan gilið kallast Strýtuhólar. Nálægt miðjum hólunum var býlið Kolgrímastaðir, og sjást þar enn margar tættur, umluktar vallargarði (Sbr. söguminjaskrána). Virðist býlið vera mjög fornt. Fyrir neðan hólana er Skatastaðahvammur, andspænis Skatastöðum, og eru eyrar í botni hans, en þar fyrir sunnan tekur við langur og snarbrattur skriðubakki meðfram ánni (andspænis Láganesi), og nær suður að Ábæjareyrum. (Myndir 59-61). Suðaustur af Kolgrímastöðum er stórgrýttur hæðarhryggur (jaðar yngra hlaupsins ?), og á honum allmikill hóll, er heitir Tjarnarhóll. Austan undir honum er dálítill kvos eða hvammur og í henni smátjörn og lindalækur rennur þar niður í gegnum hvamminn, sem kallast Silungahvammur og lækurinn Silungalækur. Neðan (SV) við Tjarnarhólinn er gildrag allvel gróið og rennur Silungalækur þar niður ofan í Skatastaðahvamm. Bílaslóðin að Ábæ liggur um dragið, og gegnum Strýtuhólana. Uppi í hlaupskálinni kallast Urðir NV-til en Selskál og Selskálarhóll SA-til. Er þarna víða mikið stórgrýti. Selnöfnin eru kennd við svonefnt Gamlasel sem var innan við hólana á Miðhúsaldalnum, en svo nefnist Ábæjardalur norðan megin. Stutt fyrir innan umrædda hóla er enn eitt framhlaup, fremur lítið, sem komið hefur niður úr svonefndum Hrossahjalla og myndað Hjallaskálar á Ábæjardal.

Ábæjargil. Þar sem Ábæjaráin fellur fram úr mynni Ábæjardals hefur hún grafið sér allmikið gil í gegnum laus jarðlög (framhlaup/jökulurð) og berglög þar undir. Gilið er nokkuð krókótt og myndar áin þar nokkra fossa. Berglagabygging gilsins er mjög athyglisverð og þar hafa fundist steingervingar. Berglögum hallar þarna mikið til A eða SA. Neðst eru blágrýtislög, en ofan á þeim er lag af fingeröri móhellu sem klofnar í þunnar flögur. Er hún með jökulleirsliit og virðist vera slíkur leir að uppruna. Í henni eru grófari millilög af sandi og hnallungar koma þar einnig fyrir, flestir úr líparíti eða biksteini, en víðlent líparítsvæði er þarna nokkru innar í dalnum. (Má vera að leirinn sé einnig að mestu úr slíku efni).

Ofan á móhellulaginu er gróft hnullungaberg, þar sem steinar með allt að 1 m þvermáli koma fyrir, en milliefnið sem límir steinana saman er eins konar sandsteinn, rauðgulur að lit með ýmsum kornastærðum. Líkist þetta efni nokkuð harðnæðri mórenu en hvergi sjást þó jökulrispur á steinum. Hugsanlega gæti það verið forn frambraup sem hefði lokast þarna inni. Ofan á hnullungalaginu er svo gráleitt hraunlag, allgróft, nokkurra metra þykkt, klofnar gjarnan í lóðréttar flögur. Virðist það vera andesít- eða líparítberg. Efri hluti gilsins, sem er mun þrengri en neðri hlutinn, virðist vera grafinn í þetta lag. Á nokkrum stöðum eru berggangar, líklega úr blágrýti, sem þverskera öll lögin.

Í stóra gilsveignum, um miðju gilsins, eru nokkrir klettahausar að sunnanverðu, og milli þeirra grónar brekkur og skriður, en klettabelti í brúninni (andesítlagið). Í brekkum þessum eru á n.st. ljós móhelluflög og hafa þar fundist steinrunnar trjáflisar og jafnvel allstórir bútar af eins konar viðarópal. (Sbr. Týli 3(2): 56). Er eitt slikt stykki nú á náttúrugripasafninu í Varmahlíð. Leirinn er þarna nærrí hvítur og mjög fíngerður, líklega ummyndaður af jarðhita, sem gæti hafa verið þarna endur fyrir löngu. (Myndir 63-65).

Ofan á berglögunum við gilið eru laus jarðlög, sem eru mjög þykk að norðanverðu og líkjast jökulruðningi. Fallegur gróður er neðantil í gilinu og göngubrú er yfir ána í gilkjaftinum. Niður frá gilinu eru víðar malareyrar með hnullungamöl ofantil en finna efni neðar. Þær eru nú að mestu grónar mosapembu. Ábæjar-áin á það til að vaxa svo að hún verður ófær yfirferðar og flæðir þá víða um eyrarnar. Efst á eyrunum, sunnan við ána er rétt úr grjóti og gamlar kviár.

Ábær stendur á bakka, sunnanvert við gilsmynnið. Er bakki þessi hluti af eldri eyrum Ábæjará, sem hún hefur síðan grafið niður að hluta, og koma svipaðir bakkar fram einnig niður við Jökulsá, samsvarandi malarhjöllunum við Skatastaði, er fyrr var getið. Í Ábæ standa rústir gamals torfbæjar og lítil steinkirkja, sem haldið er við og notuð af og til. Þær er einnig kirkjugarður með grjótgarði umhverfis. Á honum og veggjum kirkjunnar vex mikið af rauðleitum skófum, svo þær þekja jafnvel veggina á köflum. Nánar um Ábæ í Söguminjaskránni. (Mynd 62).

J A R D S A G A

Skúli Víkingsson

BERGGRUNNUR

Berggrunni á svæði Villinganesvirkjunar hefur áður verið lýst í skýrslum Orkustofnunar (Björn Jóhann Björnsson 1975a, Birgir Jónsson o.fl. 1977). Auk þess hafa Björn Jóhann Björnsson, Björn Jónasson og Guðmundur Ómar Friðleifsson kortlagt berggrunn gljúfranna frá Norðurá inn að Skatastöðum. Þeir hafa ekki gefið út um þessar rannsóknir, en kort og tengd jarðlagasnið eru til á Orkustofnun og birtast þau hér í fyrsta sinni, með leyfi höfundar Björns Jóhanns Björnssonar.

Berggrunnurinn er tertier að aldri og að mestu leyti úr basaltlögum. Við Villinganes kemur þó fram um 30 m þykkt lag af andesíti á yfirborðinu. Myndar það mikinn þröskuld (Hraunin), sem Héraðsvötn hafa skorist í gegnum, sbr. bls. 10 . í hvömmunum fyrir sunnan Villinganes ber mikið á þykkur, rauðu, túfflagi. Það kemur fram í mismunandi hæð vegna jarðlagahalla og misgengja. Það er allt að 20 m þykkt þar sem það er þykkast, en þynnist fljótt til norðurs og hverfur undir ána til suðurs. Lagið er nær allt úr fremur fíngerðu rauðu gjalli og ösku, en í því hefur fundist hraunkúla (bomba), að sögn Björns Jónassonar, sem bendir til nálægðar við eldstöð. Efsti hluti Héraðsvatnagilsins er úr basaltlögum (aðallega þóleíti) með gjalllögum eða þunnum setlögum á milli, og sama er að segja um gil þau sem Jökulsárnar, eystri og vestari, hafa grafið sér í gegnum berghöft í mynnum dalanna.

Steingervingar hafa ekki fundist í þessum lögum en í Eystra-Jökulsárgili við Gilsbakka, hafa þó fundist förl (hraunmót) eftir trjáboli (Hjörleifur Kristinsson 1974). Jarðlagahalli er 3-18° til ASA. Við Villinganes er hann 3-5°, en fer síðan vaxandi og er í námunda við Merkigil 14-15°, en fer síðan minnkandi og er kominn niður í 10° miðja vega milli bæjanna Merkigils og Skatastaða. Misgengi eru mörg og hafa spildur víða snarast þannig að halli er víða mjög breytilegur. Færslan um misgengin er að jafnaði niður að norðan, þannig að þau vega nokkuð á móti jarðlagahallanum.

Mikið er um bergganga í gljúfrunum, eins og tittr er þegar komið er djúpt í tertieran berggrunn. Gangarnir hafa verið kortlagðir (Björn Jóh. Björnsson 1975 b) og fylgir það kort hér með. Við lauslega athugun á þessum kortum kemur í ljós að ríkjandi stefna ganganna er NA-SV. Að vísu stefna gljúfrin nokkurn veginn þvert á þessa stefnu, þannig að þau hljóta að skera flesta ganga með NA-SV stefnu. Þó kemur í ljós að tíðasta gangastefnan er ekki nákvæmlega þvert á algengustu stefnu Eystra-Jökulsárgilsins og munar þar allt að 20-30°. Einnig er áberandi hve lítið af göngum hefur stefnuna N-S, þótt gilið skeri þá stefnu allvíða.

LANDMÓTUN

Um landmótun þessa svæðis hefur áður verið fjallað (Ingibjörg Kaldal og Skúli Víkingsson 1978 og Skúli Víkingsson 1976 og 1978), og vísast hér með til þeirra ritsmíða. Hér verður því aðeins fjallað um gilin og næsta nágrenni þeirra, einkum það svæði er verður fyrir beinum áhrifum af fyrirhugaðri Villinganesvirkjun.

Fornir farvegir.

Víða meðfram gljúfrunum eru ummerki um vatnsrennsli frá þeim tíma er þau voru enn ekki mynduð. Bæði er þar um að ræða farvegi, sem grafist hafa undir jöklum síðasta jökulskeiðs og farvegi sem myndast hafa eftir að jökullinn hvarf af svæðinu.


Ummerki eftir vatnsrennsli undir jöklum eru mest á þröskuldinum í mynni Vesturdals, milli Tunguhálsbæjar og gilsins og á Hraunum við Villinganes. Þeim fyrrnefndu verður ekki lýst nánar hér, þar sem þeir verða ekki fyrir skemmdum af Villinganesvirkjun.

A Hraunum eru tveir stórir farvegir, er myndast hafa undir jöklum, eða öllu heldur einn tvískiptur farvegur, með stefnu í NNV. (Sjá kort) Syðra farveginum hallar til suðurs. Um 50 m vestan við norðurenda hans tekur ytri farvegurinn við. Suðurendi hans er skálarlaga, sem sýnir að hann er myndaður undir jöklum, og suðlægur halli syðra farvegarins sýnir hið sama (þ.e. honum hallar á móti straumstefnunni). Að vestan afmarkast Hraunin af breiðum og djúpum farvegi, sem liggur í boga frá Héraðsvatnagili rétt fyrir sunnan Villinganes, og opnast út í það aftur fyrir neðan Hraunin. Farvegur þessi er nú að verulegu leyti fylltur upp af myrájarðvegi enda kallast hann Flóinn, en nú hefur hluti hans verið ræstur fram og ræktað tún á honum. Yfirborði Flóans hallar nokkuð til beggja átta, niður að gilinu, en mælingar sem gerðar voru á þykkt lausra jarðlaga (Birgir Jónsson o.fl. 1977), sýna að hinn fasti botn hans er nærri láréttur sunnantil. Bendir það til þess að Fló-farvegurinn hafi grafist eftir að jöklar hurfu af svæðinu, og sé raunar aukafarvegur frá núverandi gili. Dálítill ármalarhjalli vestan við farvegina á Hraunum sýnir einnig að vatn hefur runnið eftir þeim eftir að jöklar leysti þarna.

Þessir farvegir hafa yfirleitt grafist eftir misgengjum . Flóinn er allur grafinn í andesítlagið, sem er þykkt og hefur reynst ánni seinunnið. Vatn hefur þá að líkendum runnið samtímis eftir Flóanum og í núverandi gili austan Hrauna, en þar gekk grófturinn betur vegna þess að þar er styttra niður á auðgræfari og þynnri basatlög.

Meðfram núverandi giljum má víða sjá þess merki að án hefur breytt farvegi sínum og fært hann til á ýmsan hátt, þannig að fram koma stallar í gilinu,

Myru 7



sem nú eru yfirleitt grasi grónir hvammar eða aukafarvegir sem eru jafnan mun grynnri en aðalfarvegurinn. Einn slíkur liggur t.d. þvert yfir Sporðinn, þar sem Jökulsárnar koma saman og kallast Þverlág.

Myndun giljanna.

Glin sem Austari- og Vestari-Jökulsá renna nú í, mynduðust í lok síðasta jökulskeiðs. Jökullinn hafði þá grafið aflangar dældir (trog) í botn dalanna utantil, en skildi eftir berghöft (þróskulda) í dalsmynnunum. Þegar jökuljaðarinn hörfaði inn dalina fylltu jökulárnar trogin af grófum framburði sínum og mynduðu jökuláraura (sanda) milli þróskuldanna og jökuljaðarsins. Eftir því sem jökuljaðarinн færðist lengra suður dalina, dró úr upphleðslu í dalsmynnunum en rofið óx að sama skapi og tóku jökulárnar þá að grafa sig niður í þróskuldana. Mun það hafa gengið hratt fyrir sig, þar sem vatnsmagnið var þá mikið vegna jöklaleysingar og töluverður halli norður af bergþróskuldinum, sem auk þess hefur verið tiltölulega auðgræfur, m.a. vegna brotalína sem auðsýnilega hafa stýrt rofi giljanna og valda því að þau eru víða í skörpum hlykkjum.

Er líklegt að glin hafi náð allt að því fullri dýpt þegar í ísaldarlokin, því að vatnsrennsli til Skagafjarðardala minnkaði verulega þegar jaðar meginjökulsins hörfaði suður fyrir vatnaskilin austan Hofsjökuls. (Ingibjörg Kaldal 1978). Allvíða hafa árnar fyllt undir sig með möl og sandi og renna nú á eyrum í giljunum. Mest kveður að þessu í Héraðsvatnagilinu, sunnan við Hraunin, þar sem ársetið í gilbotninum hefur mælst allt að 20 m á þykkt (Birgir Jónsson 1977). Þar á Norðurá líklega einhvern hlut að máli, þar sem hún hefur byggt upp miklar eyrar í dalbotninum utan við gilkjaftinn. Á þessum slóðum er Héraðsvatnagilið mun breiðara en glin yfirleitt, eða allt að 200 m. Því valda annars vegar rauða túfflagið, sem er mjög auðgrafið og hins vegar þróskuldurinn (Hraunin) við Villinganes, sem er torgræfur eins og fyrr var getið. Ísaldarjökullinn hefur skilið eftir þennan bergþróskuld og áin síðan þurft að brjótast í gegnum hann, eins og lýst var í kaflanum um farvegina hér á undan. Annars eru glin yfirleitt þróng og víða veggbrött.






Samhliða myndun giljanna grófu árnar sig niður í dalfyllinguna sunnan við þróskuldana í dalsmynnunum, sem um var getið. Í Austurdal hafa þær hreinsað þessa dalfyllingu að miklu leyti í burtu, en leifar hennar eru samt viða greinilegar t.d. við bæinn Skatastaði. Í Vesturdal er hún hins vegar mjög greinileg í formi malarhjalla, sem ná frá Hverhólum og inn undir bæinn Hof.

Berggangar eru víða mjög áberandi í giljunum og skaga sumsstaðar langt fram sem bríkur og stapar, sérstaklega í gili Austari-Jökulsár, t.d. við Merkigilið

og í hvömmunum við Tyrfingsstaði. Þar skerast gangarnir í gegnum rauða túfflagið, sem áður var getið. Gangabergið veðrast seint en túffið auðveldlega, sem veldur því að bríkurnar verða sérstaklega langar og áberandi þarna. Gangabergið er oftast þverstuðlað, þ.e. samsett úr stuðlum er liggja þvert á stefnu gangsins, og stundum eru gangarnir samsettir úr nokkrum slikum stuðlalögum, eins og t.d. bríkin mikla í Sandhvammi við Villinganes. (mynd 6).

Helztu niðurstöður.

A virkjunarsvæði Villinganesvirkjunar er ekki um að ræða neinar sérstaklega fágætar jarðfræðiminjar. Þrenns konar jarðfræðileg fyrirbæri finnast þó þar e.t.v. í ríkara mæli en almennt gerist í sambærilegum giljum á Norðurlandi, þ.e.: a) rautt gjallberg (túff), b) berggangar (bríkur), c) fornir farvegir. Þessir þrír þættir valda því einnig, að landslag í giljunum og næsta nágrenni þeirra er víða fjölbreytt og sérkennilegt, sbr. landslagslýsinguna.



J U R T A R Í K I Ð

Jóhann Pálsson, Pórir Haraldsson og Helgi Hallgrímsson

HÁPLÖNTUFLÓRA OG GRÓÐUR (J.P./P.H.)

Nú er silungur aftur kominn í ána og minkur vafalaust kominn á vettvang. Oftast verður minksins vart með slóðum í sandi eða snjó.

3. Hagamús (*Apodemus sylvaticus*), er býsna algeng hér um slóðir, bæði innan húss og utan. Étur stundum göt á fóðurbætispoka og nartar vafalaust eitthvað í innihaldið. Er bæði í íbúðarhúsum og peningshúsum, a.m.k. var hún algeng í torfbæjunum. Henni verður ekki útrýmt úr torfhúsum nema í bili. Oft sjást slóðir eftir mýs í úthaga á vetrum, stundum nokkuð hátt til fjalla. Rögnvaldur Jónsson í Flugumýrarhvammi álítur að sérstakt afbrigði hagamúsar sé hátt til fjalla.

4. Húsamús (*Mus musculus*), fór að breiðast hér út á Heimsstyrjaldarárunum síðari. Því héldu sumir að hún hefði komið með hernum. Tilgáta míni um aukna útbreiðslu hennar er þessi: Húsamúsin er mjög háð manninum og lifir ekki í úthaga eins og frænka hennar. Því gat hún tæplega þrifist þar sem voru kettir eða drápstæki fyrir mýs. Líkur fyrir að komast á milli bæja voru helzt bundnar við að hún flyttist í ógáti með farangri á hestum. Svo gerist það á striðsárunum og síðar, að klakkaflutningar leggjast af og bílflutningar á vörum koma í staðinn. Auk þess vaxa mjög flutningar á sveitabæi, einkum á fóðurbæti og öðrum fóðurvörum. Músin slæðist auðveldlega með í þessum bílflutningum. Auk þess fer köttum fækkandi. Betri hús kalla á aukið hreinlæti og mörgum þykir kattarlandslykt vond. Áhugi manna beindist að stærri vélum en fjalaköttum. Allt þetta er vatn á myllu húsamúsar, og nú mun hún vera hér á flestum ef ekki öllum bæjum. Sumir reyna að eitra fyrir hana, en með misjöfnum árangri.

5. Rotta (*Rattus norvegicus*), hefur gert vart við sig af og til, en virðist ekki hafa náð fótfestu, enda hart barist á móti henni, því að hún slagar upp í minkinn hvað snertir óvinsældir. Einu sinni var rotta flutt í ógáti fram í Merkigil á hesti í poka sem reipi voru í.

F U G L A R


Hálfdán Björnsson og Hjörleifur Kristinsson

Náttúrufarskónnunin í Skagafjarðardöllum fór fram í ágústmánuði. Á þeim tíma er jafnan heldur daft um fuglalífinu og um athuganir á varpi var ekki að ræða. Það sem hér verður sagt um fuglafánu svæðisins er því að langmestu leyti eftir upplýsingum frá Hjörleifi Kristinssyni bónda á Gilsbakka, sem hefur fylgst með fuglalífinu um áratuga skeið og ritað hjá sér ýmislegt varðandi það, sérstaklega um varp heiðagæsarinnar o.fl. Fuglalífið virðist í heild vera fremur fátæklegt, sem stafar m.a. af því að vötn eða tjarnir er ekki að finna í næsta nágrenni giljanna, og upprunalegt votlendi er þar einnig af skornum skammti. Ekki eru þar heldur neinir skógar og kjarrlendi mjög takmarkað. Í fuglaríki svæðisins eru því aðallega mófuglar og fáeinir tegundir sem bundnar eru giljum með varpstaði. Hér verður nánar greint frá einstökum tegundum.

1. Hrafn (Corvus corax). "Hefur verið fastur varpfugl í giljunum frá ómunatið, bæði í Merkigilinu og Jökulsárgili" segir Hjörleifur. Nokkur yfirgefin hreiður sáust við könnunina, bæði í júní 1978 og ágúst 1979, þar af tvö í Héraðsvatnagili, annað um það bil á fyrirhuguðu stíflustæði (H.Hg.). Hjörleifur giskar á að hreiðrin séu um það bil jafnmörg og bærnir sem land eiga að giljunum, "enda sýnist mér sagan um tvo hrafna á þeim vera þjóðsaga ein".
2. Smyrill (Falco columbarius). "Er varpfugl í Jökulsárgili, en lítið af honum. Hann er alltaf fremur fáliðaður hér í dalnum, en nokkur áraskipti eru að því hversu mikið hans verður vart." (Hjörleifur). Ein hjón sáust við Stekkjarhvamm (ytri) í Merkigilslandi, á brún Jökulsárgilsins, 4. ágúst 1979 (H.Hg.). Hefur verpt í Merkigilinu fyrir nokkrum árum (Hjörleifur).
3. Valur (Falco rusticolus). "Það munu nú liðin hátt í 20 ár síðan hann verpti í gilinu (þ.e. Jökulsárgili) að vestan, hér nálægt Gilsbakka. Ungarnir voru 4. Þá nokkru áður fundust tveir valir, líklega fullvaxnir ungar, dauðir hlið við hlið í Merkigilinu. Áverkar sáust ekki á fuglunum. Síðasta valshreiður sem ég sá var í Jökulsárgilinu að vestan, skammt fyrir sunnan Merkigilsbæ. Þetta var fyrir 3-4 árum." (Hjörleifur). "Þann 29. mars 1970 sáust tveir valir á Stekkjarflötum, og 2. apríl s. ár, heyrðist í val þar." (Hjörl.).
4. Skógarþróstur (Turdus iliacus). Illa fleygur ungi sást í skógarhvamminum í Jökulsárgilinu, skammt fyrir sunnan Merkigilsbæ 7. ágúst 1979, "og hefur þrósturinn því orpið á þeim slóðum". (Hálfdán). Hjörleifur veit ekki til að þrástarhreiður hafi fundist á því svæði sem hann er kunnugastur. Mun skógarþrósturinn því vera fátiður á virkjunarvæðinu og líklega bundinn við kjarrið í gilinu við Merkigil.

5. Svartþröstur (*Turdus merula*). " Í veturnar sl. var svartþröstur hér á ferð. Varð hans vart á nokkrum bæjum. Hefur ekki fyrr sést á Gilsbakka, svo mér sé kunnugt." (Hjörleifur, 1981).
6. Snjótittlingur (*Plectrophenax nivalis*). " Sést hér oft í geysilega stórum hópum seinni part vetrar, t.d. sáust flokkar af þeim 6. mars 1970, sem inniheldu milli 10 og 20 þúsund fugla. Virðist sem snjótittlingar úr austurhéraðum Norðurlands leiti gjarnan hingað í hörðum vetrum, þegar jarðbönn eru austur undan. Verpur hér vist aðeins til fjalla." (Hjörl.)
7. Grátittlingur (*Anthus pratensis*). "Sést hér oft, líklega algengur varpfugl, en lítið í gilinu." (Hjörl.)
8. Auðnutittlingur (*Carduelis flammea*). Sést hér oft seinni part vetrar, oft í flokki með snjótittlingum (t.d. 6.-10. mars 1970), en óvist hvort hann verpir hér um slóðir. (Hjörl.)
9. Steindepill (*Oenanthe oenanthe*). Hjón sáust í Hrauninu við Villinganes 29. júní og einn fugl við gilið neðan við Tyrfingsstaði, 28. júní 1978. (H.Hg.). Sá einn fóðra unga sína á gilbrúninni við Tunguháls, 9. ágúst 1979. (H.Bj.) Hjörleifur telur að lítið hafi verið um hann á seinni árum, en einn sást á Stigaselí, 9. maí 1970. Er samt líklega nokkuð tíður varpfugl í urðum í gilinu.
10. Mariuerla (*Motacilla alba*). "Telja má líklegt að hún verpi eitthvað í gilinu." (Hjörl.). Verpur oft í úтиhúsum.
11. Músarindill (*Troglodytes troglodytes*). "Bregður hér fyrir einstaka sinnum, en hreiður hans finnast sjaldan. Trúlega finnur hann sumsstaðar í gilinu hreiðurstað við sitt hæfi." (Hjörl.)
12. Hrossagaukur (*Gallinago gallinago*). " Ekki sjaldgæfur, en virðist þó ekki mikið af honum." (Hjörl.). Sást við Kelduland, 28.6.1978. (H.Hg.).
13. Heiðlöa (*Pluvialis apricarius*). Algengur varpfugl í mólendi. (2 pör sáust með unga við Giljar í Vesturdal, 10. ágúst 1979. H.Bj.).
14. Spói (*Numenius phaeopus*). Algengur varpfugl.
15. Stelkur (*Tringa totanus*). " Kemur hingað sem gestur (þ.e. í Gilsbakka) og virðist heimsóknum fjölda inn í dalinn. Hann er hins vegar algengur út á Kjálkánunum (þ.e. Flatatunga- Kelduland) og vafalaust varpfugl þar." (Hjörl.)
16. Lóubræll (*Calidris alpina*). Líklega nokkuð tíður, einkum til fjalla.
17. Sandlöa (*Charadrius hiaticula*). "Hef ekki séð hana hér, en alloft á Norðuráreyrum." (Hjörl.). "Sá eina sandlóu við Giljar í Vesturdal, 10.8.1979." (H.Bj.)

Mynd 24



18. Rjúpa (Lagopus mutus). Sést nú sjaldan. "Hrun rjúpnastofnsins hér er slikt, að nú er svo komið að ég rek upp stór augu, ef ég sé rjúpu í fjallgöngum, hvort heldur er sumar eða veturnar, en langt fram eftir þessari öld voru rjúpnaveiðar talðar til hlunninda hér og í nágrenninu." (Hjörleifur, 1980).

19. Grágæs (Anser anser). Verpur einkum við Héraðsvötnin, neðan við virkjunarsvæðið. "Hún á það til að taka sér hreiður í Jökulsárgili eða Merkigili, en það mun mega teljast undantekning. Þannig verpti grágæs að sunnanverðu í Merkigilinu vorið 1970 (undir símalínunni)", en smyrilshreiður var þar skammt frá svo virðist sem heiðagæs og grágæs geti að jafnaði ekki verpt á sama svæðinu, enda verður þess stundum vart að ófriður er á milli þeirra þar sem varpsvæðin mætast í landi Flatatungu. (Hjörleifur).

20. Heiðagæs (Anser brachyrhinchus). "Heiðagæsin er nú vafalaust langalgengasti varpfuglinn (í Jökulsárgili). Hefur hún numið land hér í dalnum á seinni áratugum og er líklega enn að færa út kviarnar. Vorið 1970 gerði ég ýtarlega könnun á heiðagæsavarpinu, en þá byrjaði gæsin að setjast í hreiðrin hér undan bænum um miðjan maí. Þetta vor verpti gæsin í 7 hreiður, beggja megin í gilinu undan Gilsbakkalandi. Flest voru hreiður þessi gömul en 2-3 voru þó ný eða áður ófundin, en í staðinn voru þrjú gömul hreiður ónotuð. Þá voru þrjú hreiður í Jökulsárgili frá Merkigilsbæ að Merkigilinu, og eitt neðantil í Merkigilinu. Frá Ármótum Jökulsánna og út að merkjum Tyrfingsstaða og Flatatungu fann ég 11 heiðagæsahreiður. Alls munu því hafa verið um 22 hreiður í gilinu frá Merkigilsbæ að Flatatungulandi. Í landi Flatatungu fundust þá engin hreiður, en tvö grágæsahreiður í landi Tungukots." Árið 1971 voru einnig 7 hreiður setin í gilinu undan Gilsbakkalandi, og byrjuðu gæsirnar þá að setjast í hreiðrin snemma í maí. (Sjá Týli, 2(2):85). (Hjörleifur)

"Það munu hafa verið um 10 hreiður á kaflanum frá Mosgili að Merkigili nú í vor (1980), sem er rétt um meðallag, enda flest góð hreiðurstæði notuð. Ef ég ætti að áætla fjölda heiðagæsahreiðra frá Norðurá að Skatastöðum í gilinu, þá myndi ég helzt álita þau nálægt 100. En lítið er á því að byggja." (Hjörl. 1980) Vorið 1981 voru 14 hreiður á kaflanum frá Mosgili að Merkigili (gilinu). (sami). Hjörleifur hefur eftir Gunnari í Flatatungu, "að þar hafi þróunin verið á þá leið að heiðagæs fjöldi en grágæs fækki að sama skapi. Verpir nú heiðagæs allt út að Norðurá og líklega lengra út. Að sjálfsögðu verður hún þá að verpa á flatlendi, enda flæddi eitthvað hjá henni í vor." (Hjörl. 1981).

Sumarið 1979 (í ágúst) sá Hálfðán 10 heiðagæsir á sundi á Vestari-Jökulsá milli Tunguháls og Hverhóla, og nokkur (5-7) tóm hreiður þeirra sáust þar í klettum og voru sum þeirra með eggjaskurni. Því er ekki fjarri lagi að áætla fjölda

heiðagæsahreiðra í báðum Jökulsárgiljum, Héraðsvatnagili og Merkigili eitthvað í kringum 150-200 árin 1979-1980, og mun því vera með stærstu heiðagæsavörpum..

"Heiðagæsin velur sér hreiður uppi á bríkum og klettahausum. Er oftast erfitt ófleygum að komast að hreiðrunum. Gras vilja þær hafa í kringum sig . Koma gæsirnar oft með ungana upp í túnin á vorin, en hverfa síðan sporlaust.. Hreiðrin eru oftast notuð aftur og aftur frá ári til árs, og þau sem gæsinni finnst best eru ævinlega notuð. Hreiðrin eru nokkuð jafnt beggja megin í gilinu. Eggjatalan er oftast 4-5. " Heiðagæsanna hefur einstaka sinnum orðið vart á haustin ofar í Austurdal, framan við Ábæ. (Hjörleifur 1980). Þess má að lokum geta, að í Jökulsárgili eystra við Stekkjarflatir er klettabrék (gangur) sem heitir Gæsabrék, og er eitt af hinum föstu hreiðurstæðum heiðagæsarinnar. Nafnið er þekkt a.m.k. frá því um síðustu aldamót, sem bendir til að heiðargæsin sé ekki alveg nýlega komin í gilið.

21. Helsingi (*Branta leucopsis*). Sést oft á vorin, niður með Héraðsvatnagilinu.
22. Straumönd (*Histrionicus histrionicus*). Sést stundum á Jökulsá og Merkigilsá, en ekki er vitað hvort þær verpa hér. Straumandarhjón sáust á Merkigilsá undan Skarðshrygg 6. maí 1970. (Hjörleifur 1970).
22. Gulönd (*Mergus merganser*). Sést stundum á Jökulsá, en ekki er vitað um varp.
23. Toppönd (*Mergus serrator*). Um hana er sama að segja og um gulönd. (Hjörl.)

Ekki fer hjá því að fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir myndu hafa djúptæk áhrif á fuglavarpið í giljunum, og þá fyrst og fremst heiðagæsavarpið. Öll hreiðurstæði í Héraðsvatnagilinu ofan við virkjunarstaðinn myndu fara undir vatn, og töluverður hluti hreiðra í neðantil í Jökulsárgiljunum. Eru líkur til að um helmingur af þeim hreiðrum sem nú eru þekkt í giljunum myndu eyðileggjast.

F I S K A R

Hjörleifur Kristinsson / H.Hg.

Heimildir um silung eða lax í Jökulsánum í Skagafirði eru af skornum skammti. Það var löngum talið að silungur gengi ekki fram í Austari-Jökulsá, nema ef vera kynnu óætar bröndur og því síður lax. Nú hefur þessi kenning verið afsönnuð fyrir löngu með silunginn. Hefur hann verið veiddur í lagnet á öllum bæjunum í Austurdal, að ég hygg, en fremur hefur þar verið um tilraunir að ræða en alvöruveiði. Nokkrar upplýsingar hefi ég fengið hjá Veiðifélagi Skagafjarðar (Gunnari í Flatatungu) um afla í Hofsá og Vestari-Jökulsá.

1. Bleikja (*Salvelinus alpinus*). Gengur allmikið í árnar síðumars og er þar etv. að einhverju leyti allt árið. Hefur veiðst töluvert af henni nú síðustu árin, eins og fyrr var getið. (Sagnir eru um silung þ.e. vatnableikju í Vatnshólatjörn á Hlíðarfjalli, sem síðar hafi eyðst. Sbr. söguminjaskrána).
2. Urriði (*Salmo trutta*). Sjóbirtingur (*S. trutta trutta*) gengur í árnar í litlu magni. Eg hef veitt einn urriða, allstóran fisk, í Austari Jökulsá. Í Vestari-Jökulsá veiddust 2 urriðar 1979, og nokkrir hafa veiðst í Hofsá á hverju ári frá 1977. Bröndur (*Salmo trutta fario*) hafa oft sést og náðst í Jökulsá austari og Merkigilsá. Þegar minkur kom í Merkigilið hurfu þær úr ánni, en hefur nú aftur orðið vart þar. Bröndurnar munu ala sinn aldur í ánum, og ganga að líkindum ekki í sjó.
3. Lax (*Salmo salar*). Mun vera fátíður í Jökulsánum. Er mér ekki kunnugt um að hann hafi veiðst í Austari- Jökulsá, en í Vestari-Jökulsá veiddust tveir laxar sumarið 1979, og allmargir laxar hafa veiðst í Hofsá árin 1977-1979.

S K O R D Ý R

Hálfdán Björnsson

Skordýrum var safnað á 15 stöðum á athugunarsvæðinu og auk þess á nokkrum stöðum ofar í Vesturdal og utar á Kjálka (sjá meðf. kort.)


Söfnunarstaðirnir voru yfirleitt í giljunum eða við brúnir þeirra, en nánari lýsing á þeim fylgir hér á eftir. Fljúgandi skordýrum var safnað með venjulegum skordýraháf, en bjöllum og öðrum svarðdýrum var safnað með nákvæmri leit undir steinum, spytum, á klettaveggjum o.s.frv. Gildrur voru ekki notaðar við söfnunina, og aðeins var safnað að deginum og helzt í góðu veðri. Markmið söfnunarinnar var að fá sem best yfirlit yfir skordýrafánu könnunarsvæðisins og einhverja hugmynd um tíðni tegundanna og dreifingu.

Skordýrin voru deydd á söfnunarstaðnum, með klóróformi, og síðan sett í litlar plastdósir (með þerrípappír við botn og lok). Þessar dósir voru síðan settar í stærri ílát þar sem loftið var mettað af vatnsgufu og brennsluspritti (til að forðast myglu), en þannig má geyma dýrin í eina til tvær vikur. Að lokinni ferðinni voru dósirnar með skordýrunum settar í frystikistu og geymdar þannig um nokkurra mánaða skeið.

Úrvinnsla fór fram um veturninn eftir á Kvískerjum. Þá voru dýrin sort eruð og greind til tegundar eftir því sem unnt reyndist, og nokkur stykki af hverri tegund frá hverjum söfnunarstað voru þá sett á nálar og þurrkuð. Verða þau varðveitt í Náttúrugripasafninu á Akureyri. Af æðvængjum voru þó aðeins greindar nokkrar auðþekktar tegundir, og sumar tvívængjur (flugur) voru aðeins greindar til ættar eða ættkvíslar, þar sem nafngreining þeirra er ekki á færi annara en sérfræðinga. (Reynt verður að fá þessa flokka nafngreinda betur, síðar meir) Skordýrum af flokknum Collembola (mordýr) var ekki safnað og sama er að segja um önnur jarðvegsbúandi skordýr (bjöllur).

Hálfdán Björnsson náttúrufræðingur á Kvískerjum, annaðist söfnun, frágang og nafngreiningu á skordýrunum og setti saman tegundalista fyrir hvern stað, en eftir þeim hefur ritstj. gert tegundalista þann sem hér er birtur. Upplýsingar um tíðni og útbreiðslu utan könnunarsvæðisins eru að mestu teknar upp úr viðkomandi ritum í ritsafninu The Zoology of Iceland, en bætt er við nýjum upplýsingum sem fengist hafa við skordýrasöfnun á Norðurlandi á undanförnum árum. Tegundanöfn eru yfirleitt þau sömu og í Zool.of Icel. og upplýsingar um lifnaðarhætti eru einnig þaðan komnar að mestu leyti. Íslenzku heitin eru flest búin til af Hálfdáni Björnssyni með hliðsjón af eldri heitum eða nöfnum á skyldum tegundum, sem notuð hafa verið.

Mynd 25



Lýsing á söfnunarstöðum. (Sjá enn fremur landlýsinguna)

1. TYRFINGSSSTADIR: Sandhvammur. Víður hvammur niður við Héraðsvötn, skammt suður af bænum. Sand- og malareyrar í botni hans, en grasi vaxnar brekkur umhverfis, með snarrót og pursaskeggi o.fl. (Safnað 4.ágúst 1979).
2. KELDULAND: Keldulandshvammar(Bæjarhvammur,Stekkjarhvammur o.fl.) niður við Héraðsvötn, við ármót Jökulsánna. Skjólgóðir og snúa vel við sól, rakastig breytilegt. Grasgróður ríkjandi, með snarrót,ilmreyr, pursaskeggi o.fl. í Stekkjarhvammi er dálítill trjáreitur og blómgresi þar í kring. (3.8.79).
3. STEKKJARFLATIR: Laugarhvammur. Skjólsæll hvammur í Jökulsárgil, rétt fyrir sunnan Grjótárgil, snýr móti vestri. Þar eru gamlir,upprónir garðar. Gras- og blómgróður er ríkjandi, enda er hvammurinn friðaður að hluta.
4. STEKKJARFLATIR: Grjótárgil(Keldulandslaug). Pröngt klettagil með læk og laugum sem koma fram á ýmsum stöðum í klettunum, einkum að sunnanverðu (þ.e. skuggamegin). Aðallega safnað við laugarnar. (3.ágúst 1979).
5. GILSBAKKI: Reitur og Landsendi,þ.e. á börmum Jökulsárgils og Merkigils, frá Stekkjarlæk að Merkigilsbrú (um 2 km). Breytilegt land og gróður en víða nokkur ræktunaráhrif frá túninu. (2.ágúst).
6. GILSBAKKI: Stigasel. Beitarhús frá Gilsbakka, suður við Merkiglið. Safnað á túninu og við húsin.(2. ágúst.).
7. GILSBAKKI: Bæjarklauf, þ.e. grasgeiri með lækjarsitrum í Jökulsárgilinu fyrir neðan bæinn. Stórvaxið gras, æтиhvönn og blómgróður. (4.ágúst).
8. MERKIGIL(Bærinn): Smáhvammur og skeiðar í Jökulsárgili, um 1 km suður frá bænum. Víða dýjavætlur. Proskalegur birkiskógur, hvannir og blómgresi. (Oft nefnt "Skógarhvammur" eða "Skógarskeið" í listanum). (7.ágúst 1979).
9. ÁBÆR: Ábæjargil og í kringum bæinn (eyðibýlið), á gömlu túni og í móum og myrlendi, mosagrónum eyrum o.s.frv. (7.ágúst 1979).
10. TUNGUHÁLS: Niðri í gilinu, austur af bænum, í graslendi, skriðum og klettum.
11. TUNGUHÁLS: Laugarhöfði (Tunguhálslaug) þ.e. niðri í gili Vestari-Jökulsár, við Grafarlækinn, þar er allmikið stóð af æтиhvönn, og lækurinn volgur.
12. TUNGUHÁLS: Á brúnum Jökulsárgils (vestra) austur af bænum, einkum í þurru og grýttu graslendi. (9. ágúst 1979).
13. TUNGUHÁLS: Laugarmýri (við Laugarhöfða), rétt við gilið. Jarðhita gætir víða um mýrina frá volgum sitrum. Stargresi o.fl. (9.ágúst 1979).
14. HVERHÓLL: Hverhólslaug, þ.e. við heita lækni niður í gili Vestari-Jökulsár, NA af bænum. Brekkan umhverfis lækina er vafin gróðri, m.a. ýmsu blómgresi, enda víða jarðhiti kringum lækina. Mjög athyglisverður staður.
15. HVERHÓLL: Hverhólshvammur. í grasbrekku með snarrót o.fl. og á eyri við Jökulsá, með mosagróðri o.fl. (16). (9.ágúst 1979).

Skordýrategundaskrá.

A. FIÐRILDI (Lepidoptera)

I Vefara- og mölsættir (Coleophoridae/Tortricidae/Pyralidae).

1. Coleophora alticolella Zell. SEFPYSJA. Keldulandshv., Laugarhv., Gilsbakki, Tunguhálslaug. Tíð um land allt, lirfan lifir í hylkjum á Juncus-tegundum.
2. Crambus pascuellus L. REYRMÖLUR. Keldulandshv., Laugarhv., Gilsb., Tunguháls. Algeng um land allt, lifir í grasbrekkum.
3. Eana osseana Scop. GRASVEFARI (Litla grasfiðrildi). Fundin á nær öllum athugunarstöðunum og hvarvetna mikið af henni. Mjög alg. um allt land, í graslendi.
4. Pyla fusca Haw. VÍÐIMÖLUR (Steinfíðrildi). Tunguháls (gilbarmar). Tíð um allt land, lifir á grasvíði o.fl.

II. Fetaætt (Geometridae).

5. Chloroclysta citrata L. SKRAUTFETI. Tunguháls, gilbarmarnir. Algeng um land allt, lifir á birki, víði, lyngi o.fl.
6. Entephria caesiata (Den. & Schiff.) GRÁFETI. Gilsbakki og Tunguháls, gilbarmar á báðum stöðum. Algeng um land allt, lifir einkum í lyngmóum.
7. Entephria flaviginctata Hübner. KLETTAFETI. Gilsbakki, í gilinu. Sjaldgæf tegund, lifir einkum á steinbrjótum (Z.I.). Fundin í Eyjafirði.
8. Eupithecia plumbeolata Haw. BREKKUFETI. Keldulandshvammar og Gilsbakki (gilbarmar). Áður ófundin á Norðurlandi (Z.I.). Lifir á lokasjóði.
9. Eupithecia satyrata Hüb. MÓFETI. Keldulandshvammar. Tíð um land allt.
10. Epirrhoë alternata Müller. RANDAFETI. Keldulandshv., Gilsbakki, gilið og gilbarmarnir. Algeng um land allt, lifir á möðrum.
11. Xanthorrhoe muniata Hüb. TÚNFETI. Fundin á flestum athugunarstöðum. Algeng um allt land í ýmsu graslendi og myrlendi.

III. Uglufiðrildi eða kaupmannsfíðrildi (Noctuidae).

12. Apamea maillardii Hüb.-Gey. HROSSYGLA (Hrossafiðrildi). Gilsbakki, gilið og selið, Tunguháls, laugin og brúnirnar. Algeng um land allt, lifir á grasi.
13. Cerapteryx graminis L. GRASYGLA (Grasfiðrildi). Keldulandshvammar. Algeng um land allt, lifir á grasi (grasmaðkurinn).
14. Diarsia mendica Fabr. JARDYGLA. Gilsbakki, selið, Tunguháls, gilbarmar. Tíð um land allt, lifir á grasi og lyngi.
15. Euxoa islandica Staud. fSLANDSYGLA. Sandhvammur. Tíð um land allt, lifir á ýmsum jurtum. (Einnig fu. á Þorljótsstöðum í Vesturdal).

Að undanskildum brekkufetanum (E. plumbeolata) hafa allar þessar fiðrildategundir fundist á Norðurlandi áður. Nr. 6, 7, 8 og 9 hafa þó ekki fundist í Skagafirði áður.

B. BJÖLLUR (Coleoptera)

I. Járnsmiðsætt (Carabidae).

1. Amara quenseli Schönh. GULLSMIÐUR. Sandhv., Keldulandshv., Tunguháls (gilið) og Hverhlóshvammur. Algengur um land allt í þurru og grýttu landi.
2. Bembidion bipunctatum L. EIRSMIÐUR. Jökulsárgil við Gilsbakka. Tíður um land allt, einkum við ár og vötn.
3. Calathus melanocephalus L. KRAGASMIÐUR. Fundinn á nær öllum athugunarstöðum. Mjög algeng tegund í þurru graslendi um land allt.
4. Nebria gyllenhali Schönh. JÁRNSMIÐUR. Fundinn á flestum söfnunarstöðum. Algengur um land allt í alls konar landi.
5. Patrobus septentrionis Dejan. FJALLASMIÐUR. Fundinn á flestum athugunarstöðum á svæðinu. Algengur um land allt.
6. Pterostichus adstrictus Esch. BREKKUSMIÐUR. Sandhvammur, Laugarhvammur, Gilsbakki, gilbarmar og gil. Alg. um land allt, í þurrlendi.
7. Trichocellus cognatus Gyllenh. RÁKASMIÐUR. Sandhvammur, Keldulandshv., Tunguháls, gil og gilbarmar. Alg. um land allt í mólendi og grýttu landi.

II. Brunnklukkuætt (Dytiscidae).

8. Agabus bipustulatus soleri Aubé. BRUNNKLUKKA. Ábær, í smátjörn við túnið. Algeng um land allt í vötnum og tjörnum.
9. Hydroporus nigrita Fabr. LÆKJAKLUKKA. Á sst. og uf. teg. Einnig algeng um allt land, í tjörnum, lækjum o.s.frv.

III. Jötunuxaætt (Staphylinidae).

10. Atheta spp. Tegundir af þessari ættkvísl fundust á flestum athugunarstöðum. Þetta eru agnarlitlar, mjóslegnar bjöllur, sem lifa í rotnandi gróðuleyfum.
11. Omalium spp. Sandhvammur, Keldulanshv., og Ábær. Nokkrar náskyldar tegundir af þessari ættkvísl eru algengar hér á landi, lifa í jurtaleyfum og mold.
12. Oxypoda spp. Tegundir af þessari ættkvísl (líklega O.islandica Kra.) fundust á mörgum söfnunarstöðvum. Lifat í ýmiss konar landi.
13. Quedius boops Gravenh. Fannst á flestum athugunarstöðum. Alg. um land allt.
14. Quedius fulvicollis Steph. Sandhv., Ábær, Tunguháls, gilið. Tíður um land allt.

IV. Taðbjöllu- og Tordýfilsættir (Hydrophilidae/Scarabeidae).

15. Cercyon melanocephalus L. TAÐBJALLA. Sandhvammur, Keldulandshv., Laugarhv. Mikið magn á öllum stöðunum. Tíð um land allt, lifir á skít.
16. Aphodius lapponum Gyllenh. TAÐÐÝFILL (Tordýfill). Sandhvammur, Keldulandshv., Gilsbakki, gilbarmar og selið. Mjög alg. um land allt, lifir á taði.

V. Ranabjölluætt (Curculionidae).

17. Otiorrhynchus arcticus O.Fabr. SVARTRANI (Silakeppur). Sandhvammur, Keldulandshvammar. Mjög alg. um land allt í allskonar landi.
18. Otiorrhynchus dubius Ström. LETIRANI. Fundinn á mörgum athugunarstöðum. Alg. um land allt í allskonar landi.
19. Otiorrhynchus rugifrons Gyllenh. STEINRANI. Fundinn á mörgum söfnunarstöðum á svæðinu. Tíður um land allt í þurru gráslandi o.s.frv.
20. Tropiophorus obtusus Bonsd. EIRRANI. Keldulandshvammar og Hverhólslaug. Tíður um land allt í ýmiss konar landi.

VI. Ýmsar ættir (Div. familiae)

21. Enicmus minutus L. HÚSVINUR. Keldulandshvammar, í fúatimbri, Stigasel í fjárhúsum. Algengur um land allt í húsum af ýmsu tagi.
22. Scymnus limonii Don. MARÍUTÍTLA. Hverhólslaug. Tíð um land allt.
23. Byrrhus fasciatus Forst. FALSKILOKI. Sandhvammur, Keldulandshv., Gilsbakki, í gilinu. Tíður um land allt, í hrjóstrugu landi, lifir á mosa.
24. Cryptohypnus riparius Fabr. SMELLIBJALLA. Fundin á flestum athugunarstöðunum. Mjög algeng um land allt í hvers konar gróðurlendum.
25. Malthodes atomus Thom. Laugarhvammur, Jökulsárgil við Gilsbakka. Sjaldgæf tegund, aðeins fundin á einum stað á Norðurlandi áður (í Eyjafirði).
26. Malthodes mysticus? Kies. Skógarhvammurinn við Merkigil. Sjaldgæf tegund, líklega bundin við skóga og kjarr.

Að undanskildum þeim tveimur tegundum sem síðast eru taldar (nr.25 og 26) eru allar þær bjöllutegundir sem hér eru skráðar, tíðar eða algengar um allt land, enda hefur þeirra allra verið áður getið úr Skagafirði (Zool.Icel.).

F L U G U R (Diptera)

I. Bibionidae (Galdratfluguætt).

1. Dilophus femoratus Meigen. Fundin á mörgum söfnunarstöðum. Alg. um land allt.
2. Bibio nigriventris Halid. (LITLA GALDRAFLUGA). Keldulandshvammar. Nokkuð tíð á Suðurlandi en áður ófundin norðanlands. (Líkl. fundin í Jökulsárgljúfrum).
3. Bibio pomonae Fabr. GALDRAFLUGA (SÁLUFLUGA). Keldulandshv., Laugarhvammur, Tunguhálslaug og Laugarmýri. Algeng tegund um norðanvert landið.

II. Simuliidae (Bitmýsætt).

4. Eusimulium sp. Tunguháls, á nokkrum stöðum. Tíð um land allt.
5. Simulium vittatum Zett. BITMÝ (Mývargur). Fundin á allmörgum stöðum.
6. Simuliidae (Simulium) (ógreint). Safnað á nokkrum stöðum.

III. Limoniidae (Limnobiidae) (Vængdílaflugætt).

7. Erioptera (Symplecta) hybrida Meigen. Sandhvammur, Laugarhvammur, Gilsbakki, á börmum gilsins. Fátíð á Norðurlandi, þó fundin við Bakkakot í Skagafirði.
8. Erioptera trivialis Meigen. Grjótárgilsblaug, Gilsbakki (gil og barmar), Laugarmýri, Hverhlóshvammur. Alg. um land allt, lirfan við læki og laugar.
9. Dicranota exclusa Walk. Grjótárgilsblaug, Gilsbakki, gilið. Tíð um land allt.
10. Limnophila meigeni Verr. Laugarhvammur, Tunguhálslaug. Sjaldgæf tegund á Norðurlandi en þó fundin áður við laugar í Skagafirði.
11. Limonia (Dicranomyia) didyma Meigen. Sandhvammur, Grjótárgilsblaug, Tunguhálslaug, Hverhlóshvammur (eyri). Tíð um land allt, lirfan í bleytu, oft við laugar.
12. Limonia (Dicranomyia) autumnalis Stæg. Stekkjarflatir (laugin og hvammurinn), Tunguhálslaug og Laugarmýri og Hverhlóslaug. Tíð um land allt, oft við laugar.
13. Ormosia (Rhypholyphus) fascipennis Zett. VÆNGDÍLAFLUGA. Fundin á mörgum söfnunarstöðum, m.a. við laugarnar. Algeng um land allt, við vatn og raklındi.
14. Ormosia hederae Curtis. Fundin á flestum söfnunarstöðum. Tíð um land allt, bundin við vötn og votlendi.

IV. Ýmsar mýflugur (Diverse Nematocera).

15. Exechia spp. (2-3 tegundir). Fundin á allmörgum söfnunarstöðum.
16. Leia bimaculata Meigen. Keldulandshvammar, Laugarhvammur. Fátíð tegund, einkum fundin sunnanlands, við laugar, þó fundin við laugar í Tungusveit, Skagaf.
17. Scatopse notata L. Stigasel, Tunguháls (Laugarmýri). Tíð um allt land.
18. Thaumalea verralli Edw. Grjótárgilsblaug. Sjaldgæf tegund, áður ófundin á Norðurlandi (Z.I.). Lirfan lifir á rökum klettum.
19. Tipula rufina Meigen. HROSSAFLUGA. Stigasel og Merkigil. Alg. um land allt.
20. Sciaridae (Bradysia ?) Tegundir af þessari ætt fundust á nokkrum stöðvum.

V. Empididae (Strandfluguætt)

21. Chelifera precatoria Fall. Keldulandshvammar, Gilsbakki (gilið), Tunguháls-laug. Mest fannst af henni í trjálundinum í Keldulandshv. Fágæt tegund, áður aðeins fundin á Kvískerjum (1979) og undir Eyjafjöllum. (Lindroth o.fl. 1973).
22. Clinocera stagnalis Halid. (STRANDFLUGA). Fundin á mörgum stöðum, en mest var af henni við Tunguháls- og Hverhólalaugar. Tíð um land allt.
23. Emphis lucida Zett. Gilsbakki, gilbarmarnir. Hér og þar um landið.
24. Platypalpus ecalceatus Zett. Fundin á nær öllum athugunarstöðum. Viða í miklu magni t.d. í Keldulandshvömmum. Samkv. Z.I. er tegundin fátíð um allt land og ekki er hennar getið áður úr Skagafirði.
25. Rhamphomyia hirtula Zett. Gilsbakki, gilbarmarnir. Sjaldgæf háfjallategund, þó fundin áður í Skagafirði, við Mælifellshnjúk.
26. Rhamphomyia simplex Zett. Fundin á flestum athugunarstöðum. Tíð um land allt.

VI. Syrphidae (Randaflugu- eða Blómafluguætt)

27. Eristalis intricarius. Keldulandshvammar. Stór og áberandi randafluga, sem nýlega hefur numið land hérlendis (Sjá Týli 7. árg. bls. 22) og er m.a. orðin tíð í Eyjafirði.
 28. Melanostoma mellinum L. Skógarskeiðin við Merkigil. Algeng sunnanlands en fátíð á Norðurlandi. Þó fundin áður í Skagafirði.
 29. Metasyrphus punctifer Frey. Ábæjargil, Laugarmýri við Tunguháls. Sjaldgæf tegund, áður ófundin í Skagafirði.
 30. Neoascia geniculata Meigen. Jökulsárgil við Gilsbakka. Sjaldgæf tegund, þó fundin áður við Mælifell í Skagafirði.
 31. Phalacrodira (Epistrophe) tarsata Zett. Sandhvammur, Grjótárgilslaug. Fátíð um land allt. Fundin áður í Skagafirði.
 32. Platychirus albimanus Fabr. Fundin á flestum athugunarstöðum. Alg. um l.a.
 33. Platychirus clypeatus Meigen. Fundin á mörgum athugunarst. Tíð um land allt.
 34. Platychirus peltatus Meigen. Fundin á nær öllum athugunarst. Tíð um land allt, nema líkl. fátíð á Norðurlandi.
 35. Sericomyia lappona L. Gilsbakki, gilið og Stigasel. Heldur fátíð um allt land, þó fundin áður í Skagafirði (á Mælifelli).
 36. Sphaerophoria scripta L. Gilsbakki, gilbarmar. Viða um land, en ófundin áður í Skagafirði.
 37. Syrphus torvus Osten-Sacken. Sandhvammur, Tunguháls, gilið. Fátíð tegund, en hefur fundist viða um land, þó ekki í Skagafirði áður.
- VII. Dolichopodidae (Fögrufluguætt).
38. Dolichopus plumipes Scop. FAGRAFLUGA. Fundin á nær öllum athugunarstöðum. Viða í miklu magni. t.d. á Gilsbakka. Alg. um land allt, í raklendi.
 39. Syntormon pallipes Fabr. Grjótárgilslaug. Fátíð, en fundin áður í Skagafirði.

VIII. Ephydriidae (Hverafluguætt).

40. Hydrellia griseola Fallén. Keldulandshvammar, Laugarhvammur og Grjótárgils-laug. Líklega alltið um land allt. Áður fundin að Reykjum í Skagafirði.
41. Parydra pusilla Meigen. Gilsbakki, í gilinu og við Stigasel. Fátíð um land allt, en fundin áður við laugar í Tungusveit.
42. Scatella spp. HVERAFLUGUR. (4 tegundir þekktar hér). Fundust á öllum athugunarstöðunum nema 8. Víða í miklu magni. (Sú tegund sem hér er tíðust við laugar er Scatella thermarum Coll. og má telja vist að hún sé við laugarnar á könnunarsvæðinu.) Allar tegundirnar hafa áður fundist í Skagafirði.

IX. Borboridae (Taðfluguætt).

43. Copromyza spp. (TADFUGUR). (3-4 tegundir þekktar hér). Fundust á nær öllum söfnunarstöðum og víða í miklu magni. Tegundir þessar eru tíðar um allt land, og lifa oftast í skít.
44. Ischiolepta (Sphaerocera) pusilla Fallén. Sandhvammur, Keldulandshvammar. Mjög sjaldgæf tegund, áður aðeins fundin á Akureyri og í Rvík. Líklega bundin við búsetu manna.
45. Thoracochaeta zosterae Halid. Sandhvammur. Lifir í þangi, og hefur líklega slæðst þarna uppeftir frá sjónum.
46. Limosina spp. (margar náskyldar tegundir hér), flestar sjaldgæfar). Grjótárgilslaug, Gilsbakki og Hverhólalaug.
47. Borboridae (ógreindar) (nokkrar tegundir). Fundust við Ábæ.

X. Agromyzidae.

48. Liriomyza richteri Her. Sandhvammur, Kelduland, Laugarhv., Gilsbakki, gilið. Sjaldgæf tegund, áður aðeins fundin á n. stöðum á SA- og S-landi.
49. Liriomyza sp. Grjótárgilslaug, Tunguhálslaug, Hverhólalaug. Skv. Zool. Icel. er aðeins þekkt ein L. tegund (uf.) héðan, svo hér er etv. ný teg. f. landið.
50. Phytomyza spp. (nokkrar tegundir þekktar héðan). Fundust á mörgum stöðum.

XI. Scatophagidae (Mykjufluguætt).

51. Chaetosa punctipes Meigen. Stigasel og Ábær. Sjaldgæf tegund en fundin víða um land, m.a. að Mælifelli í Skagafirði.
52. Scatophaga furcata Say. Fundin á nær öllum söfnunarstöðunum. Algeng um allt land, sést oftast á blómum.
53. Scatophaga stercoraria L. MYKJUFLUGA. Fundin á nær öllum athugunarstöðum. Mjög algeng um land allt á nýjum skít og á blómum.

XII. Calliphoridae (Fiskifluguætt).

54. Calliphora spp. FISKIFLUGUR (MADKAFLUGUR). Stigasel og Hverhólar. Alg.
55. Protophormia (Phormia) terra-novae Rob.-Desv. Keldulandshvammar. Alg. um land allt, oft í húsum.

XIII. Muscidae (Húsfluguætt).

56. Coenisia pumila Fellén. Fundin á nær öllum söfnunarstöðum. Alg. um 1.allt.
57. Delia spp. (5 tegundir íslenzkar, þar af D.brassicae, kálflugan). Tegundir af þessu kyni fundust á mörgum stöðum. Aðeins ein teg. þekkt úr Skagafirði.
58. Fannia postica Stein. Hverhólalaug. Sjaldgæf tegund, áður óf. í Skagafirði.
59. Limnophora (Calliophrys) riparia Fallén. Tunguhálslaug. Tíð um land allt. Lirfan lifir í lækjum og laugum.
60. Limnophora spp. Fundust á ýmsum söfnunarstöðum á svæðinu.
61. Lispa consanguinea Leow. Hverhólalaug. Líklega aðallega við jarðhita hér-lendis, fundin áður við Skíðastaði, Skagaf.
62. Muscidae. Ýmsar tegundir, (líkl. 10-15) fundust m.a. í Sandhvammi og Keldu-landshvömmum.
63. Nupedia infirma Meig. (N. dissecta Meig.). Laugarhvammur, Gilsbakki og Tunguhálslaug. Mjög algeng um allt land.
64. Pegohylemyia fugax Meigen. Tunguháls, gilbarmar. Algeng um land allt.
65. Pegohylemyia tuxeni Ringdahl. Tunguhálslaug. Tíð um land allt.
66. Pegohylemyia spp. Tunguháls, gilið og Hverhólahvammur.
67. Pegomyia bicolor Wiedem. Tunguhálslaug. Sjaldgæf á Norðurl., óf. í Skagafirði.
68. Pegomyia sp. Gilsbakki.
69. Spilogona vana Zett. Tunguhálslaug. Sjaldgæf á Norðurl. Ófundin í Skagafirði.
70. Spilogona spp. (5-7 tegundir þekktar héðan). Flugur af þessu tagi fundust á flestum athugunarstöðunum, líklega um 4 tegundir.
71. Thricops (Lasiops) hirsutula Zett. Hverhólalaug. Algeng um land allt.
72. Thricops longipes Zett. Tunguháls- og Hverhólalaugar, og nágrenni. Tíð um allt land.
73. Thricops sp. Fannst víða austan vatnanna, etv. sama og uf. tegund.

XIV. Ýmsar fluguættir (Diverse Brachycera fam.)

74. Oscinella hortensis Coll. (O.frit) FRITTFLUGA. Fundin á flestum stöðum austan vatnanna. Tíð um land allt.
75. Lonchoptera furcata Fellén. Sandhvammur og Hverhólalaug. Heldur fátíð en þó fundin áður í Skagafirði við laugar.
76. Tetanocera robusta Leow. STARFLUGA. Lirfur þessarar tegundar hafa fundist víða um land, í pollum, tjörnum og laugum.
77. Palloptera trimacula Meigen. Merkigil, í skógarhvamminum. Sjaldgæf tegund.
78. Chamaemyia geniculata Zett. Sandhvammur og Laugarhvammur. Sjaldgæf tegund.
79. Neoleria septentrionalis (prominens?). Ábær. Fátíð um land allt. Óf. í Skagaf.
80. Helomyza spp. (2 tegundir á ísl.) Fundust á nokkrum stöðum. Báðar tíðar.
81. Ornithomyia lagopidis Sharp. LÚSFLUGA. Gilsbakki. Tíð um allt land.

Almennt um flugnategundirnar.

Af þeim ca. 80 tegundum flugna, sem skráðar eru í undanfarandi lista eru um helmingur (35-40) tegundir algengar eða tíðar um landið allt, en hinar eru fátiðar eða staðbundnar. Eftirfarandi tegunda er ekki getið áður úr Skagafirði (skv. Zool. Icel.): Bibio nigriventris, Thaumalea verralli(18), Limonia didyma(11), Platypalpus ecalceatus(24), Chelifera precatoria (21), Ischiolepta pusilla(44), Thoracochaeta zosterae(45), Liriomyza richteri(48), Fannia postica(58), Spilogona vana(69), Syrphus torvus(37), Eristalis intricarius(27), Metasyrphus punctifer(29), Sphaerophoria scripta(36), Palloptera trimacula(77), Neoleria septentrionalis(79), Pegomyia bicolor(67) og Ornithomyia lagopidis(81) eða 18 tegunda alls. Thaumalea verralli, Chelifera precatoria (21) og Liriomyza richteri(48) er ekki getið af Norðurlandi fyrr, og Bibio nigriventris er heldur ekki getið þaðan, en fannst nýlega í Jökulsárgljúfrum.

Það er áberandi hve margar þessara sjaldgæfu tegunda eru bundnar við jarðhita, a.m.k. á þessu svæði. Þannig fundust 12-13 tegundir af flugunum aðeins við laugarnar (Grjótárgil, Tunguhálslaug og Hverhólalaug) og nokkrar aðrar fundust þar og í næsta nágrenni.

D. VESPUR (Hymenoptera)

1. Alysia manductor Panzer. Tunguhálslaug. Sníkir á flugum. Algeng um 1.allt.
2. Chalchoidea. Tunguhálsmyri.
3. Banchus monileetus Grav. Gilsbakki og Tunguhálslaug. Sníkir í fiðrildalirfum.
4. Barychnemis claviventris Grav. Tyrfingsstaðir, Keldulandshvammar. Alg.teg.
5. Bombus jonellus Kirby. HUNANGSFLUGA. Keldulandshvammar (1 þerna). Alg.um land allt, en er ekki mikið áberandi á þessum árstíma.
6. Icneumon extensorius L. (I. albiger). Tunguhálslaug. Tíð um allt land.
7. Melobris collector Thumb. Keldulandshvammar og Tunguhálslaug. Tíð um sunnanvert landið en áður ófundin norðanlands. Sníkir líklega á fiðrildum.
8. Pimpla sp. (3 teg. þekktar hérlendis, tíðar eða algengar). Tyrfingsstaðir, Keldulandshvammar, Tunguháls (mýri).
9. Rogas circumscriptus Nees. Gilsbakki,gilbarmar. Fundin í öllum landshlutum, en hvergi algeng. Sníkir á fiðrildum.
10. Ógreindar æðvængjur(vespur) (Hymenoptera) fundust á nær öllum athugunarstöðunum, og víða allmikið, en ekki voru tök á að greina þær að sinni.

Engin þeirra tegunda af æðvængjum, sem hér eru taldar, er verulega fágæt, en nr.2,5,6 og 8 hafa ekki fundist áður í Skagafirði og nr.6 er ný fyrir Norðurland. Eins og fram kemur í listanum eru þetta sníkjuvespur, og sníkja lirfur þeirra í ýmsum skordýralirfum.


E. TÍTUR (Hemiptera)

1. Cicadula quadrinota F. BLETTATÍTA. Tunguhálslaug. Sjaldgæf tegund, áður aðeins fundin á Suðurlandi.
2. Macrostelis laevis Rib. (Cicadula sexnotata Fall.). RÁKATÍTA. Sandhvammur, Ábær, Tunguháls (gilbarmar). Tíð um land allt.
3. Orthezia cataphracta (Olafsen). JARÐLÚS. Fundin á mörgum söfnunarstöðum. Mjög algeng um land allt, lifir í mosa- og grassverðinum.
4. Salda littoralis L. HAGALÚS(Hagatíta). Sandhvammur,Gilsbakki,Stigasel,Ábær. Mjög algeng um land allt, oftast við vötn eða sjó.
5. Teratocoris saundersi Dougl. & Scott. (T.herbaricus). GRÆNTÍTA. Tunguhálslaug og Ábær. Tíð eða algeng um austanvert landið, til Skagafj.á Norðurl.
6. Aphidae. (BLAÐLÝS). Gilsbakki,gilið (í tengslum við skógrækt).


F. NETVÆNGJUR (Neuroptera)

1. Boriomya betulina. BIRKINETVÆNGJA. Jökulsárgil, í skógarhvammi við Merkigil. Fundin í öllum landshlutum, en hvergi algeng. Bundin við birkiskóga.
- NB. Vorflugur(Trichoptera). Af þeim fannst aðeins eitt eintak, Limnophilus sp. við Keldulandslaug (Grjótárgil). Lirfunum var ekki safnað.


Mynd 26




Mynd 27




Mynd 28




Mynd 29




Mynd 30




Mynd 31




Mynd 32



Mynd 33.



FJÖLDI SKORDÝRATEGUNDA
á athugunarstöðum



K Ö N G U L Ä R

Hálfdán Björnsson

Hálfdán Björnsson safnaði köngulóm á sömu stöðum og hann safnaði skordýrum, en ekki var þó um eins kerfisbundna söfnun að ræða, heldur voru köngulær teknar þegar þeirra varð vart við skordýrasöfnunina. Köngulærnar voru deyddar með skordýrunum, en síðan settar í 70% isopropanol. Nafngreiningu annaðist Árni Einarsson líffræðingur, Líffræðistofnun Háskólans, Reykjavík. Sýnin eru varðveitt í Náttúrugripasafnинu á Akureyri og í Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.


1. Araneus diadematus Clerck. FJALLAKÖNGULÓ. Fundin á flestum athugunarstöðum. Algeng á svæðinu, einkum í giljum og klettum, urðum o.s.frv.
2. Araneus cornutus Clerck. Fundin á flestum athugunarstöðum. Algeng í giljunum.
3. Araneus patagiatus Clerck. Keldulandshvammar. Alltið á Norðurlandi.
4. Gnaphosa lapponum(L.Koch). Kelduland. Mjög algeng um land allt.
5. Haplodrassus signifer(C.L.Koch). Grjótárgil og Keldulandshvammar. Alg. um 1.a.
6. Leptyphantes complicatus (Emerton) (L.umbraticola). Kelduland. Fremur fátið.
7. Pardosa palustris(L.) (Lycosa tarsalis) HNOÐAKÖNGULÓ. Kelduland, Grjótárgil, Tungháls. Mjög algeng um land allt.
8. Pirata piraticus(Clerck). LAUGAKÖNGULÓ. Tyrfingsstaðir, Hverhólalaug . Tíð um land allt, en finnst nær eingöngu við laugar.
9. Tegenaria domestica (Clerck). HÚSAKÖNGULÓ. Gilsbakki, í íbúðarhúsi.
10. Xysticus cristatus (Clerck). KRABBAKÖNGULÓ. Keldulandshvammar, Grjótárgils-laug, Merkigil. Algeng um land allt í mólendi og kjarri.

Í næsta nágrenni við könnunarsvæðið fundust auk þess eftirfarandi tegundir:


12. Dismodicus bifrons (Blackwall). Egilsá. Fágæt tegund, aðeins fundin á fjórum stöðum á landinu áður, þar af premur á Norðurlandi.
13. Erigone arctica Kulcz. Giljar í Vesturdal. Algeng um land allt.
14. Hilaira frigida (Thorell). Giljar í Vesturdal. Algeng um land allt.
15. Leptorhoptrum robustum (Westring). Giljar í Vesturdal. Algeng um land allt.
16. Leptophantes mengei Kulcz. Egilsárgil. Tíð um land allt.
17. Savignya frontata (Blackwall). Egilsá, í garði. Algeng um land allt.

Að sögn Árna Einarssonar er engin þessara köngulóartegunda neitt sérstaklega athyglisverð eða mjög fágæt. Aðeins nr.12 mun vera sjaldgæf, en þó líklega víða á Norðurlandi.

Mynd 34



Mynd 35



S N I G L A R

Hálfdán Björnsson

Hálfdán Björnsson skrásetti snigla og safnaði þeim á nokkrum sömu stöðum og hann safnaði skordýrum. Þeir voru yfirleitt settir í isopropanol til deyðingar og varðveislu. Bersniglar voru að jafnaði greindir lifandi á staðnum þar sem þeir verða oft ógreinanlegir eftir deyðingu. Hálfdán sá einnig um nafngreiningar á sniglunum, nema fáein eintök voru greind af Árna Einarssyni.

A. SNIGLAR MEÐ BOBBA

1. Cochlicopa lubrica (Müller). EGGBOBBI. Tyrfingsstaðir, Kelduland, Hverhóll. Í grasbrekkum í giljunum, sérlega mikið í Keldulandshvömmum.
2. Euconulus fulvus (Müller). KEILUBOBBI. Fundin á flestum athugunarstöðum. Algengasta bobbategundin á svæðinu og víða í miklu magni í hvömmum í giljum.
3. Nesovitrea hammonis (Ström). GEISLABOBBI. Keldulandshvammar, í töluberðu magni. Talinn algengur um land allt.
4. Oxychilus allarius (Miller). LAUKBOBBI. Keldulandshvammar og Hverhólslaug. Finnst um land allt en fremur fátíður.
5. Pupilla muscorum (L.). SVEPPASTÚFUR. Tyrfingsstaðir og Kelduland, í grashvömmum, einnig í gilinu við Gilsbakka. Tíð um norðanvert landið.
6. Succinea pfeifferi Rossm. MÝRABOBBI. Keldulandshvammar, við dý. Mjög algeng tegund um land allt, í allskonar raklendi.
7. Vertigo modesta arctica Wallenb. ÖRDUSTÚFUR. Tyrfingsstaðir og Ábær, eitt eintak á hvorum stað. Nokkuð tíður um norðanvert landið. (Einnig á Giljum).
8. Vitrina pellucida (Müll.). HVANNBOBBI. Fundinn á flestum athugunarstöðum. Virðist álika algengur og keilubobbinn. Í allmiklu magni við Kelduland og Hverhólslaug. Algengur um land allt.

B. BERIR SNIGLAR.

9. Agrolimax agrestis (L.). BREKKUSNIGILL. Aðeins getið frá Giljum í Vesturdal, en er líklega algengur á svæðinu. Alg. um land allt.
10. Arion (Mesarion) subfuscus (Drap.). BRÚNI SNIGILL. Gilsbakki og Merkigil, í Jökulsárgilinu. Algengur um land allt.
11. Lehmannia marginata (Müller). HLÍÐASNIGILL. Tunguháls (og Giljar). Tíður um land allt.

Einnig eru til ógreind sýni af bersniglum frá Keldulandi, Gilsbakka og Tunguhálsi. Eins og fram kemur í skránni, eru þær sniglategundir sem fundust á könnunarsvæðinu yfirleitt tíðar eða algengar um landið allt. Aðeins nr. 4 (laukbobbi) hefur ekki fundist áður í Skagafirði.

L A U G A R

Laugar koma fyrir á þremur stöðum á virkjunarsvæðinu þ.e. við bæina Kelduland/Stekkjarflatir, Tunguháls og Hverhóla/Bakkakot. Laugarnar koma upp við mjög mismunandi aðstæður á hverjum þessara staða og eru því að sama skapi ólíkar, en við þær allar er tölувérður gróður og fjölbreytt smádýralíf. Þær eru lítt snortnar af manna höndum, sem er næsta óvenjulegt um laugar svo nálægt byggðum bólum, og engin þeirra hefur verið tekin til nýtingar. Þær hafa því allar töluvvert verndargildi en mismunandi mikið. Fyrirhuguð Villinganesvirkjun snertir laugarnar misjafnt. Keldulandslaugin fer öll á kaf í stíflulónið, Hverhóla/Bakkakotslaugar að hluta en Tunguhálslaugar sleppa að mestu leyti. Því miður virðist verndargildi lauganna vera nokkurn veginn í öfugu hlutfalli við þessa fyrirhuguðu skerðingu.


1. Keldulandslaugar (Grjótárgilsblaugar) (Mynd 32)

Laugarnar koma fram í svonefndu Grjótárgili, fyrir sunnan og neðan bæinn Kelduland og við hann er laugin oftast kennd, enda þótt gilið liggi á mörkum Keldulands og Stekkjarflata og meginíð af vatninu komi upp Stekkjarflata megin. Í gilinu koma víða fram leifar af um 3-4 m breiðum, samsettum, berggangi, er stefnir NA-SV og hallar eilítið til SA. Hefur gilið sýnilega grafist meðfram honum og virðast laugarnar fylgja honum eftir og koma jafnvel út úr honum á stöku stað. Laugarnar koma einkum fram að sunnanverðu (SA) í gilinu og í gilbotnum á um 50 m kafla. Mesta vatnsmagnið virðist spretta upp nálægt miðju gilinu að sunnanverðu, þar sem við kölluðum "Kinn", en þar vætlar heita vatnið á mörgum stöðum út úr skáhöllum klettavegg, á um 15 m löngum og nokkurra m breiðum kafla. Er þar ríkulegur gróður af mosa, grasi og blómjurtum.

Við efri enda Kinnarinnar er dálítill pollur í lækjarfarveginum, grafinn af manna völdum, og virðist notaður sem baðpollur. Kemur þar upp talsvert laugavatn og má líklega kalla það aðaluppsprettuna. Vatnshitiinn í þessum polli var 35° C og sami hiti er yfirleitt í lindaaugunum í Kinninni. Vatnshiti í aðallæknum (Grjótá) var (4.8.1979) 11° og 9° í Bæjarlæknum sem fellur ofan í gilið að norðanverðu. Rétt fyrir neðan laugarpóllinn var hitinn í læknum orðinn 16° og 19° fyrir neðan Kinnina. Hélzt það hitastig í læknum allt til ósa.

Skammt fyrir neðan Kinnina er stórt gaflaga stykki af ganginum áðurnefnda, að sunnanverðu í gilinu. Þar kemur laugarvatnið upp í mjórri rauf á dálitlum hrygg, sem gengur út í gilið að norðanverðu og stefnir skáhallt á það þ.e. nokkurn veginn N-S. Að sunnanverðu vottar einnig fyrir svipuðum hrygg í beinni stefnu af hinum og eru þar einnig laugavætlur. Í hryggjum þessum er frauðkennt berg (gjall) og steinvölur, sem laugarvatnið hefur sýnilega límt saman í harða steypu.

Mynd 36



Vatnshitinn í raufinni er 31-32°C. Þar nokkur slýgróður. Neðar í gilinu eru enn nokkur laugaraugu að sunnanverðu (við dálítinn stapa) og er töluluverður gróður þar umhverfis. Þar er vatnshitinn 27°. Heildarvatnsmagn lauganna í Grjótár + gili hefur verið áætlað 5,3 l/sek. (Tr. Einarsson 1942).

GRÓÐUR á laugasvæðinu í Grjótárgili er viða gróskumikill og sérkennilegur, einkum í "Kinninni" sem fyrr var nefnd. Breiður af slýi, mosa og grasi þekja þar klettavegginn. Slýið er af ýmsum gerðum en virðist einkum vera úr blágrænbörungum (*Phormidium*, *Rivularia* o.fl.) og þráðlaga bakteríum, líklega brenni-steinsbakteríum (*Beggiatoa* o.fl.) auk kísilþörunga (*Denticula* spp.?) og grænþörunga (*Ulothrix*, *Cladophora* o.fl.) sem eru aðallega í volga læknum.

Af mosum var lifurmosinn Pellia neesiana langmest áberandi og myndar viða sam-felldu þekju á klettunum þar sem volga vatnið sitrar niður. Var hann óvenjulega stórvaxinn þarna. Einnig var nokkuð af dýjaskóf (*Marchantia alpina*), lindamosa (*Pohlia wahlenbergii*), lindahnokk (*Bryum pseudotriquetrum*), stjörnuskæni (*Mnium stellare*), Campylium stellatum, Dichodontium pellucidum, Cratoneuron spp., og Gymnostomum aeruginosum sem er fágæt tegund hér á landi (sjá mosaskrána).

Af háplöntum voru grastegundir (vinglar og sveifgrös) mest áberandi, en auk þess mikið af brennisóley, ólafssúru, túnífíflum, linda- og mýradúnurt, linda- og laugasefi. Ennfremur uxu þarna smjörgras, hrafnaklukka, mosasteinbrjótur og gleymmérei.

DÝRALÍF: Smádýralíf er þarna mjög auðugt, einkum í Kinninni. Mikið er þar af mýrabobba (*Succinea*). Kóngulær eru allmikið áberandi, einkum fjallakóngulóin (*Araneus diadematus*), mýrakónguló (*Pardosa palustris*), ennfremur fundust Haplo-drassus signifer og krabbakónguló (*Xysticus cristatus*). Af skordýrum voru áber-andi stórir járnsmiðir (*Nebria gyllenhali*?) og ranabjöllur (*Otiorrhynchus*). Hveraflugur (*Scatella* spp.) skriðu hvarvetna um á slýinu í volgrunum, mikið var af fögruflugu (*Dolichopus plumipes*), Coenisia pumila (af húsflugætt), Dicra-nota exclusa og Limonia spp. (af fögruflugætt) og Hydrella griseola, sem er bundin við laugar á Norðurlandi. Einnig fannst þarna tegundin Thaumalea verralli sem hefur ekki fundist annarsstaðar á Norðurlandi til þessa. Af vorflugum fannst ein tegund, sem var ekki greind frekar.

Keldulandslaugar er getið í heimildum í sambandi við slys er þar varð árið 1637 (sjá Söguminjaskrána, bls.115) og sýnir það að laugin hefur verið notuð til þófs og þvotta, sem altítt var um svipaðar laugar.

VERNDARGILDI: Keldulandslaugin hefur tvímælalaust mjög mikið verndargildi, vegna hinna sérstöku aðstæðna í gilinu, og vegna ríkülegs gróðurs og dýralífs.

Ekki er kunnugt um aðrar laugar í Skagafirði, né heldur annarsstaðar á Norðurlandi, þar sem laugar koma upp við svipaðar aðstæður og þarna. Væri því full ástæða til að tryggja verndun þessara lauga jafnvel með friðlýsingum.

Sýnt er að Keldulandslaugar sem náttúrufyrirbæri munu eyðileggjast ef til kemur virkjun Héraðsvatna við Villinganes, því þær munu fara á kaf í stíflulónið.

2. Tunguhálslaugar. (Mynd 26).

Laugarnar að Tunguhálslaugum eru við svonefndan Laugarhöfða SSA af bænum, niður við Jökulsárgilið (vestara). Aðallaugarnar eru tvær, nefndar Ytri- og Syðri-Laug.

Ytri-Laugin er NV af höfðanum í myri, sem nú hefur verið ræst fram og ræktað tún umhverfis laugina. Þar koma upp um 2-3 l/sek af 35° heitu vatni, og rennur þaðan lækur um gildrag niður í Jökulsárgilið, norðan höfðans. Í lækjargilinu var byggð sundlaug um aldamótin (Sjá Söguminjaskrána, bls 135).

Syðri-Laugin er á gilbarminum, SV við Laugarhöfðann og kemur upp í dálítilli gróf. Vatnsmagn er þar heldur minna, en hitastigið svipað ($33-34^{\circ}$) og rennur þaðan einnig volg lækjarspræna niður í gilið, um skarð í klettaveggnum, og sitrar síðan niður í gegnum langa grjótskriðu. Á milli lauganna og vestan við þær er Laugamýrin, sem svo kallast, og eru þar víða smávolgrur. Er þar víða sérkennilegur gróður og stórvaxinn, en þó ekki sérstakar jarðhitaplöntur.

Syðri-Laugin kemur upp á (eða rétt við) mikinn berggang, með SV-NA stefnu, sem er um 12 m þykkur. Koma einnig fram laugavætlur sunnan í honum, niðri í gilinu, og kísilútfellingar sem mynda stórar ljósar skellur á bergen. Sjást þær einnig á framhaldi gangsins að austanverðu í gilinu. Annar gangur er þarna með norðlægri stefnu, sem skáskef fyrri nefndan gang og er líklegt að heita vatnið komi upp á þessum gangamörkum.

GRÓÐUR OG DÝRALÍF: Niðri í Jökulsárgilinu, fyrir neðan Syðri-Lauginu, er allmikill og stórvaxinn gróður þar sem jarðhitans gætir. Ber þar mest á æти hvönn og ýmsum blómjurtum og grastegundum. Mikið er af mosanum Pellia neesiana og Cratoneuron- tegundum. Silfurmura kemur fyrir á jarðhitasvæðinu, svo og laugasef og lindasef. Gilið reyndist mjög auðugt af tvívængjum (flugum). Þar á meðal var allmikið af galdraflugu (Bibio pomonae), strandflugu (Clinocera stagnalis), hveraflugum (Scatella), Coenisia pumila, Tricops longipes o.fl. Af sjaldgæfum skordýrategundum fundust þarna Chelifera precatoria, sem hefur aðeins fundist á fáeinum stöðum á SA-landi áður, titutegundin Cicadula quadrinotata (blettatíta) og sníkjuvespan Melobris collector, sem áður hafa aðeins fundist á Suðurlandi.

VERNDARGILDI Tunguhálslauganna er ekki sambærilegt við Grjótárgilslaugar, en verður þó að teljast nokkuð mikið vegna viðtækra áhrifa jarðhitans á gróður og smádýralíf, í Laugamýrinni og niðri í Jökulsárgili.

Við Villinganesvirkjun munu sjálfar aðallaugarnar (Ytri- og Syðri-Laug) ekki skerðast, né heldur Laugamýrin, en hvannstóðið í gilbotninum mun fara í kaf, svo og hluti af skriðunni með jarðhitagróðrinum, og ýmsar smávætlur niðri í gilinu.

3. Hverhóla- og Bakkakotslaugar.

Laugar þessar koma upp á sprungu er stefnir nokkurn veginn N-S og gengur skáhallt yfir Jökulsá vestari um það bil sem hún fellur inn í klettagilið, niður (vestur) af bænum Bakkakoti og ANA af bænum Hverhólum, skammt frá klettahrauk miklum er kallast Stóri-Hverhóll. Þarna er þykkt ármalarlag í gilinu og virðast laugarnar koma upp úr því. Hefur það límst saman í fast berg fyrir áhrif laugarvatnsins. Jón Jónsson (1959) telur að laugin (Bakkakotslaug) sé tengd berggangi með NA-SV- stefnu. " Hluti af honum sést upp úr eyrinni vestan við ána og svo sést hann í brekkunni þar vestur af. Þessi gangur er a.m.k. 10-12 m þykkur en vel má vera að hann sé þykkari, því lítið sést af honum upp úr hinum lausu jarðlögum. Gangurinn stefnir undir molabergsklöpp skammt sunnan við aðallaugina, austan megin árinnar. "

Vatnshiti er hér um helmingi hærri en í hinum laugunum, eða $65-66^{\circ}\text{C}$ og vatnsmagnið er einnig mun meira. Hefur það verið áætlað um 10 l/sek. austan megin, en um 5 l/sek. vestan megin árinnar (Jón Jónsson 1959), en að líkindum er það tölувert meira, því líklega kemur nokkur hluti vatnsins upp í sjálfri ánni. Bakkakotsmegin koma laugarnar upp í mörgum vatnsmiklum augum sem liggja á um 20-30 m langri sprungu, á árbakkanum, nokkuð samsíða honum, og innan við 1 m yfir vatnsborði árinnar, svo áin fellur þar yfir í flóðum. Hverhóla megin koma laugarnar upp neðst í malarskriðu, um 5 m frá bakka árinnar á línu sem virðist stefna þar nokkuð samsíða ánni (í NA), og er um 20 m löng. Streymir vatnið úr einu vatnsmiklu auga og mörgum smáaugum, niður yfir vægt hallandi klappir, sem eru úr samanlímdri möl eða mórenu, og víðast þaktar af grænu eða blágrænu slýi. Er allt að 60° hiti í sumum þessum vatnslænum þar sem slýið virðist þrifast með ágætum. Spölkorn neðar með ánni eru einnig smá-laugavætlur, og líklega einnig Bakkakotsmegin þar á móti, svo alls tekur laugasvæðið yfir um 100-150 m langan hluta af gilinu. Aðallaugin er um 3 m yfir vatnsborði árinnar.

GRÓÐUR OG DÝRALÍF: Þar sem Bakkakotslaugin er öll í flóðáli árinnar, er þar ekki um mikinn gróður að ræða, fyrir utan þörungasly og mosa. Við Hverhólalaugina er hins vegar allríkulegur gróður í brekkunni vestan við laugina, austan undir Stóra-Hverholi. Eru þar breiður af blágresi og hrútaberjalyngi. Silfurmura vex þar einnig í stórum stíl nálægt laugunum, mikið af mýradúnurt og mýrasefi og þrílitafjóla í skriðunni fyrir ofan. Liðfætla fannst þarna í grenndinni, en hún er mjög sjaldgæf á þessum slóðum. Í slýinu eru einkum blágrænbörungar (*Haplosiphon lamin-*

osus, o.fl.) en þráðlaga bakteríur, grænar eða blágrænar, mynda hlaupkenna skorpu þar sem heitast er.

Þarna var mikið af hveraflugum (*Scatella*), fögruflugu (*Dolichopus plumipes*), strandflugu (*Clinocera stagnalis*), Thricops longipes, Coenisia pumila og Limnophora-tegundum. Sjaldgæfar flugutegundir, eins og Lispsa consanguinea Fannia postica og Liriomyza sp. fundust þarna einnig. Mikið var af smellibjöllu (*Cryptohypnus riparius*), kragasmið (*Calathus melanocephalus*) o.fl. bjöllum. Mikið var af laukbobba (*Oxychilus allarius*) og hvannbobba (*Vitrina pellucida*).

VERNDARGILDI Hverhólalauganna er allmikið, einkum vegna gróðursins og þess smá-dýralífs sem því tengist, en Bakkakotslaugin hefur hins vegar litið verndargildi. Hagnýtt gildi þessara lauga er hins vegar mikið, því þær myndu nægja til að hita upp þorp af meðalstærð, og etv. heilan kaupstað. Við Villinganesvirkjun fara neðstu laugarnar í kaf, en efstu laugarnar Hverhólamegin verða líklega í vatnsborði lánsins. Gróður myndi að sjálfsögðu spillast mikið og jafnvel eyðast, en möguleiki myndi vera að nýta laugarnar, a.m.k. með borun.

S Ö G U M I N J A R

Helgi Hallgrímsson

Söguminjar eru hér raktar eftir jörðunum, sem liggja að giljum þeim og gljúfrum er fyrirhuguð Villinganesvirkjun snertir. Með söguminjum er hér átt við alls konar byggðaminjar, svo sem tættur húsa, garðlög o.fl., svo og sögustaði í víðustu merkingu. Reynt var að grennslast eftir öllum slíkum minjum en einkum þó þeim sem liggja fjær bæjum og ætla má þessvegna að séu gamlar og hafi lítið eða ekki verið raskað. Söguminjaskráin er ekki einskorðuð við það land sem verður fyrir beinni röskun vegna virkjunar Héraðsvatna, heldur var reynt að hafa hana sem ýtarlegasta fyrir umræddar jarðir, enda er aldrei að vita hvar borið verður niður, við efnistöku og annað, ef til slíkra framkvæmda kemur (sbr. einnig landlýsinguna).

Ýmsar heimildir voru notaðar við samningu skrárinnar. Í fyrsta lagi Örnefna-skrár, sem Örnefnastofnun Þjóðminjasafnsins útvegaði ljósrit af. Eru þær flestnar skráðar af Margeiri Jónssyni á Ögmundarstöðum, eftir ábúendum viðkomandi jarða. Fyrir Gilsbakka liggja þó fyrir skrár frá Hjörleifi Jónssyni og Gesti Jónssyni, bændum þar, og Hjörleifur Kristinsson á Gilsbakka hefur skráð örnefna-lýsingu Tyrfingsstaða, eftir Kristínu Jóhannsdóttur er þar bjó lengi.

Hjörleifur Kristinsson hefur einnig lesið uppkast að þessari söguminjalýsingu, og bætt þar við mörgum mikilvægum upplýsingum og jafnvel gert sér ferðir til að skoða tættur sem getið er um. Af öðrum mikilvægum heimildum má nefna sér-staklega Jarðabók Arna Magnússonar og bókina Fortidsminder og Nutidshjem paa Island, eftir Daniel Bruun (1928), svo og aðrar ritgerðir sama höfundar.

Því miður gat ég ekki komið því við að skoða allar þær minjar sem getið er í skránni, og eru lýsingar á þeim því stundum teknar beint upp úr viðkomandi heimildum. Þetta á einkum við eyðibýlin í Merkigilslandi. Þær minjar sem verða fyrir beinum áhrifum af virkjuninni voru þó allar skoðaðar.

Við staðfærslu minjanna er gott að hafa hliðsjón af minjakortinu, bls. 125, og örnefnakortum í Landlýsingunni, bls. 9, 18, 22 og 32 .

I. TYRFINGSSTAÐIR.

1. Tyrfingsstaðabær. Bærinn á Tyrfingsstöðum fór í eyði árið 1969. Hann hefur að mestu sloppið við þá byltingu sem varð á flestum sveitabæjum á síðustu áratugum. Þar stendur enn torfbær með framhúsi að hluta úr timbri. Framhúsið var byggt 1904 og baðstofan var endurbyggð um 1960, en aðrir hlutar bæjarins munu vera ævagamlir. Vegghleðslur eru úr klömbruhnaus og virðast mjög vandaðar, enda er bærinn furðu lítið skemmdur. Fjós var áfast bænum og stendur það enn uppi. Fjóshlaðan er örskammt norðan bæjar, en heimreiðin milli hennar og bæjarins. Fjárhús voru dreifð um túnið að fornum sið og eru tættur þeirra á einum sex stöðum. Standa veggir flestra þeirra uppi, en þök eru illa farin eða fallin. Nafngreind eru þessi fjárhús: Pálshús, Hólshús og Surtlukofi. Smáhólar við bæinn nefnast Kvíhóll og Smiðjuhóll og sér þar til tótta af viðkomandi mannvirkjum þ.e. af kvíum og smiðju. Gamall túngarður umlykur túnið að miklu leyti.

Tyrfingsstaðabærinn með tilheyrandí útihúsum er einstakt sýnishorn af íslenzkum sveitabæ af meðalstærð, en slík sýnishorn gerast nú mjög fáséð. Ekki er kunnugt um að neinn bær af þessari gerð hafi verið friðlýstur, hvað þá slík húsaþyrping með tilheyrandí útihúsum, túni o.s.frv. Væri því full ástæða til að Þjóðminjasafnið kannaði möguleika á einhvers konar varðveislu bæjarins.

Ef til virkjunar kemur mun vatnsborð lönsins verða um neðanvert túnið á Tyrfingsstöðum, en mögulegt virðist að hlifa bæjarhúsum og þeim húsatóttum er næst standa bænum, ef fyrir því verður hugsað í tíma. (Mynd 2)

2. Gerði(ð) nefnast gömul fjárhús í brekkurótum, nokkur hundruð metra norður af bænum og um 100 m fyrir ofan veginn, út og upp af Stekkjarhöfða. Voru þar síðast höfð hross fram um 1850. (Árni Magnússon (1712) kannast ekki við að þar hafi verið búið).

3. Tóftarbrot (Fjallhús) "ofan gamla vegar" (Örn.). Ekki er vitað nákvæmlega um staðsetningu á þeim en sögð eru þau vera neðst í Fjallhúsalaut, sem er kunnugt örnefni hjá heimamönnum.

4. Stekkur á Stekkjarhöfða, við Héraðsvatnagil NV af bænum. Vallgróin tótt, tvískipt (um 10 x 4 m) er fremst á höfðanum.

5. Stekkur í Bæjarhvammi, neðst, niður við Héraðsvötn, SV af bænum. Þar er grjótveggur hlaðinn fyrir klettakví svo þar myndast aðhald. Skammt þar sunnan við eru hlóðir, hlaðnar úr steinum, sem voru notaðar til ullarþvotta.

6. "Rétt" í Bæjarhvammi. Á sléttum bala upp við brekkuna, efst (austast) í Bæjarhvammi er einkennileg rúst, sem virðist hafa verið eins konar rétt. (ll.md.)

Þar eru leifar grjótveggja sem myndað hafa ferhyrning, ca. 11 x 14 m , og inni í honum miðjum er ánnan hólf, einnig ferkantað og í svipuðum stærðarhlutföllum (3,5 x 5,5 m), að því er virðist án tengsla við ytri vegginn, en hefur þó etv. verið tengt honum með þvervegg á einum stað, svo þrjú hólf hafa verið í réttinni. Dyr eru að SV-verðu á réttinni (á langvegg miðjum), og hefur líklega verið hlaðið grjóti út frá þeim til að auðvelda innrekstur.

Ekki er neitt vitað um þýðingu þessa mannvirkis eða notkun þess. Hafi það verið stekkur hefur hann verið óvenjulega stór, og hafi það verið rétt, er byggingarlag hennar mjög óvenjulegt. Bendir allt til að rústin sé mjög forn.

(Við vegarlagningu Orkustofnunar ofan í hvamminn hefur grjót hrunið að réttinni, brekkumegin, án þess þó að skadda hana.)

Allar minjar í Bæjarhvammi munu fara undir stíflulón fyrirhugaðrar virkjunar, samkvæmt nágildandi áætlun um hana.

7. Söguleg örnefni önnur. Örnefnin Seldalur og Seldalsskorningur þekkjast uppi í fjallinu fyrir ofan Tyrfingsstaði, en ekki er vitað til að þar hafi verið sel, og engar sjást þar seltættur að sögn Hjörleifs Kristinssonar.

Nethóll heitir við Vötnin, niður af bænum, hafa þar líklega verið breidd net til þerris. Messuhóll er lítið áberandi melhóll upp við gamla veginn og við hann kennd Messuhólslind og Messuhólslækur (skammt fyrir utan bæinn). Hefur þar líklega verið áningaráður messufólks forðum daga. Gatklettur er brík niður við ána á merkjum Tyrfingsstaða að sunnan "Upp undan honum er landa - merkjasteinn með áletrun, sem skv. landamerkjabréfi ætti að vera mqM." (Örn.)

II. KELDULAND

1. Keldulandsbær. Á Keldulandi eru sagnir um að verið hafi bænhús og kirkjugarður. "Bænhús segja menn hjer hafi að fornu verið, vottar hjer enn fyrir kirkjugarði og stendur skemmu hús í garðinum. Enginn þykist minnast hjer hafi verið tíðir veittar" (Jarðabók Á.M., 1712). Nú mun alveg ókunnugt hvar þessi mannvirki hafa staðið. Kviatunga heitir enn upp af bænum "Þar voru gamlar kvíar" (Gestur Jónsson). Lambhúsavöllur er sunnan við Kviatungu og Gíslhúsa-völlur enn sunnar. Húsavöllur er suður af bænum, en þar voru gömlu fjárhúsin. Hús þessi og húsatættur munu nú vera horfin í túnið.

2. Smáland nefnist fornt eyðibýli, nyrst í landi Keldulands, skammt fyrir ofan nýja veginn. . í Jarðabók Árna Magnússonar er þessi klausa: "Smáland hefur hjer heitið hjáleiga, í auðn næstu 50 ár, bygðin varaði 3 ár það menn vita, óvist hvert lengur. Girðingarleifar eru hjer, so sem um einn dagsláttureit. Líkast verið hafi þrælsgerði að fornu." Þar eru enn sýnilegar tættur. og túngarður, allt óhreyft. (Skáli er nú þar nálægt).

3. Stekkur í Stekkjarhvömmum (Keldulandshvömmum) niðri í Héraðsvatnagili við ármót Jökulsánna. Þar hefur grjótveggur verið hlaðinn fyrir vik á milli kletta, og er sjálft vikið einnig upphlaðið að nokkur leyti, en framan við þetta mannvirki er svo annað hólf, eins konar rétt. Í innra(efra) hólfíð hafa verið gróðursett tré, sem nú eru um 7-8 m á hæð, og mynda þarna fallegan lund. Litlu neðar í hvamminum, alveg fram á gilbarminum, mótar fyrir grjót- og torfgarði umhverfis lítinn, þríhyrndan reit, líklega gamall matjurtagarður. Minjar þessar munu að líkindum lenda í vatnsborði stíflulónsins ef virkjað verður við Villinganes.

4. Matjurtagarður í Bæjarhvammi, við gilið spölkorn ofar (austar), um 30-40 m á lengd, umluktur torfgarði, snýr móti hásuðri á mjög skjólsælum stað. Líklega ekki langt síðan hann var notaður, því að þar vex enn rabarbari.

5. Keldulandslaug (Grjótárgilslaug) er niðri í Grjótárgili, þróngu klettagili, fyrir sunnan og neðan bæinn, en gilið er á merkjum Keldulands og Stekkjarflata. Eins og aðrar laugar hefur Keldulandslaugin verið notuð til þvotta frá ómunatið. Hennar er getið í Skarðsáránnál vegna slyss sem þar varð árið 1637. Þar segir svo frá: " Hljóp uppstíflað vatn yfir tvær konur og einn pilt við Keldulandslaug í Skagafirði. Dó konan önnur og pilturinn, önnur fannst lifandi illa til reika." Fólkið hefur sennilega verið þarna við þvott, og snjóstífla brostið uppi í fjallinu. Engin merki sjást nú um hina fornu þvottalaug, en baðpollur er þarna hreinsaður upp á hverju vori.

6. Vörlugarður gamall úr torfi liggur "norðan við engið, upp og niður, neðan frá á (Krosshöfða) og upp í svonefndar Brekkur, upp undan Mýrunum." (Örn.) Stendur hann að nokkru leyti enn, ofan vegar.

7. Sortufen (og Sortufensholt) heitir á Mýrunum, skammt fyrir norðan bæinn. "Þar er næg sorta, en það er grænleit leðja, og var hún mikið notuð til litunar!" (Gestur Jónsson). Er nú að líkindum komið í túnið.

8. Önnur örnefni, sögulegs eðlis: Vendingshöfði heitir við Héraðsvatnagilið, af því þar hrapaði hestur með því nafni (G.J.). Háavarða "ævagömul og úr grjóti hlaðin" (G.J.) er út og upp frá Bæjarborg í fjallinu.

III. STEKKJARFLATIR.

1. Stekkjarflatabær. "Steckiarflater, önnur hjáleiga í auðn síðan bóluna, bygt áður í langa tíma og þó áður í auðn um 15 ár með vilja heimabóna, sem sjálfur brúkaði hjer grasnytina; áður hafði hjer lengi bygt verið." (Jarðabók Árna Magnússonar). Eins og hér kemur fram voru Stekkjarflatir hjáleiga frá Keldulandi framan af öldum, en síðar sjálfstæð jörð, metin til jafns við heima-jörðina. Ekki er vitað um neinar gamlar minjar heima á bænum.

2. Gerði "heitir suður undan bænum. Þar er túnblettur og rústir." (G.J.:Örn.)
Gerðið hefur verið á dálitlum hólkolli norðan við Gerðisgilið, um 150 m suður af bænum. Þar hefur verið sléttáð tún og munu rústirnar hafa horfið að verulegu leyti við þá framkvæmd.

3. Bygggerði heita beitarhús frá Stekkjarflötum, er standa á dálitlum höfða við Jökulsárgil og Mosgil, er skiptir löndum við Gilsbakka. Túnblettur er þar umhverfis. í Jarðabók Árna Magnússonar er þess getið þannig: " Bygggerði heitir hjer gamalt fjárhússtæði, hefur hjer aldrei bygð verið í manna minni, og þó sjást hjer girðingar og má hjer eigi byggja fyrir heyskaparleysi." Síðar hefur þó verið búið þarna um eitthvert skeið, Um það vitnar kirkjubók úr Akrahreppi, þar sem þess er getið að 14. marz 1755 var skírt barn í Silfra-staðakirkju, er hlaut nafnið Steingrímur og voru foreldrar hans skráðir til heimilis í Bygggerði. Einhverjar sagnir eru um að síðasti ábúandinn hafi heitið Jón og verið kallaður Jón dauðablóð (Gestur Jónsson: Örn.). Nafnið bendir til að þarna hafi upphaflega verið akurgerði (byggakur), enda eru skilyrði hin ákjósanlegustu til ræktunar. Á síðari tímum hafa verið þarna beitarhús, og sjást gamlar tættur á dálitlum hól í túnjaðrinum um 50 m norðan við núverandi fjárhús, sem líklega eru gamlar beitarhúsarústir. Einhverjar tættur hafa líklega verið sléttáðar þarna við túnrækt.

4. Stekkir eru þekktir á a.m.k. þemur stöðum í Stekkjarflatalandi, þ.e.
a) við Stekkjarhól(í Stekkjarreit), milli Gerðislækjar og Breiðamels, nokkurn spöl ofan vegarins. Sjást þar enn greinilegar tættur, að sögn Hjörleifs Kristinssonar. Einnig eru tættur sunnan við Breiðamel, sem gætu verið gamall stekkur.
b) milli Grundarhausa, skammt SA af fyrra staðnum, og fast við veginn eru leifar mannvirkis, sem líklega hefur verið stekkur, að sögn Hjörleifs. Var eitthvað raskað af vegagerðinni en þó reynt að hlífa þeim.
c) á barmi Stórhólsgil, þar sem það mætir Jökulsárgili eru greinilegar, tvíhólfáðar tættur úr grjóti, og ógreinilegt hólf umlukt torfgarði þar rétt við. Virðist þetta hafa verið stekkur en ekki er hans getið í örnefnaskrám.

5. Matjurtagarður í Laugarhvammi í mynni Jökulsárgils við ármótin, og fast við Grjótárgil að sunnanverðu. Tveir samliggjandi reitir, umluktir torfgarði, nú uppgrónir með grasi og blómum. Annar er sennilega eitthvað eldri en hinn.

6. Söguleg örnefni: Gálgagil " er klettaskora ofarlega í Gerðisgili. Sagt er að þar hafi verið lagður gálgi yfir gilið og hengdur þar óbótamaður." (Gestur Jónsson). Árnakrús nefnist laut niður úr Stórhólvshvilst, kennið við Árna nokkurn er þar heyjaði (G.J.). Brunnlág "liggur upp og ofan norðan við Gerðisgil. Þar er lind sem sjaldan frýs." (G.J.).

IV. GILSBAKKI.

1. Gilsbakki. "Gilsbakki var hjáleiga frá Keldulandi eins og Stekkjarflatir, og var í eyði 1713. " Hefur 7 ár í auðn verið, áður bygð langvarandi fyrir meir en hundrað árum, og tók heimabóndinn." (Jarðabók Á.M.). Jörðin hefur þó byggst aftur um 1720-1730 og virðist oftast hafa verið í byggð síðan. (Hjörleifur Kristinsson og Jarða og búendatal). Bæjarstæðið er afar sérkennilegt, í miklum bratta á barmi mikils gilskornings er nefnist Bæjargil. Hefur það líklega verið minna þegar bærinn byggðist fyrst. Á Gilsbakka stendur enn uppi hluti af gömlum torfbæ, sem nú er að falli kominn. Þá eru nokkur fjárhús úr torfi og grjóti heima við bæinn, sem enn eru notuð, og virðast vera lítið breytt.

2. Stigasel er suður við Merkigilið, skammt frá gilbarminum, þar sem vegurinn liggur yfir gilið. í Jarðabók Á.M. er það talið vera selstaða frá Keldulandi. "Par sjást girðingar að norðan og austan, so sem hefði þar að fornu bygð verið." (Jarðabók Á.M.). Síðar varð það húsmannsbýli frá Gilsbakka og var búið þar nokkuð samfellt frá 1845 til 1873. Eftir það voru þarna beitarhús frá Gilsbakka og eru svo enn í dag. Núverandi hús voru byggð um 1965, litlu neðar en bærinn stóð. Rústir bæjarins voru jafnaðar við jörð þegar túnið var sléttan þarna í kring, en hleðslur munu vera óhreyfðar undir grassverðinum. "Hrútakofi var fyrir sunnan lækinn, efst á túninu og hlaut hann sömu örlög, einnig kartöflugarður allstór, er þar var." (Hjörl. Kristinsson).

3. Rústir í Reitnum. Milli Stekkjargils og Strangalækjargils " sést fyrir nokkrum tóftarústum á við og dreif, bæði fyrir ofan og neðan veginn, en engar sagnir hefi ég heyrt um þær eða nafn á þeim." (Hjörl. Jónsson: Örnefnaskrá). Hjörleifur Kristinsson segist aldrei hafa séð þarna greinilegar rústir og hafi nafni hans undrast það. Þarna er allmikið jarðvegsskrið og má vera að það hafi villt um fyrir mönnum.

4. Stekkir eru þekktir á nokkrum stöðum í Gilsbakkalandi, sem örnefni vitna um meðal annars. a) Við Stekkjargil skammt fyrir austan bæinn, þar sjást enn dálitlar tættur á gilbarminum að norðan, neðan vegarins, b) Við Strangalækjargil að norðvestan, skammt frá svonefndu Stekkjarholti voru stekkjarbrot sem nú eru komin í túnið að sögn Hjörleifs, en þarna er nú hesthústótt, miklu yngri.

" Á tveimur stöðum norðan við Merkigilið eru grónar rústir. Hinar neðri gegnt Tjaldhól, virðast hafa verið stekkur. Hinar efri á barminum spölkorn ofan við Fagradalsmela. Ekki gott að segja hvað þar var." (Hjörl. Kristinsson).

5. Réttir eða smá réttarhólf, hlaðin úr grjóti, eru hér og hvar á gilbörmunum, m.a. syðst á Bæjarhöfða. " Var hún notuð fram um 1930, þá var byggð önnur suður við Votuklauf. Sú var notuð þar til nauðsynlegt þótti að fara með mæðiveiki-girðinguna í gegnum hana, en það var um 1940." (Hjörl. Kristinsson).

6. Leiðir yfir Merkigilið. Merkigilið hefur jafnan verið mikill farartálmi á leiðinni fram Austurdalinn og er svo enn í dag, en nokkrar leiðir eða götur lágu yfir það, sem telja verður með sögulegum minjum. Um þær hefur Hjörleifur Kristinsson ritað ýtarlega í grein sinni um Merkigilið í 4. árgangi Skagfirðingabókar 1969. Aðalleiðin og sú eina sem farin varð með hesta, liggur eiginlega fyrir ofan aðalgilið, eða á mörkum gilsins og Merki- eða Bakkadals. Er þar brú á ánni, byggð 1939. Gatan liggur þarna í ótal krókum niður skriðurunna hlíðina að norðanverðu og upp á milli klettanefja að sunnanverðu, en þar eru víða hlaðnir kantar að veginum og sprengt var úr klettunum (þegar í lok 19. aldar) til að auðvelda vegagerðina. Vegur þessi þurfti mikið viðhald og voru ætluð 12 dagsverk árlega í því skyni. Allir aðrættir til Merkigilsbæjar fóru fram eftir þessari leið, áður en brúin kom á Jökulsá við Skuggabjörg.

M.a. var flutt byggingarefni til núverandi íbúðarhúss yfir gilið um 1950. (Sjá bókina Konan í dalnum, eftir Guðmund G. Hagalín). (Mynd 54).

Gangandi menn styttu sér oft leið yfir gilið, er þeir fóru á milli bæjanna. Voru þá einkum farnar tvær leiðir, er kallaðar voru Einstigur og Miðstigur. Einstigur liggur yfir gilið neðst, niður við Jökulsá, og er stytta leiðin á milli bæjanna. Var farið um svonefndan Einstigsgeira og beint yfir á mjóan röðul er skagar fram milli giljanna, hinum megin. Þessi leið er nú ófær vegna þess að hrunið hefur úr röðlinum, en krækja má upp fyrir það skarð og er þó ekki greiðfært. Miðstigur liggur yfir gilið nálægt miðja vega milli Einstigs og aðalvegarins. Er farið niður gjá að norðanverðu og upp svonefndar Miðstigstörfur. Þetta er erfið leið, þótt ekki séu klettar í henni, enda er gilið einna dýpst á þessum slóðum, og mun hún ekki hafa verið mikið farin.

7. Söguleg örnefni o.fl.: Tröll eða Tröllshaus heitir steindrangur niður í Jökulsárgili, suður og niður af bænum (skammt fyrir utan Dauðageira). "Á trölli sést vel fyrir höfði, hálsi og herðum" (Margeir Jónsson:Örn.). Sagt er að drangurinn sé nátttröll er dagað hafi uppi á leið yfir gilið, eftir að hafa náð sér í krakka á Gilsbakka. (Örnefnaskrá). Drangurinn hrundi um 1950. (Hj. Kristinsson). Dauðageiri í Jökulsárgili fyrir neðan bæinn dregur sennilega nafn af því að þar hafa kindur lent í svelti. . . Glámsgeir(i) heitir hryggur í mynni Bakkadals, er ekki vitað um tildrög nafnsins og engin sögn fylgir. Rústureitur heitir á Bakkadal, og hafa sumir viljað skýra sem rústareit, en engar sjást þar rústir. Pjófadalar heita daldrög uppi í fjalli fyrir ofan Gilsbakka. Að sögn Hjörleifs Kristinssonar er það ungt örnefni, eins konar gælunafn, gefið af unglungum. Réttarhvammur heitir fyrir innan Garðsgil á Bakkadal. Þar var grjótrétt sem áin braut niður rigningarhaustið 1887 (Hj. Kristinsson). Kvíasteinn heitir skammt SA af bænum, og munu þar hafa verið kvíar í grenndinni.

V. MERKIGIL

1. Merkigilsbær. Merkigil er mikil jörð og landgóð. Var þar löngum margt í heimili og stundum tvíbýlt. Upp úr aldamótunum 1800 var jörðin Miðhús lögð undir Merkigil og höfð þar selstaða en síðar beitarhús. Bænhús var á Merkigili til forna. " Hjer segja menn bænhús hafi að fornu verið og vottar enn fyrir kirkjugarðs leifum, en húsið affallið fyrir löngu og hefur bæjarlækurinn burt grafið helming grundvallarins." (Jarðabók Á.M.). Af þessari umsögn má ætla að bænhúsið hafi staðið fast við bæjarlækinn. Mónika Helgadóttir á Merkigili telur að kirkjugarðurinn hafi verið báðum megin við lækinn og "þegar grafið var fyrir núverandi fjóshlöðu komu upp mannabein." (Hjörl. Kristinsson)

Engin gömul hús eru nú á Merkigili í upphaflegri mynd en nafngreind útihús í túninu voru m.a. Lambhús og Hólhús ofan bæjarins, tvö Hesthús og Mangakofi sunnan lækjarins ofan vegar, Sauðhús, Brynhildarhesthús og Snorrakofi neðan vegar. " Yzt í Merkigilstúni (neðan vegar) er lind, sem Gvendur biskup góði á að hafa vígt. Trúin á lækningamátt þessa vatns getur varla talist aldauða." (Hjörl. Kristinsson: Örnefni o.fl.) Kvíabrekka heitir SA af bænum.

Í löndum Merkigils og Miðhúsa eru nokkur eyðibýli, sem virðast sum hver vera mjög gömul, enda minjar um þau víða ógreinilegar og örnefni nokkuð á reiki. Danski fræðimaðurinn Daniel Bruun fór þarna um árið 1897 og skoðaði þá flest þessara býla og skrifaði lýsingar á þeim (Gennem affolkede bygder 1898 o.fl.) Mörg þessara býla hafa síðar verið notuð sem stekkir, beitarhús eða sel og sum hafa kannske aldrei verið annað.

2. Öxl nefnist gamalt býli rétt fyrir sunnan Merkigilið, þar sem vegurinn liggur yfir það. Þess getur ekki í Jarðabók Á.M. Þarna eru enn greinilegar tóttir af a.m.k. þremur húsum og tungarður umhverfis (D.Bruun). Eru þær í dálitlu grasi grónu dragi, skammt ofan vegarins, um 150-200 m frá gilinu. Í þjóðsögum er þetta býli tengt dysinni á barmi Merkigilsins (sjá síðar).

3. Leiti (Leitisstekkur) er af öllum staðkunnugum talið hafa verið skammt fyrir sunnan túnið á Merkigili, og rétt fyrir utan (norðan) Stekkjargilið. (Í Örnefna skrá Margeirs Jónssonar er það talið vera rétt fyrir sunnan Væthús). Þess er getið í Jarðabók Á.M. "Leitisstekkur og Selgrundir heita hjer og sjást girðingar á hverutveggja stað, sem verið muni hafa þrælsgerði, en bygð aldrei, getur og ekki verið." Hjörleifur Kristinsson telur þarna "rústir sjáanlegar", og muni stekkur hafa verið byggður þar á rústum býlisins, eins og nöfnin gefa til kynna.

4. Væthús (Merkigilshús) eru gömul beitarhús frá Merkigili um 1 km innan við bæinn (á móti Einirlækjum). Þau voru einnig nefnd Merkigilshús, og voru í notkun fram um 1880. Þar þótti reimt á stundum, því maður hafði slasast til dauðs ná-lægt húsunum (Örnefnaskrá og Þjóðsögur Ól. Davíðssonar). Síðar var rétt byggð

á húsarústunum og var hún notuð sem stóðrétt fram um 1940 (Hjörl. Kristinsson). Réttin stendur þarna enn, skammt fyrir neðan veginn og er 11 x 7 m, og skammt frá henni er gömul tótt (3 x 4 m) mjög vallgrón. Utan um þessar minjar er hringlaga túngarður (um 75 x 50 m) vel sýnilegur, og bendir hann til þess að um sé að ræða gamalt býli, og sennilega það sama sem Á.M. kallar Selgrundir, en Selgil og Selgilsgrundir heita þarna nokkru framar.

D. Bruun nefnir ekki Væthús, en lýsing hans á eyðibýlinu Fjósum getur vel átt við þessar minjar. Segir hann þar vera stekk frá Merkigili(1897), er standi á gömlum fjárhústóftum. Fjósar áttu að vera við Fjósalæk, um 1 km sunnar og sáust það einhverjar tættur til skamms tíma (að sögn Elínar Jóhannesdóttur).

5. Fitjar eru enn eitt eyðibýli, að talið er, og hafa staðið á votlendu nesi sem nefndist Fit, en það er niður við ána, andspænis Skuggabjörgum, eða skammt þar frá sem nú er Jökulsárbrúin. Þar hefur nú verið ræktað upp tún og þá líklega sléttáð yfir þær minjar sem þarna voru. "Fitjar heitir hjer fjárhússtæði. Þar eru fornar girðingar, og segja menn þar hafi bygð verið í gamalli tíð; aldrei bygt í manna minni nema 1 ár. Eru nú 17 ár síðan." segir í Jarðabók Á.M. Daniel Bruun (1897) fann þarna tættur af tveimur fjárhúsum, samþyggðum, og við þau tvo ferhyrnda reiti umlukta góðum, er hann hélt vera matjurtagarða, en gætu eins hafa verið réttir, svo og smátótt er hann taldi geta verið stekk. Segir hann að menn telji þessar rústir ekki meira en 100 ára gamlar. Teikning af rústunum er í bók hans. Ekki minnist hann á túngarð og raunar er ekkert sem bendir sérstaklega til að þarna hafi verið búið.

6. Miðhús. Sem fyrr var getið voru Miðhús sjálfstæð jörð lengi fram eftir öldum og þannig var t.d. 1713 þegar jarðabók Árna Magnússonar er rituð á þessum slóðum, og til hennar töldust þá eyðibýlin Kolgrímaðir og Þverákot(Þverá). Árið 1802 keypti Jón Höskuldsson báðar jarðirnar, Miðhús og Merkigil, og nokkru síðar (1813) fóru Miðhús í eyði og voru þá líklega gerð að selstöðu fyrir Merkigil, sem þau voru allt fram um aldamótin síðustu. Þó er getið um ábúendur þar árin 1847-1853 . (Jarða- og búendatal,1956). Á síðustu áratugum voru svo beitarhús frá Merkigili á Miðhúsum, og standa þau enn uppi að hluta, og túnskiki þar umhverfis. Er þetta á allháum stalli eða hjalla, um 1 km utar en andspænis Skatastöðum. Ekki er vitað hvort þar leynast einhverjar fornminjar, en Myllulækur er þar skammt frá, sem bendir til að þar hafi verið vatnsknúin kornmylla.

7. Brennigil (eða Sandgil). " Við Brennigil markar fyrir dálitlum túngarði' og þar inni á túninu sést ein tóft þrískift og mynda öll húsin eina lengju. Þar hefir á síðari öldum verið sel frá Miðhúsum. Sumir hafa getið til að þar hafi bærinn Þverá staðið; en að öðru leyti er örnefni þetta glatað." (Dan. Bruun 1898). Ólafur Jónsson (1976) segir rústirnar vera í viki á milli hlauphlanna, rétt fyrir norðan Brennigilslækkinn og skammt frá Jökulsá, ofan við götuna, er liggur í gegnum hólana. Hann nefnir býlið Brennigerði.

8. Kolgrímaðstadir. Býli þetta hefur staðið nálægt miðjum framhlaupshólunum, sem oft eru kenndir við Brennigil, skammt NV af svonefndum Tjarnarhóli, sem er áberandi hæð í suðurjaðri hlaupsins, og hefur því staðið hærra en aðrir bæir á þessum slóðum. Þeirra er getið í Jarðabók A.M., þannig: Kolgrímaðstader fornt eyðiból, liggur hjer í landinu (þ.e. Miðhúsum). Þar hefur um langan aldur ekki bygt verið og túnstæðið alt í hrjóstur komið."

Daniel Bruun (1897) kannaði þetta bæjarstæði og birti ýtarlega lýsingu og teikningu af því (1898). Hann segir m.a.: "Túngráður er umhverfis allt túnið, nema á litlum kafla að vestan, þar er snarbrött brekka niður. Lækur rennur um túnið sunnanvert. Þar eru þessar tóftir (sjá teikningu, bls.). Eftir upplýsingum Daniels virðist það varla fara á milli mála, að þarna hafi verið byggt býli, Hjörleifur Kristinsson skoðaði staðinn árið 1980, teiknaði og mældi tæturnar. Ber teikningum þeirra vel saman. Aðalhúsabyrpingin mældist 22 m á lengd og um 14 m á breidd öðrum megin. Skammt frá er langhús mikið 21 x 6 m. Sagnir eru um að býlið hafi eyðst í Svartadauða, en líklega er það enn eldra.

9. Þverá (Þverárkot). "Þverárkot eður Þverá liggur ogso hjer í landinu, so sem nú er eignað Miðhúsum, fram á Ábæjardal, fornt eyðiból, auðn um langan aldur, alt túnstæðið komið í hrjóstur og má ei aftur byggja." (Jarðabók A.M.). Ekki er vitað nákvæmlega hvar þetta býli hefur verið. Hafa sumir talið (t.d. Björn Egilsson, 1950) að það hafi verið fremst á dalnum, jafnvel innan við Grjótá, en þar heitir á ein Þverá í dalbotninum. Meiri líkur eru þó til að Þverárþýlið sé það sama og kallað var Gamlasel (Örnefnaskrá), og er rétt fyrir innan framhlaupshólanum á Miðhúsadalnum. Hefur Ábæjaráin þá að líkindum öll verið kölluð Þverá og Ábær við hana kenndur (þ.e. Árbær), en síðan hefur bærinn stolið nafninu ef svo má segja, og leifar þess dagað uppi inni í dalbotninum. Hjörleifur Kristinsson hefur skoðað rústirnar á Gamlaseli (Þverá) og fann þar skýrar minjar um tvö samþyggð hús (ca. 5 x 9 m hvort) og vott að fleiri tóttum.

10. Stekkir í landi Merkigils/Miðhúsa. a) í Stekkjargamm, syðst í svonefndum Stekkjargörum, skammt fyrir sunnan Merkiglið, fast við Jökulsárgil. Hefur sá stekkur verið byggður upp við klett í smáhvammi (farvegi) og sést greinilega. b) Leitisstekkur við Stekkjargil, áður getið. c) Stekkar á öðrum eyðibýlum.

11. Dysin á barmi Merkigilsins við veginn. Samkvæmt þjóðsögunni átti smala-stúlka að hafa verið dysjuð þar. "Um langt skeið var sú trú ríkjandi, að kasta skyldi þemur steinum á dysina, þegar menn færu yfir gilið í fyrsta sinn." (Hjörleifur Kristinsson, 1969). Dysin er raunar stór steinn. (Daniel Bruun kallar þetta vörðu í ferðasögu sinni frá 1897, og segir Guðmund góða hafa vígt hana. Hjörl. Kristinsson telur að þar hafi dysinni verið ruglað saman við lind eina í Merkigilstúni, sem Guðmundur biskup átti að hafa vígt.)

VI. Á B E R

1. Ábæjarbær. Ábær er ein hinna fornú jarða á Austurdal. Þar hefur lengi verið kirkja, að sumir telja allt frá 11. öld, og var henni þjónað frá Goðdöllum. Ábær fór í eyði árið 1941. Gamall torfbær sem þar stóð er nú að mestu fallinn. Hins vegar stendur þar lítil steinkirkja, rauðlituð af skófum, byggð 1921, við erfiðar aðstæður. Þar er messað einu sinni ári því söfnuðurinn mun enn við lýði. Við kirkjuna er dálítill kirkjugarður, vandlega hlaðinn úr grjóti. Er kirkju og garði allvel haldið við. Bærinn stendur skammt fyrir sunnan Ábæjarána, á fornnum framburðargeira eða eyrum, sem áin hefur aftur grafið sig niður í svo að rétt við bæinn er brattur bakki, grasi gróinn, en þar fyrir neðan eyrar að ánni. Af umsögn Jarðabókar Á.M. (1713) má ráða að kirkjan (og þá líklega bærinn) hafi verið fast við ána, " síðan kirkjan var flutt undan árinnar áhlaupi, hefur hjer ekki kirkjugarður verið.." Hefur kirkjan þá líklega staðið neðan við bakkann, eða neðar á eyrunum þar sem bakkinn er lægri.

Á eyrunum neðan við bakkann, sem eru grýttar en nokkuð grónar, eru réttir hlaðnar úr grjóti, og mun önnur þeirra vera gamlar kvíar. (Kvíar sjást nú yfirleitt hvergi nema á eyðibæjum, því þær hafa jafnan staðið nærrí bæjum og því verið eyðilagðar). Draugurinn Ábæjarskotta var við Ábæ kenndur. (Mynd 62).

2. Brúin á Ábæjará var fyrst byggð um 1850(?) af Guðmundi bónda þar (hann byggði einnig timburkirkju í Ábæ og setti fyrsta kláfinn á Jökulsá við Skata-staði) (Björn Egilsson 1950). Var hún neðar en núverandi brú, líklega hérumbil á móts við bæinn. Hana tók af í miklu hlaupi í ánni árið 1881. Var áin brúarlaus lengi á eftir, en um 1955(?) var byggð ný timburbrú á ána uppi við gilkjaftinn, með hlöðnum stólpum, og er öll hin vandaðasta, enda stendur hún enn.

3. Ábæjarsel(Arastekkur). " Ábæjarsel öðru nafni Arasteckur, þar eru girðingar sem verið muni hafa þrælsgerði, en bygð aldrei." segir í jarðabók Árna Magnúss. Björn Egilsson (1950) telur Ábæjarsel vera uppi á Ábæjardal, en ekki er kunnugt um rústir þeim megin árinnar. Telja sumir að átt sé við Gamlasel (þverá). Arastekkur sá sem getið er í J.A.M. mun vera um 1 km sunnan við Ábæ.

4. Svartibakki "með sama móti" segir Jarðabók Á.M. (þ.e. um hann er sama að segja og Ábæjarsel). Daniel Bruun (1898) lýsir staðnum þannig: "Hér er dálitið tún, 250 x 150 fet, með túngarði umhverfis. Á túninu eru rústir af stekk, sem hlaðinn hefir verið upp úr eldri töftum. Þar eru og tvær aðrar töftir, saman-fallnar og óglöggvar." Staður þessi er miðja vega milli Ábæjar og Tinnár, um það bil sem áin leggst að brekkunni og liggur vegslóðin um túnið.

5. Ófriðarstaðir. "Ófríðarstader, þriðja þrælsgerði eður kanske bygð í gamalli tíð, því hjer sjást húsaleifar innan garðs.." (Jarðabók Á.M.). Daniel Bruun

segir: " Umhverfis túnið er túngarður og fáeinarr mjög fornlegar og óglöggvar tóftir í túninu." Til er gömul munnmælasaga um tilefni nafnsins Ófriðarstaða, sem getið er í ýmsum þjóðsögum. Áttu Eyfirðingar og Austdælir að hafa barist þarna á grundunum og voru þeir sem fíllu dysjaðir þar. Daniel Bruun hefur það eftir Snorra Jóhannssyni á Merkigili að á Ófriðarstaðagrundum séu dysjar, "en sumar af þeim eru nú algerlega blásnar upp; hafði þar fyrir 30-40 árum verið mikið af mannabeinum. Árið 1890 kom ég að dysjum þessum en fann þá aðeins þrjá mannsjaxla, er ég hafði heim með mér." Snorri segir enn fremur að Halldór Hall-dórsson í Nýjabæ (1839-1852) hafi fundið þarna silfurhring "er hann brúkaði síðan ávalt á þumalfingri, því að annars staðar hækði hann ekki." og segist hafa heyrt að sami Halldór hafi fundið þarna koparpípu. Björn Egilsson (1950) getur þess að Ólafur Kristjánsson í Ábæ (1912-13) hafi fundið mannabein þarna, "sem blásið hafði af í moldarbakka." Ekki er kunnugt um að dysjarnar hafi verið rannsakaðar af fornminjafræðingum. ?

6. Tinnársel. Svo nefnist eyðibýli í mynni Tinnárdals að norðanverðu, er staðið hefur undir brattri hlið með stuðlabergsklettum efst. Það virðist um eitt skeið hafa verið sérstök jörð og metið til jafns við Ábæ í Jarðabók Á.M. en þar segir: Er so mælt að þetta sje helmingur af jörðunni Ábæ, og hafi til forna ein jörð verið og þetta Tinnársel bygt á selstöðunni." Selið var þá (1713) " í eyði að kalla síðan bóluna, nema hvað búandinn á Ábæ leigir land og grasnautn fyrir 20 álnir." Á árunum 1800-1850 er búið annað slagið í Tinnárseli. Þegar D.Bruun er þarna á ferð (1897) "er landið notað frá Ábæ og haft þar í seli á sumrum, en húsin höfð sem beitarhús á vetrum. Standa beitarhúsin (bæjarhúsin: prentv.) nú þar sem bæjarhúsin voru áður. Kviarnar eru þar nálægt." D. Bruun birtir einnig teikningu af selinu (D.Bruun 1898, bls.30) og sýnir hún vel þessa merkilegu samtengingu sels og beitarhúsa, sem ekki hefur verið fátið. Beitarhúsin voru notuð eitthvað fram á þessa öld og eru rústir þeirra skýrar.

VI. NÝIBÆR.

1. Nýibær(bær/jörð). Nýibær er forn jörð sennilega höfuðból á fyrstu öldum byggðarinnar enda mjög ländmikil og við hana er kennd Nýjabæjarfrétt og Nýjabæjarfjall milli Eyjafjarðar og Austurdals, sem lengi hafa verið bit-bein Eyfirðinga og Skagfirðinga. Þar virðist hafa verið nokkuð stöðug búseta fram til 1880, er jörðin fór í eyði og byggðist ekki síðan. Árin 1824-1829 bjó þar Hjálmar Jónsson, er síðar var kenndur við Bólu. Nýibær var á eyrum sunnan við Tinnána, niður undir Jökulsá. Er þar nú grænn hólmi sem svarar nokkurn veginn til túnsins sem þarna var raktað og munu rústir bæjarhúsa o.fl.

vera þar finnanlegar. Innan og ofan við túnið hafa eyrarnar blásið upp eða gróður eyðst að einhverjum orsökum, líklega af ágangi áonna eða sandfoki. Sjálfsagt hafa þarna orðið miklar landbreytingar frá því bærinn var fyrst byggður á þessum slóðum. Ekki hef ég fundið neina lýsingu á þeim minjum sem þarna er að finna og hef sjálfur ekki komið á staðinn.

2. Hildarsel, nefnast gömul beitarhús frá Nýjabæ um 2 km innar í dalnum. Standa þau á sléttum grasi grónum grundum, skammt fyrir innan Geldingaskarðsána(?) . D.Bruun (1898) nefnir staðinn Hlíðarsel (stafavíxl?) og segir " þar hafa á síðari tímum verið beitarhús frá Nýjabæ, en eru nú lögð í eyði. Má vera að hér hafi áður verið bær, en það er þó með öllu óvist." Jarðabók Árna getur ekki um staðinn. Hallgrímur Jónasson (1946) segir þar standa stæðilega bæjarveggi, þótt sennilega hafi þar aldrei verið búið. " En um síðastliðin aldamót lét eigandi Nýjabæjar hefja þarna smíði nýbýlis, eftir samkomulagi við ákveðinn leigjanda. En af búskap varð þar aldrei neitt."

3. Hjálmarssel(Sandagil). "Frammi við Hjálmarsselslæk skammt frá Fögruhlið, er Sandagil, sem seinna fékk nafnið Hjálmarssel, af því að Bólu-Hjálmar hafði þar í seli eitt sumar eða svo. Hafa sumir talið, að þangað hafi Hjálmar flutst frá Nýjabæ. Slíkt mun þó á misskilningi reist."(Hallgrímur Jónasson 1946). D. Bruun tekur upp þessa sögn um búsetu Hjálmars þarna, og segir ennfremur: "Á túninu sjást mjög fornlegar tóftir og hefir þar eflaust verið bær einhvern tíma í fyrndinni; segja munnmæli að þar hafi áður heitið Sandagil."

4. Fagrahlíð. " Eyðiból fram frá Nýjabæ, hefur í auðn verið um lángan aldur, þó eru þar sýnileg byggíngarmerki, girðingar um tún og tóftaleifar." (Jarðabók A.M.). D.Bruun (1898) telur líklegt að Fagrahlíð hafi verið "þar sem nú er kallað Fagrabrekka, en engar rústir sjást þar." Órnefnið Fagrahlíð er enn þekkt sem nafn á hlíðinni, milli Hvítár og Hjálmarsselslækjar, en þar eru nokkrar skógarleifar, hinarr mestu í Skagafjarðardölum. Björn Egilsson(1950) segir svo: "300 metrum fyrir framan Hjálmarsselslæk en tóttarbotnará háum bakka við Jökulsá. Það sést ógreinilega nema grannt sé að gáð, og mun þetta vera hið forna eyðiból Fagrahlíð. Ekki sést nú nema ein tótt, en bakkinn hefur blásið og áin brotið (hann), en ekki er það nýlega."


Ekki er vitað um mannvirkjaminjar innar í dalnum að austanverðu, nema ef telja skal kofann Grána, sem er í dalbotninum inn við Geldingsá, í svonefndum Réttarhvammi, og var byggður árið 1920 að tilstuðlan Sesselju Sigurðardóttur á Jökli í Eyjafirði.


SÖGUMINJAKORT

Mynd 37

SKÝRINGAR

- + Bær (i byggð), kirkja
- ▲△ Eyðibýli, gerði, fornþýli
- Beitarhús, sel
- - Stekkur, rétt
- ★ Matjurtargardur
- |||| ▲▲ Garðlag, torfbaer
- X Laug, sôgustaður
- ☒ Álagablettur
- * Skógrækt





VIII. SKATASTAÐIR

1. Skatastaðir eru mjög landmikil jörð. Tilheyrir þeim hlíðin öll að vestanverðu, líklega allt frá Keldudal að sunnan og út á móts við Merkigil, sem er um 20 km vegalengd. Syðsti og nyrsti hlutinn (Selsvellir og Skuggabjörg) hafa þó áður fyrr verið sérstakar jarðir eða jarðeignir. Nú eru Skatastaðir innsti bærinn í dalnum sem er í byggð, og er þar tvíbýlt.

EKKI ER VITAÐ UM NEINAR SÉRSTAKAR MINJAR HEIMA Á BÆNUM, ÞÓTT EFLAUST SÉU ÞAR ÝMIS GÖMUL ÚTIHÚS. " A TÚNINU ÚT OG UPP FRÁ BÆNUM VAR HÚSTÓFT, SEM HÉT EYJÓLFSTÓFT, EFTIR EINSETUMANNI, SEM HÍRÐIST ÞAR UM TÍMA. OG RÉTT FYRIR OFAN TÚNIÐ VAR KVÍAHÓLL. ÞAR VORU KVÍAR. (Margeir Jónsson:Örn.).

Um miðja síðustu öld var settur kláfur á Jökulsá fram undan Skatastöðum og hefur honum verið haldið við síðan, enda oft eini möguleikinn til að komast yfir ána, áður en brúin við Skuggabjörg var byggð. Kláfhvammur heitir þar sem kláfferjan er. (Mynd er af kláfnum í Almanaki Þjóðvinafélagsins árið 1900).

Í grennd við bæinn eru nokkur örnefni sem vitna um eyktamörk, svo sem Nónfoss, Miðdegisgjá, Miðaftansklettur og Miðaftansgil, Náttmálahólar o.fl.

2. Selsvellir eru sel eða eyðibýli innst í landi Skatastaða, tæpum km sunnar en á móts við Nýjabæ, á dálitlu nesi samnefndu. Í jarðabók Árna Magnússonar er býlið talið með Nýjabæ, en fram kemur að eignarhald er óvisst: " Selsvellir heitir fyrir vestan Jökulsá hina eystri, þar eru sýnileg bygðarmerki og túngarðaleifar; segja menn þar hafi búið verið fyrir þeirra minni, sem nú lifa. Það land eigna nú sumir Skatastöðum, sumir Bjarnastaðahlíð, sem liggur í Vesturdölum, og þaðan var það brúkað fyrir selstöðu þegar stóllinn hafði þar bú i tið Hr. Guðbrands. " D.Bruun segir að þar marki enn fyrir túngarði (1897) " og á túnину sjást 3-4 тóftir; sumar þeirra сýнаст vera fjárhús frá síðari oldum." Björn Egilsson segir að þar sjáist tóftabrot " og útlit er fyrir að eitthvað af túni og tóftum sé fallið í Jökulsá."

3. Skatastaðasel (Selið), var um 5 km sunnan við Skatastaði, líklega um það bil á móti Svartabakka hinum megin. "Girðingar eru um Skatastaðasel og enn aðrar utar (Hólakot ?). Hyggja menn að hvorttveggja hafi þrælsgerði verið og aldrei bygt." (Jarðabók Á.M.). " Þar er eyðibýli og sést þar fyrir tóftum. Þar eru beitarhús frá Skatastöðum, en lögðust niður árið 1887"(Marg.Jónss.) Þar mun einnig hafa verið selstaða frá Skatastöðum, sem nafnið vísar til.

4. Hólakot (Hólasel), er rúmum km utar en Skatastaðasel. "Það er á dálitlum stalli, nokkuð uppi í hlíðinni, þar sem göturnar liggja um. Tóftarbrot sjást þar og er enn í minnum haft, hvert þeirra átti að hafa verið baðstofa." (Björn Egilsson 1950). D. Bruun segir túngarð sjást a.m.k. á nokkrum kafla " og á

túninu sjást enn fjórar tóftir." Munnmæli segja að bærinn hafi farið í eyði í Svartadauða. " Þar sést fyrir bæjar- og fjárhúsatóftum, túnstæði og garðlagi" segir Margeir Jónsson (Örnefnaskrá). Minjar þessar munu óhreyfðar að mestu. Í örnefnaskránni er þess getið að " sunnan við túnstæðið er Desjamelur. Þar sjást fjögur dys."

5. Bugshús á Stekkjarnesi, um 1.5 km norðan bæjarins. "Munnmæli segja að hér hafi verið bær; sumir ætla þó að hér hafi aðeins verið beitarhús frá Skatastöðum. Engar eru hér tóftir að sjá og ekkert er sannað geti sögu munnmælanna." (D.Bruun,1898). Margeir Jónsson tekur fastar að orði: "Þar var áður býli, er hét Bugshús og nesið Bugshúsanes. Nú eru þar stekkjarbrot, en sést þar þó fyrir gömlum bæjartóftum"(M.J.: Örnefnaskrá). Ekki getið í Jarðabók Á.M.

6. Skuggabjörg.Um 1 km fyrir utan Bugshús eru Skuggabjörg og bera nafn með rentu, því að snarbratt fjallið rís beint suður af þeim. Þau eru á móti Fitjum í Merkigilslandi og hefur þarna nýlega (um 1970) verið byggð brú á Jökulsá, yfir í Fitjanesið. Skuggabjörg hafa a.m.k. stundum verið talin sérstök jörð, en byggð þar hefur verið stopul. Hún var í eyði 1713 þegar Jarðabók Á.M. var rituð og hafði verið í fjögur ár. " Er almennings mál að þetta sje bygt úr Skatastaðalandi og sje fjórðungur úr jörðunni." "Fóðrast kunni ein kýr naumlega. Nú er skriða fallin yfir túnstæðið, so næsta því er örvænt að aftur megi byggja."(Jarðabók Á.M.). Jörðin hefur þó byggst litlu seinna. "Mætti geta til, að ábúð hefði verið þar óslitin frá því fyrir 1735 og þar til jörðin fer í eyði í Móðuharðindunum 1784." (Jarða- og búendatal, 1956).

Daniel Bruun segir (1898) að þar séu beitarhús frá Skatastöðum " standa þau þar sem bærinn var áður, uppi í hlíðinni; þar vestur af markar vel fyrir túngarði. Á túninu eru tvær gamlar tóftir." Nú hefur túnið verið sléttar þarna og girt, og mun ekki vera um neinar minjar að ræða þar lengur. Í Örnefnaskrá er getið Skuggabjargastekks, í svonefndum Gráfum, sem líkl. er við lýði.

7. Einirlækir(Einilækur,Einirlækur) " Einerlæker segja menn heitið hafi forn eyðiból. Sjást hjer túngarða- og tóftaleyfar. Enginn man hjer hafi bygt verið, og sýnist ekki mega hjer aftur byggjast. Er ágreiningur milli Bjarnastaðahlíðar og Skatastaða, því hverutveggi vilja þessa Einirlæki eiga.." (Jarðabók Á.M.) Í Jarðabókinni getur þess einnig að Bústaðir telji sér rétt til selstöðu í Einirlækjum." Í miklum halla rétt fyrir sunnan lækinn Einirlæk (syðri), og niður við Jökulsárgilið, sést gamall túngarður og tvær tóftir inni á túninu ofanverðu."(Daniel Bruun 1898). Samkvæmt teikningu D. Bruun hefur þetta varla verið annað en sel eða smágerði.

IX. BÚSTAÐIR

1. Bústaðarbær. Bústaðir eru yzti bærinn í Austurdal að vestanverðu, forn jörð og eru enn í byggð. Ekki er vitað um neinar sérstakar minjar þar, en munnmælasögur eru tengdar örnefnum í túninu. " Í túninu var hóll er Búahóll hét, þar átti Búi sá, er fyrstur átti að hafa byggt Bústaði, að vera heygður. Nú stendur þar smiðja, grafin ofan á möl og ekki líklegt, að sögn þessi eigi við neinn sannleik að styðjast." "Einnig er í túninu jarðfastur og að mestu grasgróinn steinn; undir honum á að vera fólgis fé frá gamalli tíð." (Margeir Jónsson: Örnefnaskrá).
2. Brekukot (Hús eða Húsatóftir). Skammt fyrir utan Einirlæki er Húsalækur og Húsahöfði niður við Jökulsárgilið. Örnefni þessi eru kennd við beitarhús er stóðu fyrir ofan Húsahöfða, norðan lækjarins (ofan vegar) og nú eru venjulega kölluð Hús eða Húsatóftir. " Þar var áður býli, sem hét Brekkukot. Sést þar fyrir húsa- og bæjartóftum og einnig garðlagi. Eftir að kotið fór í eyði, voru þar beitarhús, en þau voru lögð niður árið 1895." (Margeir Jónsson: Örnefnaskrá, eftir Ólafi Tómassyni bónda á Bússtöðum). Þessa býlis finnst ekki getið í eldri heimildum svo vitað sé. Tæturnar munu vera óhreifðar.
3. Gerðislækur (Þrælsgerði) er á svon. Merkigilsgrund, niður við Jökulsárgilið, andspænis bænum Merkigili. " Þar var fornt býli er hét Þrælsgerði og sést þar fyrir tóftum." (M.J.: Örnefnaskrá). D.Bruun nefnir Gerðislæk, sem líklega er það sama og Þrælsgerði " en munnmæli segja, að býli eða sel með þessu nafni hafi verið fyrir sunnan Bústaði, þótt menn geti nú eigi vísað á staðinn, eða bent á neitt til sönnunar þessu máli." (D.Bruun 1898). (Í Örnefnaskrá er einnig getið um Gerðisflá, uppi í fjallinu þarna fyrir ofan, en Gerðislækur hins vegar ekki nefndur).
4. Stapi og Staphvammur eru örnefni niður við Jökulsárgilið, mitt á milli Einirlækja og Húsalækjar. Stapinn er allstór, stakur klettur, er stendur á gilbarminum, en á bak við hann er grasi gróin dæld (farvegur), Staphvammur. " Er það alkunn sögn fólks, að stapinn sé huldufólksbústaður. Og þau álög hvíla á hvamminum, að ekki má slá hann, því að sá sem geri það missi stórgrip." Mjög svipuð trú var tengd svonefndum Byrgisgeira, sem er SA í Byrgishöfða, í Jökulsárgili, skammt fyrir innan Bústaði. (Ólafur Tómasson og Kristján Guðjónsson).
5. Stekkar eru þekktir á tveimur stöðum í Bústaðalandi a.m.k. a) Gamlistekkur var NA af Stekkjarhóli, sem nú er kominn inn í mitt túnið, líklega útmáður, en þar fyrir neðan er smátótt á mjóum höfða á gilbarminum. b) Nýistekkur er andspænis Gilsbakkabænum, við Húsmýri (Nýjastekksflóa). Þar hefur verið eitt fjárhús og heystæði á síðari árum.

6. Smalabyrgi: Samkvæmt örnefnaskránni eru smalabyrgi við Smalhól við Geröisflá og Lákabyrgi við Tvívörðuflóa, hvorttveggja uppi í fjallinu. Lákabyrgi mun þó hafa verið breytt í vörðu. (M.J.: Örnefnaskrá).

7. Söguleg örnefni önnur: Ullarmelur er niður við gilið, skammt utan við Bæjarlækinn (af ullarþurrki?), Dauðibás er í gilinu, niður af Gamlastekk (sjá sama nafn á Gilsbakka). Smalasæti, hóll með vörðubroti, út af Gamlastekksmó, nú líkl. komið inn í túnið. Messulaut heitir smádrag á veginum út á hálsinn, rétt fyrir utan Ketil, mun vera gamall áningarástaður. Miðaftansdalir heita skorur í hlíðinni sunnan Stóradals (Brúnkolludals), og Nóngil er andspænis Merkigili. Ennfremur Hádegisklettur, en allt eru þetta eyktamörk frá Bústöðum.

Steinbogi heitir niðri í Jökulsárgilinu, skammt norðan við merki Bústaða og Skatastaða(Skuggabjarga). " Þar var fyrrum steinbogi yfir ána, en nú eru þar aðeins 6 álnir yfir hana, þegar hún er svo vatnslítil sem hún getur minnst orðið. Nú er þar oft seilað." (M.J.: Örnefnaskrá). (að seila er að hala eitthvað á streng yfir ána). Skógr(eða Skógurinn) nefnist staður í Jökulsárgilinu, sunnan við Grundarlækinn. " Hefur þar verið birkiskogur, en nú eru aðeins eftir tvær hríslur." (M.J.:Örn.). " Á brúninni, rétt norðan við Bæjargilið er Varðan, það er eyktamark frá Bústöðum, og svarar til kl. 2 e.h. " (M.J.: Örn.).

X. BAKKAKOT (Byrgisskarð)

1. Bakkakotsbær. Bakkakoti tilheyrir yzti hluti Tungunnar á milli Jökulsáanna, sitt hvoru megin, frá Krókdölum að austan og að Byrgislæk í Vesturdal, sem er NA af Goðdölum. í jarðabók A.M. er Bakkakot talið hjáleiga frá Bjarnastaðahlíð, sem er innar í dalnum. Bærinn stendur á sléttum malarhjalla, andspænis Hverhólum og ber nokkuð yfir dalbotninn. Er þaðan fagurt um að litast. Bærinn fór í eyði um 1950-60, en í stað hans var byggt nýbýlið Byrgisskarð á hjalla um 500 m sunnar. í Bakkakoti stendur enn fremur lítil en snyrtilegur torfbær, með þremur burstum. Viðbyggt fjós og og stök úтиhús(fjárhús) standa enn að hluta, en þök eru þó fallinn á þeim flestum.

Hér er um að ræða dálítið svipað húsasafn og á Tyrfingsstöðum í Akrahreppi, en þó eru bæjarhúsin ólik á þessum tveimur stöðum. Væri ástaða til að athuga um verndun Bakkakots-húsanna, ásamt túni o.s.frv., í tengslum við verndun á Tyrfingsstöðum. Á eyri fyrir neðan bæinn, fast við Jökulsá, er allstór rétt hlaðin úr grjóti, en þar er nú kartöflugarður. Við réttina að norðan er vatnsmikil laug, Bakkakotslaug, sem raunar er hluti af Hverhlalauginni, handan árinna, því vatnið kemur þarna upp á sprungu þvert yfir árfarveginn. Hefur laugin eflaust verið notuð til þvotta áður fyrr, enda er hún um 70° heit.

Lambhúshvammur heitir rétt fyrir norðan og neðan bæinn.

2. Vindheimar eru beitarhús er standa NV í Tungunni, nálægt miðju hennar, nokkurn spöl fyrir neðan (norðan) núverandi veg. Er þar nýlega hafin allmikil nýrækt frá Byrgisskarði. Þar voru beitarhús frá Bakkakoti og áður frá Bjarnastaðahlið. "Vindheimar hefur hjer verið fornt býli í landinu og eru þar girðingar og tóftaleifar; hjer eru nú fjárhús frá heimajörðunni (þ.e. Bjarnastaðahlið). Enginn man hjer hafi bygt verið." (Jarðabók A.M.). Á loftmynd sést greinilega hrínglaga eða fimm-kantaður túngarður utan um eina stóra tótt (fjárhús). Eitthvað af þessum minjum mun vera enn við lýði.

Þarna skammt frá eru þekkt örnefnin Húsatóftarhóll og Húsatóftarmýri, sem líklega höfða til Vindheima, svo og Vindheimalækur, en fram með honum eru Selgrundir og "sjást þar garðlög", segir í Örnefnaskrá.

3. Söguleg örnefni: Nónsteinn er NA-til í Tungunni og var haldið nón frá Stekkjarflötum.

XII. BJARNASTAÐAHLÍÐ

1. Bjarnastaðahlið er fornt stórbýli, metin á 40 hr. í Jarðabók A.M., sem er með því hæsta sem þá gerðist, enda var þá Bakkakot talið með, ásamt einhverjum ítökum í Austurdal (sbr. Selsvelli í landi Skatastaða).

"Bænhús hefur hjer verið og stendur húsið enn; ekki hefur hjer verið tíðir fluttar í manna minni." (Jarðabók A.M.). Ekki er nú vitað hvar bænhúsið stóð. Örnefnin Gamlabæjargil og Gamlabæjarhvammur benda til að bærinn hafi verið fluttur (Örnefnaskrá). "Á tveim stöðum (í túninu) eru rústir fjárhúsa, sem voru byggð á gömlum bæjarrústum. Annað er syðst á túninu (eins og það er nú), og hitt norðan lækjarins, skammt út og austur á túninu. Smiðja Guðmundar Sveinsonar var suður við fyrrnefndar húsaleifar." (Rósmundur Ingvarsson: Örnefni) Túngarður úr grjóti er sjáanlegur norðan við gamla túnið.

2. Guttabú, voru beitarhús frá Bjarnastaðahlið, nyrst í landinu, á móti Goðdöllum, eða um það bil sem nú er brúin á Jökulsá vestari. "Guttabú heitir hjer örnefni í landinu. Þar sjest til einnarar tóftaleifar, og engrar girðingar, ætla menn hjer hafi aldrei bygt verið fyrr nje síðar." (Jarðabók A.M.).

"Par eru miklar húsaleifar, enda mun hafa verið haft þar fé fram um 1940-'45. Munnmæli eru um að þar hafi hafst við einsetufólk." (Rósm. Ingvarsson: Örn.) Rústir þarna munu vera lítið eða ekki skemmdar.

3. Stekkur er kippkorn utan við túnið, út við svonefndar Klaufir, og við hann kenndar Stekkjarskriða og Stekkjarflói, uppi í fjalllinu. Túnblettur hefur verið við stekkinn (Rósm. Ingvarsson: Örn.). Jónspartur kallast milli túnsins og stekkjarins. Byrgisbrot er á mel við Stekkjarflóann, sem kallast Skessa. (M.J.: Örn.)

4. Sneiðingar (Skatastaðavegur). " Sunnan og ofan við bæinn eru Sneiðingar. Þar upp liggja götur og var þar aðalleiðin í Skatastaði fram á miðja þessa öld eða þar til bílvegur kom yfir hálsinn hjá Bakkakoti. Uppi á fjallsbrúninni eru fimm vörður, sumar mjög stórar og stæðilegar. Syðsta varðan er við áðurnefndar götur og er hún nýleg (hlaðin af Guðmundi Sveinssyni). Stærsta varðan er beint ofan við bæinn. Tvær vörður eru við Guttabúsklauf, sem er suður og upp frá Guttabúi í fjallsbrúninni, og vörðurnar sín hvoru megin. Nyrsta varðan er við Byrgisklauf, sem er norður við merkin. Um báðar þessar klaufir var farið gangandi milli Goðdala og Bústaða, en ófært er með hesta vegna bratta." (Rósm. Ingvarsson: Örgefni)

5. Vatnshólatjörn er uppi á fjallinu, við Vatnshóla, beint upp af Hlíðarbænum. Um hana ganga ýmsar þjóðsögur. " Sagt er að í henni sé nykur og sé hann annað árið í tjörninni, en hitt í Stapavatni (í Tungusveit) og séu göng á milli vatnanna, sem skömmin læðist eftir." (Margeir Jónsson:Örn.). " Þar uppi er vatn og eru munnmæli um að þar hafi veiði verið. Húsfreyjurnar deildu um veiðina og vildu báðar eiga vatnið, sem er á merkjum (Bústaða og Hlíðar). Fiskurinn átti að hafa komið upp um gat, upp í vatnið. Svo lokaði önnur frúin fyrir uppganginn og hvarf þá veiðin." (Rósm. Ingvarsson:Örn., e. sögn Borgars í Goðdolum).

6. Söguleg örgefni önnur: Gildruhóll er norður við Merkjalæk (Byrgislæk), og er líklega kenndur við tófugildru, sem þar hefur verið gerð. Laxakerslákur heitir á syðri merkjum, og Laxakershvammur við Hofsá. Dagmálahóll er uppi á fjallsbrúninni, fyrir ofan Skatastaðaveg. og Skiphóll í Gamlabæjarhvammi.

(Hér verða ekki taldar minjar á jörðum er liggja ofar í Vesturdal, þar sem ekki er vitað til að umrædd virkjun snerti þær á neinn hátt. Þessar jarðir eru Litlahlíð, Giljar(Giljir), Þorljótsstaðir, Hof (Hofsvellir og Vesturhlíð), svo og sá hluti Goðdalalands sem liggur á Goðadaladal. Uppkast að svipaðri skrá fyrir þessar jarðir liggur þó fyrir í handriti á Náttúrugripasafninu á Akureyri.)

XIII. GOÐDALIR

(Minjar á Goðdaladal eru ekki teknar með)

1. Goðdalabær. Goðdalir eru forn höfuðból og kirkjustaður frá örófi alda. Líkur eru til að uppdalir Skagafjarðar hafi í öndverðu verið nefndir Goðdalir, því svo segir um Eirík Hróaldsson í Landnámu: Að landnám hans hafi verið frá "Giljá um Goðali alla og ofan til Norðurár. Hann bjó að Hofi í Goðölum." Goðdalakirkjan er nú um 80 ára gömul, hið veglegasta hús, stendur frammi á grundinni, spölkorn frá bænum. Þar er og gamall kirkjugarður, og standa enn gamlir grjótveggir umhverfis hann að norðan og sunnan. Hafa þeir nýlega verið lagaðir og nýr garður hlaðinn að vestan. Til skammst tíma var stór torfbær í Goðölum (sbr. ljósmynd í Árbók F.f. 1946, bls.164), en hann er nú horfinn, svo og önnur gömul hús við bæinn. Grundarhús nefndust fjárhús nokkru sunnan við gamla túnið, eru nú komnar inn í nýja túnið, en leifar þeirra munu þó enn vera óhreyfðar. Stekkur var yzt á grundunum, niður undan Stekkjargili, vestan núverandi vegar og "sést vel fyrir honum rétt við veginn." (Rósm.Ing.:Örnefni)
2. Dalkot. Eyðibýli og beitarhús, suður við Jökulsá, þar sem hún kemur ofan af Hofsdal(Goðdaladal), hefur staðið á grund milli tveggja lækjargilja (Dalkotsgilja). í Jarðabók A.M. er það talið hjáleiga frá Goðölum og var þar búið um þær mundir. D. Bruun telur kotið hafa farið í eyði stuttu eftir 1785. "Síðast hafðist þar við gömul kerling. Þar er forn túngarður og ein tóft í túninu, auk bæjarrústanna, þar sem nú eru fjárhús." (D. Bruun 1898). "Þar voru tóftir eða sá fyrir grónum leifum af húsum á allmögum stöðum, en flestar eru þær nú horfnar undir tún. Þar sást og greinilega fyrir túngarði, svo og bæjarhúsum, og öskuhóll var þar. Enn eru á tveim stöðum óhreyfðar leifar húsa, önnur suður undir Skjólvhammi (sem er neðst í Jökulsárglinu) og hefur sú verið fjárhús, hin norðan við túngarðinn. " (Rósm. G.Ingvasson: Örnefni). Enn eru þarna fjárhús, nýlega byggð, og standa á grundinni sunnan við Syðra-Dalkotsgilið, en gamla bæjarstæðið hefur verið sléttan í tún.
3. Flatagerði (Hverhólar) er gamalt býli, er stóð á grundunum vestur af klettinum Stóra-Hverhóli, þar sem nú er bærinn Hverhólar. " Þetta eyðikot mun ekki vera eldra en frá 18. öld, því að það er hvergi nefnt í jarðabókum."(M.J.: Örnefnaskrá). Margeir telur að kotið hafi farið í eyði um 1800. Um 1950 var byggt þarna nýbýlið Hverhólar á hluta af Goðdalalandi. "Hverhólahúsið stendur rétt sunnan við þar sem tóftirnar voru." (Rósm.Ingv.: Örnefni). Engar gamlar minjar munu nú sjáanlegar þarna lengur.
4. Hálsakot, er skammt fyrir utan og ofan Hverhólabæinn, upp við hlíðina. Er ekki getið í Jarðabók A. M. (fremur en Flatagerðis). " Allt til loka 18. aldar var hér bygð en um þær mundir var bærinn lagður í eyði og landið undir

Goðdali. Nú eru þar fjárhús, er reist hafa verið á rústum bæjarins. Þar sjást og ýmislegar tóftir, innan túns og utan, og öskuhaugur fram undan bænum. í tún-inu er kringlótt tóft, 16 skref að þvermáli, og önnur lítil rétt innan við sjálfan hringinn. Utan túns hafa verið fjárhús með heygarði og önnur stór tóft er gæti hafa verið stekkur." (Daniel Bruun 1898). "Þar eru fjárhúsveggir uppistandandi ennþá og tóftir allar óhreyfðar. Beitarhúsin aflögð um fjárskipti" (1948) (Rósm. Ingvarsson: Örnefni, 1980).

5. Goðdalalaug (Hverhlalaug) er niður við Jökulsá, neðan við Stóra-Hverhól, eflaust samtengd Bakkakotslauginni, sem er hinum megin árinnar, á bakkanum. Hiti í lauginni er 65° C. Nokkur uppsprettuaugu í molabergi (Jón Jónsson 1959) í sóknalýsingum Bókmenntafélagsins frá um 1840 (Rvík. 1954) er þess getið að laugin sé "sjóðandi heit og brúkuð til þófs og þvotta."

6. Gvendarbrunnur er allvatnsmikil lind í Gvendarbrunnshvammi (Gvendarhvammi) niður við Jökulsárgilið, norður undir Tunguhálsmerkjum. Rennur þaðan lækur ofan í gilið. "Guðmundur góði á að hafa vígt þann brunn." (M.J.:Örn.).

7. Söguleg örnefni önnur: Jórugil(Jórgil) er allstórt gil sunnan við Goðdalagrundir. "Sagnir eru um að þar hafi fjósakona frá Goðölum orðið úti. Hún var að fara í fjósið sem var á grundunum nokkuð sunnar en bærinn. Fannst í þessu gili með mjólkurfötu á handlegg. Mun hafa heitið eða verið kölluð Jóra. Leiðin frá bænum suður að Jórgil er um 1100 m . Fjós suður á grundinni, eða tóftir þess var til fram á miðja 20. öld." (Rósm. Ingvarsson: Örnefni, 1980).

Nónsteinn " er suður og upp á brúninni séð frá Goðölum." (Rósm. Ingvarss.)
Kjaraldahammur(Keraldahammur) " Nálægt hvamminum var gamalt vað á Jökulsá og hét það Keraldsvað, nafnið dregið af hyl í ánni, er líktist keraldí." (M.J.: Örnefnaskrá , e. Páli Friðrikssyni, Sauðárkróki).

XIV. TUNGUHÁLS

1. Tunguhálsbær. í Jarðabók Á. M. er Tunguháls talinn hjáleiga frá Goðölum. Núverandi íbúðarhús stendur á svonefndum Syðra-Hóli, það er steinhús byggt 1914. Gamli bærinn var nokkuð suður á túninu, sunnan við hólinn. Minjar hans hafa nú verið jafnaðar við jörðu. Brunnhús var sunnan við hólinn en er einnig horfið, en núverandi vatnsból er "nørður í mel". Um 0,5 km SV af bænum hefur nýlega verið reyst nýbýli, Tunguháls II, er stendur á svon. Hvíthóli, rétt við veginn.

2. Beitarhús (Hús) voru við Húsadrag vestur í Hálsinum, um 0,5 km V af Hvít-hóli , og sjást þar ann greinilegar tættur.

3. Stekkur er á barmi Jökulsárgilsins, rétt fyrir norðan Laugarhöfða, nú vallgróinn en vel greinilegur.

4. Tunguhálslaug. Aðallaugin er í mýrardragi (Laugamýri) NV undir svonefndum Laugarhöfða, sem er niður við Jökulsárgilið, þar sem það beygir í NA. Þaðan rennur dálítill volgur lækur, Laugarlækur, niður í gilið. Minni laugar eru þarna í grenndinni. Vatnshiti í laugunum er um 30-35° Þær hafa eflaust verið notaðar eitthvað til þvotta. Á fyrstu áratugum þessarar aldar var sundlaug í Laugalækjargilinu. Munu það hafa verið félagar úr ungmannafélaginu Bjarma, sem byggðu hana með allmikilli fyrirhleðslu í gilinu. (Rósm. Ingvarsson: Örnefni) Nú hefur skurður verið grafinn niður að lauginni ofan úr mýrunum og hefur því borist mold og aur í laugina og lækinn.

5. Einbúi heitir klapparhóll vestur á hálsinum, við alfaraveg milli Goðdala og Svartárdals. "Þar var það sem Snjólaug Hjálmarsdóttir átti að hitta huldu-manninn." (M.J.: Örnefnaskrá). Sagan af fundi þeirra er skráð m.a. í bókinni Konan í dalnum og dæturnar sjö e. Guðmund G. Hagalín, og í Veraldarsögu Sveins frá Mælifellsá. Messuborg heitir klettur þar skammt fyrir norðan, en fram hjá honum lágu Messugötur (Prestagötur) yfir í Svartárdal. (M.J.: Örnefnaskrá).

6. Aðrir þjóðsögustaðir: Kálfatjörn er smátjörn á merkjum Tunguháls og Breiðar, í mýrarsundi (Tunguhálsflóa), skammt NA vegarins, þar sem hann liggur yfir leitið milli Tungusveitar og Vesturdals. Sagt er að hún heiti eftir tveimur kálfum er þar fórust (M.J.: Örn.). Sú saga þekkist einnig að nykurinn í Stapa-vatni átti að hafa gang þaðan í Kálfatjörn (Rósm. Ingvarsson) (sbr. Vatnshóla-tjörn í landi Bjarnastaðahliðar). Kerling heitir steindrangur mikill í Kerling-arsundi, austur af Kálfatjörn. "Á að vera nátttröll, sem dagaði þar uppi." Kvað vera um "5 álnir á hæð. Sumir segja að karlinn standi frammi á Hlíðarfjalli, aðrir á Goðdalagili, og enn segja aðrar sagnir að karlinn hafi dagað uppi rétt utan við Tunguhálstún." (M.J.: Örnefnaskrá, að hluta eftir Jóhannesi Ö. Jónssyni frá Árnesi). Hér mun átt við svonefnda Stróka (eða Stráka, líka kallaðir Bræður) sem eru þrír háir steinar(eða drangar) á Strákamel, af Tunguhálsi. Einn þeirra er nokkuð á aðra mannhæð. (M.J.: Örn. og Rósm. Ingvarsson, Örnefni). Prestakeldur þrjár eru austan í hálsinum, s af Kálfatjörn og munu þær vera kenndar við Goðdalapresta.

XV. VILLINGANES

1. Villinganesbær. Villinganes er austan í hálsi þeim (Eggjum), er aðskilur Tungusveit og megindal Skagafjarðar ("Héraðsvatnadal"). Í Jarðabók Á.M. er jörðin metin á 36 hundruð og er því talin með verðmætustu jörðum í héraðinu. Þar er gamalt íbúðarhús úr steini og timbri, byggt skömmu eftir aldamótin. ? Til skamms tíma voru tvenn fjárhús heima við bænn, önnur uppi á hólnum fyrir vestan hinn, en hin suður undan bænum, sunnan við lækinn, og eru þar enn hús.

2. Hraun heitir eyðibýli út og niður undan bænum, yzt og vestast í svonefndu Hrauni(Hraunum) en það eru klettahraukar úr andesíti (sjá jarðfræðikaflann), er mynda tanga fram við Vötnin (líklega hefur hann verið nefndur Villinganes).

"Þar kvað hafa byggt fyrstur Gísli Jónsson, afi Jóns á Þangskála á Skaga." "Það mun hafa verið seint á 19. öldinni sem Gísli byggði kotið, en áður voru þar engin mannvirki svo vitað sé. Árið 1878 var þar búið, en kotið mun hafa farið í eyði um 1880-1890. " (Margeir Jónsson: Örnephnaskrá). Land var sameiginlegt með Villinganesi, en dálítill túnblettur er þarna umhverfis tæturnar, sem sagt er að hafi gefið af sér um 35 hesta af heyi í meðalárferði.

A Hrauni sjást enn greinilegar rústir af allstórum torfbæ, 4-skiptum, um 20 x 8 m , ásamt einu úтиhúsi(fjárhúsi), um 10 x 11 m , sem er þar rétt við bæinn. Rústirnar eru vallgrónar en skera sig vel úr umhverfinu og hefur ekki verið hróflað við þeim.

3. Nessel (Selið) er út við Teigakotsmerki og eru þar nú beitarhús frá Villinganesi. " Nessel heitir hjer girðingaleifar í landinu. Meinað verið muni hafa þrælsgerði. Ekki bygt fyrir manna minni. " (Jarðabók A.M.). Tún hefur verið ræktað þarna og eru þar engar gamlar minjar lengur.

4. Syðra-Sel var nokkru sunnar én Nessel og vestan (ofan) vegarins. Þar munu enn vera sýnilegar einhverjar tættur.

5. Beitarhús(Fremri- og Ytri-Hús) eru við vötnin um 1 km suður frá bænum en voru aflögð fyrir aldamótin síðustu. Syðri-Húsin voru rétt vestan við svonefndan Fálkahaus sem er áberandi melkollur (höfði) á barmi Vatnagilsins, en voru færð út og upp á mel sem er skammt frá og voru síðast notuð sem rétt. Ytri-Húsin voru dálítinn spöl norðar og ofar, og voru lambhús, en syðri húsin sauðahús. Leyfar af þriðju húsunum eru uppi á Fálkahausnum.

6. Stekkar hafa líklega verið á tveim stöðum þ.e. Gamli-Stekkur við svonefnda Klauf, niður við Héraðsvatnagilið, utan við Klappir (Hraun) og í Stekkjarhvammi, niðri í gilinu SA af bænum. Rústir stekkjarsins munu sjást á fyrrnefndu staðnum, en í Stekkjarhvammi sjást minjar um ferhyrndan reit, umluktan torfgarði, sem sagt er að hafi verið kálgarður, etv. settur á rústir stekkjarsins, þótt heimafólk sé það ekki kunnugt. " Seinast þegar fært var frá voru kvíær geymdar í Stekkjarhvammi. Það var árið 1925, en þá var fært frá af sérstökum ástæðum. Annars var því hætt nokkru fyrr. " (Rósm. Ingvarsson, að sögn heimafólks).

7. Matjurtagarður var sunnan í Hrauninu, þar sem Flóinn mynnir við gilið, er í brattri brekku móti suðri, umluktur torfgarði, um 20 x 20 m að stærð.

8. Söguleg örnefni önnur. Dauðabás, klettaskvompa í gilinu, þar sem kindur hafa soltið í hel. Strákavað á Vötnunum. Nóndrag, Miðdegishæð og Náttmáladalur, allt gömul eyktamörk.

NÁTTÚRUVERNDARGILDI

Helgi Hallgrímsson og Jóhann Pálsson

HELZTU LANDSLAGSGERÐIR OG VERNDARGILDI ÞEIRR. (Sbr. Landslagskort, bls.145).

Þegar litið er á könnunarsvæðið í heild má lýsa því þannig, að um sé að ræða dali í blágrytishásléttu, sem mótað hafa af jöklum síðasta ísaldarskeiðs, af vötnum sem þá runnu um landið og síðan, og framburði þeirra (Sbr. jarðfræðikaflann, bls. 41-45). Að þessu leyti er það ekki frábrugðið öðrum dalasvæðum í miðhálendi Norðurlands, hvort sem er í Skagafirði eða Eyjafirði.

Í tveimur atriðum ber það þó frá öðrum dölum á þessum slóðum. Í fyrsta lagi vegna áberandi trogmyndunar í dölunum, en trogin hafa síðan fyllst af framburði (ármöl) sem árnar hafa síðan grafið út afur að hluta þegar þær höfðu grafið sér gil gegnum berghöftin í mynnum dalanna. (Sbr. bls. 44). Þessi forna eyramyndun birtist nú í formi móasléttina og malarhjalla, sem setja mikinn svip á landslag dalanna, einkum Vesturdals utantil og Austurdals um Skatustaði.

Í öðru lagi vegna óvenju þykkjar jökulurðar (botnurðar), sem fram kemur einkum í dalhlíðunum á tveimur stöðum, þ.e. milli Stekkjarflata og Gilsbakka og beggja megin við Goðdali. Landslag þetta er hér á eftir kallað giljareitir, því að það er mjög sundur grafið af giljum.

Sjálf árgilin (klettagilin) eru einnig að ýmsu leyti sérstæð, eins og síðar verður getið nánar. Er líklegt að nálægð þeirra við megineldstöðina, sem fram kemur innan við Skatustaði (líparítsvæðið) valdi mestu um þessa sérstöðu.

Hér verður nú gerð nánari grein fyrir helstu landslagsgerðunum á könnunarsvæðinu og verndargildi þeirra (Sbr. landslagskortið, bls.145).

1. Klettagilin, þ.e. Héraðsvatnagil, Vestara-Jökulsárgil, Austara-Jökulsárgil, Mosgil og Merkigil, hafa að jafnaði mest verndargildi af landslagsflokkum svæðisins. Kemur þar margt til. Þar er fjölbreyttini langmest í landslagi og skilyrði því fjölbreyttust fyrir gróður og dýralíf, en jafnframt eru skilyrðin mjög misjöfn, þannig að gróður er sumsstaðar mjög ríkulegur en annarsstaðar nær enginn. Fer það eftir bratta, bleytu, legu við sól o.fl. (Sbr. kaflann um gróður í giljunum, bls. 49-52). Jarðfræðilega hafa gilin vissa sérstöðu meðal gilja á Miðnorðurlandi, a) vegna óvenjulegs halla berglaganna eftir meginstefnu giljanna, þ.e. í SA, b) vegna mikils fjölda bergganga og misgengja, c) vegna óvenju þykkra millilaga af rauðleitu gjalli, sandsteini o.fl. Þessar aðstæður auka mjög á fjölbreyttni giljanna, þar sem gangarnir veðrast að jafnaði hægar en bergið umhverfis þá og koma fram sem bríkur og stapar eða þverhníptir veggir, oft meira eða minna þverstuðlaðir. Millilögin gefa hins vegar giljunum furðu mikið litaskrúð, sem ásamt gróðrinum og nokkurri fjölbreyttni í berggerð (andesít/basalt í klettum og auk þess líparítmöl á eyrunum), valda sérkennilegri fugurð þeirra.

LANDNÝTING

Helgi Hallgrímsson og Hjörleifur Kristinsson

Hér skal vikið nokkrum orðum að landnýtingu á könnunarsvæðinu en það eru aðeins almenn atriði, því að engin sérstök könnun var gerð á þeim þáttí málssins. Búskapur hefur verið á þessu svæði frá upphafi byggðar í landinu. Í Vesturdal var landnámsjörðin Hof en í Austurdal líklega Ábær (eða Skatastaðir). Langt fram eftir öldum var tölverð byggð í Austurdal. Er talið að allt að 25 bær hafi eitt sinn verið í Ábæjarsókn, en nú eru aðeins tveir þeirra í byggð, þ.e. Merkigil og Skatastaðir. Eins og fram kemur í söguminjaskránni er vitað um 5-7 eyðibýli í því landi sem nú heyrir undir Merkigil og 3-4 á svæðinu milli Bústaða og Skatastaða. Sjálfsagt hafa þessi býli aldrei verið í byggð samtímis, og í byrjun 18. aldar voru Gilsbakki og Stekkjarflatir einnig í eyði. Af því má draga þá ályktun að búskapur hafi verið fremur óstöðugur í Austurdal, ef undan eru skildar fáeinrar aðaljarðir (Merkigil, Ábær, Skatastaðir, Bústaðir). Í Vesturdal utanverðum hefur byggðin hins vegar verið mun stöðugri.

Sauðfjárrækt hefur verið aðalatvinnuvegur fólks á þessu svæði eins og víðast hvar í landinu. Land er þarna snjórétt á vetrum og viða gott til útbeitar. Í góðerum hefur því verið auðvelt að koma þar upp stórum fjárbúum. Vetrarbeitin setur líka mark sitt á gróðurinn, sem er viða heldur rýr, nema þar sem skjólgott er og aðrar aðstæður hagstæðar gróðri, svo sem sumsstaðar í Jökulsárgiljunum. Uppblástur hefur líklega byrjað snemma þarna í dölunum, eins og viðar í Skagafirði (Sbr. grein Grétars Guðbergssonar: Myndun móajarðvegs í Skagafirði. 1975). Hefur það að líkindum haft mikil áhrif á búsetuna og valdið eyðingu býla.

Þrátt fyrir meiri byggð í dölunum fyrr á tínum, eru líkur til að sauðfé hafi aldrei verið jafn margt og á síðustu áratugum. Hefur sauðfjártalan líklega náð hámarki um 1950-1960 og haldist nokkuð svipuð síðan. (Á svæðinu frá Tyrfingsstöðum að Ábæ voru um 1150 fjár á fóðrum veturinn 1980-81 og eru Skatastaðir þá meðtaldir. Telur Hjörleifur að svipuð sauðfjártala hafi verið á því svæði þegar jarðabók A.M. var gerð.). Ástæðurnar voru aukin túnrækt og fóðurbætisgjöf. Fyrst eftir fjárfjölgunina var viða beitt mikið á vetrum (með síldarmjölgsgjöf), og þannig gengið mjög nærri gróðrinum, en síðan um 1970 hefur útbeit á vetrum farið stöðugt minnkandi, m.a. vegna harðari vетra og breyttra fóðrunarháttar. Þó er vetrarbeit enn snar páttur í hrossabúskap í Skagafirði. Hestar eru tiltölulega fáir á athugunarsvæðinu, ef miðað er við héraðið í heild, en eru þó til á öllum bæjum. Kúabúskapur hefur aldrei verið mikill á þessum slóðum og á sumum bæjum eru nú engar kýr. Geitfé mun hafa verið til á sumum bæjum fyrr á öldum, en er nú af lagt fyrir löngu.

Ef litið er á gilen sérstaklega og nýtingu þeirra þá skiptir þar nokkuð í tvö horn eftir lögum þeirra eða landslagi. Við Héraðsvatnagilið er mikið af víðum hvömmum (sbr. landlýsinguna) sem eru skjólgóðir og gróðurrikir. Hafa þeir gegnt sérstöku hlutverki í sambandi við búféð, einkum á vorin, því að gróður kemur þar snemma til. Þar voru einnig hafðir stekkir, sem örnefni og tættur vitna um (sbr. söguminjaskrána), og aðhöld fyrir sauðfé. Á síðari tímum (um og eftir aldamótin síðustu) voru þar viða byggðir matjurtagarðar, sem enn sjást minjar um á flestum bæjum. Þá mun einnig hafa verið heyjað í sumum hvömmunum.

Í Jökulsárgiljunum er hins vegar lítið um aðgengilega hvamma, en viða mjög grósukumikill gróður á stöllum og í geirum. Stekkar og aðhöld voru þar gjarnan á gilbarminum, en sjálf gilan voru til lítilla beinna nytja. Pangaoð sækja hins vegar jafnan vissar kindur sem þrífast vel af blómgresinu, en erfitt getur verið að ná þeim úr gilinu og stundum lenda þær í algera sjálfheldu svo að síga þarf eftir þeim. Stundum ber við að skepnur hrapa í gilið, helzt hestar að vetrarlagi, og eru sagnir af því í bókinni um Moníku á Merkigili. Er þá oft miklum erfiðleikum bundið að bjarga þeim ef þær halda lífi.

Fyrr á tímum var skógvíður eitthvað sóttur í Jökulsárgil eystra, einkum á Merkigili, þar sem enn eru nokkrar skógarleifar, en örnefni vitna einnig um skóg í landi Gilsbakka og Bústaða, þótt nú sé hann eyddur. Í gilið sóttu menn einnig eini og sortulyng til lækninga, litunar og skrauts, og líklega fleiri jurtir. Þá er þar viða dálítið berjaland, bæði bláber og hrútaber, sem lítið er um á þessum slóðum í Skagafirði.

A síðustu árum hefur og komið til sögunnar ný landnýting, sem er skógrækt í eða við gilan. Elzti trjálundurinn er líklega í Stekkjarhvammi við Kelduland, en stærsta skógræktarsvæðið er á Bæjarhöfða við Gilsbakka.

Loks er að geta túnanna, sem viða hafa verið ræktuð fram ágilbarma á síðustu áratugum. Við þá ræktun hefur sumsstaðar aukist gróður í giljunum, vegna áburðaráhrifa frá henni. Við Villinganesvirkjun fara töluverð tún forgörðum á neðstu bæjunum við Héraðsvatnagilið, Tyrfingsstöðum, Villinganesi og Keldulandi.

A Tyrfingsstöðum fer mestur hluti túnsins undir vatn og mannvirkni og verður þar naumast byggilegt á eftir, og svipað má líklega segja um Villinganes.

Gróðurfarslega eru gilin einnig sérstök a.m.k. miðað við Skagafjörð, því að þar er að finna mikið blómskrúð í skriðum og á stöllum þar sem skepnur komast ekki að, og sömuleiðis nokkurn skógargróður í efra hluta Jökulsárgils eystra, sem er mjög fágætur í Skagafirði. Þar er einnig að finna ýmsar plöntutegundir, sem eru fágætar á Norðurlandi vestra og jafnvel þótt viðar sé leitað, svo sem reynivið, liðfætlu, sigurskúf og kjarrhveiti (Sbr. kort á bl. 64).

Hvað dýralíf snertir má sérstaklega benda á hið mikla og stöðuga varp heiðagæsanna í giljunum (Sjá bls. 83-85) og auðugt skordýralíf á ýmsum stöðum í þeim þar sem jafnvel má finna ýmsar fremur sjaldgæfar tegundir (Sbr. kortin á bls. 99-102). Laugarnar sem er að finna í giljunum og næsta nágrenni þeirra gera og sitt til að auka sérstöðuna, en við þær er bundinn sérstakur gróður og dýralíf (Sbr. laugakaflann, bls. 107-112). Loks má nefna ýmsar sögulegar minjar, sem er að finna í giljunum, fremur en á öðrum stöðum, svo sem stekki og réttir af ýmsu tagi, gamla matjurtagarða og sögustaði ýmiss konar. Merkigilið er fyrir löngu orðið landsfrægt í sögum vegna hrikaleika þess og hversu erfitt það er yfirferðar. Á síðustu áratugum hafa og vaxið upp nokkrir fallegir trjálundir í giljunum fyrir tilstilli ábúendanna.

Af þessari upptalningu má sjá, að ærin ástæða er til að vernda gilin eftir föngum, enda voru þau skráð sem náttúruminjar af Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN) þegar árið 1974. Árið 1976 gaf stjórn SUNN umsögn um Villinganesvirkjun til Náttúruverndarráðs, og var þar bent á sérstöðu giljanna og óvenjulega landslagsfegurð.

Þótt hér hafi verið rætt um öll klettagilin undir einum samnefnara, er ljóst að einstakir hlutar þeirra eru mjög mismunandi og hafa því misjafnt verndargildi. Verður gerð nánari grein fyrir því í næsta kafla, þar sem mikilvægustu staðirnir verða taldir upp og dregin fram helztu einkenni þeirra.

2. Hraunin, sem hér nefnast svo, eru holtalandslag með klettahraukum og grjót-melum en lægðum og lautum á milli. Sumsstaðar eru í þeim nokkuð greinilegir vatnsfarvegir sem árnar hafa grafið í ísaldarlokin, einkum í Hraununum við Villinganes (sjá bls. 11-12), sem einnig hafa sérstöðu af því að þau eru að hluta úr bergtegundinni andesíti. Gróður hraunanna er heldur rýr, einkum mosi á holtunum en graslendi í lægðum. Viða eru þó skjólsælir bollar þar sem gróður gæti verið ríkulegur ef landið væri ekki svo mikið beitt. Hraunin eru því býsna fjölbreytt landslag og skemmtilegt til útivistar. Þau eru viða nátengd giljunum og koma einkum fyrir meðfram Héraðsvatnagili, Ármótum, og Vestrara-Jökulsárgili. Þau hafa að jafnaði töluvert mikið verndargildi, og tengjast stundum sérstæðum stöðum í giljunum (t.d. við Tyrfingsstaði/Villinganes).

3. Eyramyndunin(eða dalfyllingin) tekur við í dalbotnunum þar sem klettagilin daga uppi. Þar er um að ræða aflangar kvosir (trog) sem ísaldarjöklar hafa grafið í dalbotnana nálægt dalsmynum, og síðan hafa fyllst upp af möl og öðrum framburði jökulvatnanna. Síðan hafa árnar skorið sig aftur niður í þessa malarfyllingu, jafnóðum og klettagilin gráfust. Hafa þær borið burt mölinum af stórum stykkjum og myndað þannig víða sveiga og hvamma, sem afmarkast af malarhjöllum. Eru hjallarnir yfirleitt sléttir að ofan eins og brúnin væri jöfnuð með hallamæli, en á bak við hana tekur oftast við dálítill mela- eða móaslétta, mismunandi breið, er nær upp undir fjallshlíðarnar. Eru þessar sléttur hið ágætasta túnstæði, enda víða umbreyttar í tún á seinni árum. Mestu móaslétturnar eru í mynni Vesturdals hjá bæjunum Goðdolum og Hverhólum, sem standa raunar báðir á þeim (og tún þeirra). Gilin og hvammarnir í eyramynduninni eru víðast mjög vel gróin. Hinrar beinu eða reglulega sveigðu línur í landslaginu stinga mjög í stúf við hraunin og klettagilin, en gefa þessum svæðum einnig vissan sjarma. Annars eru þessi svæði heldur fábreytt miðað við klettagilin, og verndargildi þeirra í meðallagi mikið.

4. Giljareitirnir eru sem fyrr getur einkum á tveimur stöðum á athugunarsvæðinu, þ.e. í dalhlíðunum milli Stekkjarflata og Gilsbakka í mynni Austurdals og milli Hverhóla og Dalkots í mynni Vesturdals. Fyrrnefnda svæðið er kallað Reitar (Sjá bls. 24). Það einkennist af mjög þykku mórenulagi (botnurð) er sezt hefur fyrir í neðanverðri hlíðinni og nær víða fram á barma Jökulsárgilsins, en í hana hafa skorist fjölmörg þvergil svo stykkið er næstum alsett giljum og því sannkallaður giljareitur (eða hryggjareitur). Landslag er af þessum sökum nokkuð fjölbreytt, enda koma víða fram lindir og lækir falla í mörgum skorningunum. Eru gilin eða dældirnar oftast allvel gróin og fyrrum notuð sem engjaland, en hryggirnir hins vegar gróðurlitlir. Gróður er nokkuð fjölbreyttur og dýralíf sömuleiðis. Smáreitur vestan Jökulsár eystri í landi Bakkakots, er kallast Krókdalir (bls.25) hefur mjög svipað landslag og gróðurfar. Giljahlíðin í mynni Vesturdals er hins vegar mun brattari og víðast mjög gróðurvana, en setur hins vegar mikinn svip á dalinn umhverfis Goðdali. Fjórða svæðið af svipuðu tagi er svo í mynni Bakkadals. Giljareitirnir í mynni Austurdals hafa tölvert hátt verndargildi. Þeir hafa orðið fyrir dálitlu raski af vegagerð, en ástæða er til að hlífa þeim við frekari röskun.

5. Berghlaup (framhlaup) eru á allstóru svæði í austurhlíð Austurdals milli Miðhúsa og Ábæjar, og kallast stærsta hlaupið Brennigilshólar (Sjá bls.37-38). Landslag er þarna mjög fjölbreytt eins og tittr er í berghlaupum. Er landið alsett urðarhólum og -hryggjum með dældum og skvompum á milli. Tjarnir og lindalækir koma þar fyrir og auka fjölbreytni gróðursins, sem er víða mikill í lægðunum. Fornbýlið Kolgrímastaðir er í miðjum hólunum. Skálarnar ofan við framhlaupin eru með þverhníptum hömrum, þar sem víða koma fram litskrúðug millilög. Náttúrufegurð er þarna mikil og hafa berghlaupssvæðin mikið verndargildi.

6. Mýrlendi. Samfelld mýrlendissvæði eða flóa er helzt að finna á neðanverðu könnunarsvæðinu, beggja vegna Héraðsvatnagilsins og í landi Tunguhálss og Bústaða. Meginhlut mýranna hefur nú verið ræstur fram og breytt í tún. Þó eru enn nokkur mýrasvæði og flóasund óframræst í landi Tunguhálsbæja og Villinganess. Má sérstaklega geta NV-arms Tunguhálsflóa með Kálfatjörn, sem tengist Geithúsafloá í landi Breiðar, og sundin í hálsinum þar NA af (Kerlingarsund og Mjósund), sem eru blautir flóar og erfitt að ræsa fram, en hafa töluvert verndargildi, vegna gróðurs og dýralífs (fugla) o.s.frv.

7. Mólendi (á jökulurðargrunni) og ýmiss konar raklendi er langútbreiddasta landslagsgerðin á könnunarsvæðinu (ekki afmarkað nánar á kortinu). Það er ríkjandi í dalbotni og hlíðum Austurdals og á Kjálkanum austan Héraðsvatna. Gróður er aðallega gras og mosi en stör og elfting þar sem rakara er. Yfirleitt er gróðurinn heldur rýr og ber merki um langvarandi beit. Dýralíf er heldur fáskrúðugt. Landgerð þessi hefur yfirleitt fremur lítið verndargildi, nema þar sem sérstakar náttúruminjar finnast t.d. jökulvatnsgrafen gil.

8. Fjalllendi (melar, móar, klettar, skriður o.s.frv.) kemur aðeins inn á könnunarsvæðið í útjöðrum þess, umhverfis dalina. Það er ekki afmarkað á kortinu en útbreiðslu þess má sjá af hæðarlínunum. Þar sem fyrirhugaðar virkjanir snerta fjallendið mjög lítið var það einnig lítið kannað. Verndargildi þess er yfirleitt í meðallagi en misjafnt eftir aðstæðum. Benda má á NA-hlíð Bakkadals sem er sérlega athyglisvert kletta- og giljasvæði.

LANDSLAGSKORT

SKÝRINGAR

Gil (Klettaqil)

Hraun (Klapptin)

Eyrarbyndun

511

卷之三

Mālāndi ३ फ़ि

卷之三



ATHYGLISVERÐIR STAÐIR Í GILJUNUM OG GILDI ÞEIRRA. (Sbr. Verndarkortið, bls.148).

Eins og getið var í uf. kafla eru klettagilin sem heild talin verðmætust allra landslagsgerða á könnunarsvæðinu frá sjónarmiði klassískrar náttúruverndar. Í þessum kafla verður greint nánar frá athyglisverðustu stöðum í giljunum og næsta nágrenni þeirra og tilraun gerð til samanburðar á þeim. Þessir staðir eða svæði hafa einnig verið markaðir á meðfylgjandi verndarkort, bls. 149 Bent verður á helztu sérkenni staðanna og það sem gefur þeim helzt gildi til verndunar. Vísad er til landlýsingarinnar í upphafi skýrslunnar og annara kafla hennar, þar sem er oftast að finna ýtarlegri upplýsingar um staðina.

1. Hvammarnir og hraunin við Villinganes/Tyrfingsstaði.

Lýsingu á þessu svæði er að finna á bls. 12-14 hér að framan. Það er á ýmsan hátt mjög athyglisvert, vegna mikillar landslagsfegurðar og fjölbreyttini, jarðfræðilegra og sögulegra minja. Bergbríkurnar miklu við Sandhvamm (Klofabrik, Gat-klettur, Hlein o.fl.) eru fágætar náttúrusmiðar. Hraunin, sem að hluta eru úr andesítbergi og alsett gömlum árfarvegum eru sérkennileg landmyndun, en þau tengjast gilinu beggja megin, norðan við hvammana. Þar eru einnig áberandi misgengi í berglögnum. Loks má nefna rauðaggjallslögin, sem hér er furðulega þykk, einkum sunnantil í hvömmunum, og gefa þau landinu sérstakt litaskrúð. Þá eru áreyrarnar í gilbotninum einnig býsna litskrúðugar, enda blandast þar saman ýmsar bergtegundir (basalt, andesít, líparít). Á þessu svæði eru einnig ýmsar merkilegar byggðarminjar (söguminjar), svo sem tættur af eyðibýlinu Hrauni, í NV-kanti Hraunanna við Villinganes, gömul bæjarhús og gripahús á Tyrfingsstöðum, sem enn standa uppi, stekkir og leifar af fornri rétt í hvömmunum o.fl.

Gróður er víða fallegur í hvömmunum og nokkrar fágætar jurtir finnast í þessum gilhluta (liðfætla, burnirót, reynir). Smádýralíf er og býsna auðugt (sbr. bls. 94-100). Svæðið verður því að teljast með hinum verðmætustu í Skagafirði frá verndarsjónarmiði. Aðrir hlutar Héraðsvatnagilsins hafa hins vegar mun minna verndargildi, nema Ármótin sem lýst er hér á eftir.

2. Ármótin, þar sem Jökulsárnar mætast og mynda Héraðsvötnin (Sjá bls. 17 -18) eru einnig mjög sérstæðir staður og á margan hátt sambærilegur við það svæði sem lýst var hér að ofan. Þar eru einnig grasi vaxnir, skjólsælir hvammar í giljunum (Bæjarhvammur, Laugarhvammur, Kálfhjalli). Gróðurinn er hér fjölbreyttari og ríkulegri vegna meiri friðunar fyrir beit, og blómstóð koma fyrir (Kálfaþjalli). Smádýralífið er hér sérstaklega auðugt (sbr. kortin bls. 99-102) og sjaldgæfar tegundir fleiri en víðast hvar annarsstaðar. Landslag er fjölbreytt en ekki eins litskrúðugt og á neðra svæðinu. Bergbríkur eru nokkrar en ekki eins áberandi eða reglulegar og í hvömmunum við Villinganes. Grjótárgil og laugarnar þar (Keldu-

landslaug) gera og sitt til að auka fjölbreyttni svæðisins (sjá bls. 107), en laugasvæði þetta er afar sérkennilegt og ýmsar lífverur eru því tengdar. Norðanvert við Ármótin eru nokkur klettaholts (hraun) (Bæjarhóll o.fl.), og einnig vestanvert við þau (Höfðarnir), en við Stekkjarflatir eru áberandi jökulurðarmelar. (Myndir 19-23). Í hvömmunum eru minjar um stekki og gamla matjurtagarða, og í Stekkjarhvammi er fallegur skógarlundur ræktaður upp í stekknum.

3. Laugarhöfði við Vestara-Jökulsárgil. og ákrókurinn þar fyrir innan. Þar eru mikilir og áberandi berggangar og litskrúðug millilög (Sjá bls. 20-21). Gróður er mikill á nokrum stöðum í gilinu (hvannstóð) og þvergiljum, þar sem jarðhita gætir allvíða frá Syðri-Tunguhálslaug, sem er uppi á gilbarminum (Sjá bls. 110). Koma þarna fyrir ýmsar sjaldgæfar tegundir jurta og dýra, sem tengdar eru jarðhitanum. Jökulsárgilið suður frá króknum við Laugarhöfða er einnig býsna fjölbreytt, en fremur gróðursnautt. Þar er Gvendarbrunnur, vatnsmikil lind á vestara gilbarminu. Verndargildi þessa svæðis er allmikið, en þó minna en hinna tveggja, er á undan var getið. (Mynd 26).

4. Hvammar við Hverhóla/Bakkakot og laugar (hverir) í gilinu. Snotrir grasi vaxnir hvammar, umgirtir malarhjöllum, og eyrar niður undan þeim. Nokkur túnrækt í eystri hvömmunum (Sjá bls. 23). Áberandi klettahraukur, Stóri-Hverhóll, við gilið að vestan (niður undan Hverhólabænum) og utan við hann mjög vatnsmiklar og heitar laugar beggja megin árinnar (Hverhóla- og Bakkakotslaugar, sjá bls. 111). Við þær er mikill og sérkennilegur slýgróður og blómstóð að vestan. Koma þar og fyrir ýmsar jarhitabundnar tegundir jurta og dýra. Í Bakkakoti er uppi standandi gamall bær og fáein útihús. Gildi þessa svæðis er álíka og nr. 3.

5. Jökulsárgil eystra við Stórhól/Langadalshöfða og miðhluti Reitanna, milli Stekkjarflata og Gilsbakka. Gilið er á þessum slóðum býsna fjölbreytt (Sjá bls. 25-26 og myndir 30-34). Mikið er af berggöngum sem þverskera gilið og Strangilækur myndar laglega flúðfossa þar sem hann fellur í gilið. Stórhóll er mikill jökulurðarhryggur, er gengur þvert upp frá gilinu að austanverðu, en hann er hluti af giljareitum þeim sem kallast Reitar (bls. 25 og 143). Reitarnir eru fjölbreytt land og hafa töluvert verndargildi, einkum miðhluti þeirra. Svipað má segja um Krókdalina sem eru þarna beint á móti, vestan ár. Eyðibýlið Byggerði tengist þessu svæði og stekkjartættur við Stórhólsgil.

6. Fornir jökulvatnsfarvegir (þurr gil) í landi Bústaða, þ.e. Langidalur, Ketill, Brúnkolludalur (Krossdalur) og Miðaftansgil (Sjá bls. 26 og myndir 48-50). Gil þessi eru í hlíðinni utan við Bústaði og mynda samstætt kerfi jaðar- eða svelgrása, er grafist hafa í lok ísaldar. Þau eru nokkuð fjölbreytt að landslagi og merkilegar jarðfræðiminjar.

7. Mosgil er með stærstu klettagiljum á svæðinu (Bls. 27, og myndir 35 og 38). Það er víða mjög skorið af berggöngum, sérstaklega niður við Jökulsárgilið og á parti ofan vegar, þar sem berggangar krossskerast og mynda einkennileg Z-laga göng fyrir ána. Í Skjólhvammi við gilsmynnið að vestan (NV) er fallegur gróður. Efri hluti gilsins uppi í fjalllinu er víða hrikalegur.

8. Jökulsárgil (eystra) frá Bæjarhöfða að Landsenda, fyrir landi Gilsbakka. (Sjá lýsingu á bls. 29-31 og myndir 40-47). Þessi hluti Jökulsárgilsins er einna fjölbreyttastur að landslagi og gróðurfari. Stafar það einkum af miklum fjölda bergganga sem skera gilið undir ýmsum hornum og ganga einnig langt eftir því og mynda fjöldann allan af bríkum, stöpum og dröngum. Gróður er víða ríku-legur og fjölbreyttur í geirum, gjám og á syllum og víða blómstóð (blágresis-breiður) og hvannstóð. Fágætar tegundir koma þar fyrir (sjá kort bls. 61), t.d. skriðuhnoðri og kjarrhveiti. Þar eru og breiður af eini og sortulyngi, og stakar birkihríslur hittast þar. Smádýralif er fjölskrúðugt, svo jafna má við Ármótasvæðið (sjá kort á bls. 99-101) og nokkuð af sjaldgæfum tegundum skordýra. Þá er heiðagæsavarpið líklega hvergi eins þétt og í þessum gilhluta (sbr. bls. 83-85). Syðst á svæðinu er Strangalækjarfoss, þar sem Strangilækur syðri fellur ofan í Jökulsárgilið, fallegur foss í fögru umhverfi.

Nokkrar söguminjar eru við gilið, einkum stekkar og smáréttir. Á Bæjarhöfða við Gilsbakka er skógræktarreitur og trjám hefur verið plantað í geira á nokkrum stöðum ofan í gilinu (Dauðageiri, Einstigsgeiri). Verndargildi allmikið.

9. Merkigilið (Lýsing á bls. 31-32 og myndir nr. 52-54). Eitt hrikalegasta árgil landsins, sem jafnframt er mjög fjölbreytt að landslagi og berglagabyggingu og býsna litskrúðugt. Landsfrægt sem farartálmi á milli byggða og einn af fáum sem ekki hafa enn verið sigraðir. Gilinu tengjast gamlar vatnsfarvegir skammt frá brúninni að norðan (Fagridalur o.fl., mynd 51) og eyðibýlin Stigasel (þar sem nú eru beitarhús) og Öxl, sem eru sitt hvoru megin við efri enda þess, þar sem gatan liggar yfir það. Þar er og dys, sem þjóðsaga fylgir. Við gilsmynnið eru fallegir gróðurgeirar og gömul gönguleið yfir það (Einstigar).

10. Jökulsárgil (eystra) við Byrgishöfða. (Sjá bls. 32-33). Gilsveigurinn við Byrgishöfða, skammt fyrir innan Merkigilið er fjölbreyttur einkum hvað snertir gróðurfar. Að austanverðu í sveignum er falleg skógartorfa og blómgresi á stöllum og stakar hríslur hér og þar, enn fremur dýjagróður og hvannstóð, sortulyng, einir o.fl. Smyrilshreiður var í gilinu á þessum slóðum 1979. Af söguminjum má geta um stekkjartættur í smáhvammi norðan við sveiginn að austanverðu, og Byrgisgeira sunnan í Byrgishöfða, en geirinn er álagablettur.

Mynd 39 VERNDARKORT

Mynd 39

Helstu verndarsvæði i
giljunum og næsta
nágrenni þeirra.
Áætlað verndargildi er
synt með mismunandi
þéttum strikum.

0 0,5 1 1,5 2 km



11. Jökulsárgil (eystra) við Stapa/Steinboga ("Steinboganafir"). Þetta er einhver fegursti staðurinn í öllum giljunum, einkum vegna gróðursins sem þar er að finna. Stapinn er kletthraukur á vesturbarmi gilsins og bak við hann gamall farvegur er nefnist Staphvammur. Stapinn er kunnur huldufólksbústaður og eru álög á hvamminum að ekki má nýta hann. Spölkorn sunnan við Stapan eru þrensli í ánni þar sem sagt er að hafi verið steinbogi yfir hana. Andspænis Stapanum eða heldur norðar eru syllur og nafir í gilinu vaxnar hinum fegursta birkiskógi með ýmiss konar gróskumiklum blómgróðri og allt að 7 m háum trjám. (Hef ég kallað staðinn Steinboganafir). (Sjá lýsingu á bls. 35 og myndir 56-58).

Nokkur skógargrótur er einnig í sveignum þarna fyrir utan, næst Merkigilsbænum (Stekkjarhvammi ?) og líka suður frá Steinboganöfum, þar sem kallast Væthúsa-hvammar. Smádýralíf er auðugt í skógargeirunum. Upp frá gilinu þarna eru vel grónir stallar, sem eru malarhjallar að uppruna, hluti af dalfyllingunni, sem þarna mætir klettagilinu. Nokkur forn eyðibýli tengjast þessu svæði. Að austan Leitisstekkur (Leiti) sunnan túns á Merkigili, og Væthús um 1 km sunnar, en að vestan Einirlækir við samnefnda læki (á móti Væthúsum) og Brekkukot(Húsatóftir) á Húsahöfða. (Sjá söguminjaskrána, bls. 120 og 129). Þetta svæði hefur mikið verndargildi og má jafna því við nr.1,2 og 8.

12. Brennigilshólar, milli Miðhúsa og Ábæjar. (Sjá lýsingu á bls. 37 (og 141) og myndir 59-61). Þar er um að ræða geysimikil berghlaup (framhlaup) sem komið hafa ofan úr brún fjallsins og fallið ofan í dalbotninn. Bera þau öll venjuleg merki slíkra framhlaupa með stórgrýtisurðarhólum og hryggjum og mikið ber á alls konar samrysksjugrjóti. Lindalækir koma fram hér og þar og smátjarnir. Gróður er víða fallegur og lyng nokkuð áberandi, en það er fátítt utar á svæðinu. Fornbýlið Kolgrímastaðir er neðanvert í miðjum hólunum, og sagnir eru um tvö önnur býli í útjöðrum þeirra, Brennigil neðst í samnefndu gili og Gamlasel rétt innan við hólana. Minni berghlaup eru sitt hvoru megin við þessa hóla, sem ástæða væri líka til að vernda. Auk þess tengist svæðið Ábæjargili.

13. Ábæjargil. (Sjá lýsingu á bls.38-39 og myndir 63-65). Fallegt árgil með nokkrum smáfossum og fjölbreyttum berggerðum (setlög, hnnullungaberg, andesít, basalt). Þar hafa og fundist steinrunnir viðarbútar (ópalviður). Gróður er allmikill neðantil í gilinu, og smádýralíf auðugt. Rétt fyrir framan gilsmynnið eru rústir Ábæjar (torfbæjarins), og Ábæjarkirkja byggð úr steini. Neðan við Ábæ á eyrunum eru gamlar réttir og kviar hlaðnar úr hnnullungagrjóti.

ÁHRIF VILLINGANESVIRKJUNAR.

Eins og gjörla má sjá af meðfylgjandi verndarkorti (bls. 149) og samanburði við kort af stíflulóni fyrirhugaðrar Villinganesvirkjunar (bls. 153) er óhjákvæmilegt að árekstrar verði milli þessara virkjunarframkvæmda og hefðbundinna sjónarmiða náttúruverndar á svæðinu, þar sem öll helztu mannvirkni virkjunarinnar svo sem stíflur, stöðvarhús o.fl. koma inn á verndarsvæðið við Villinganes/Tyrfingsstaði (nr.1) og verðmætasti hluti þess fer að heita má allur undir stíflulónið. Svipað er að segja um Ármóta-verndarsvæðið (nr.2), en það fer undir lón að svo miklum hluta að það verður ekki nema svipur hjá sjón eftir það.

Verndarsvæðið við Hverhóla/Bakkakot (nr.4) skerðist einnig verulega, en 3 (Tunguhálslaugar) og 5 (Stórhóll/Langadalshöfði) í minna mæli, 7-8 mjög óverulega, 5. og 9-13 sleppa alveg. Þar sem nr. 1 og 2 eru hins vegar stærstu svæðin sem eru hér talin í hæsta verndarflokki, verður ekki annað sagt en illa hafi tekist til um staðarval þessarar virkjunar.


Er þetta raunar gott dæmi um hvað getur gerst þegar verndarsjónarmið eru ekki tekin inn í dæmið fyrr en búið er að fullkanna virkjunina og ganga frá áætlun um mannvirkin. Benda má á það, að stíflustæði virðist vera allgott ofantil í Héraðsvatnagilinu, milli Fálkahauss og Votahvammshöfða, og mögulegt gæti verið að ná þar álika miklu falli og við Villinganes, en stíflulónið yrði þar eitt-hvað minna. Hins vegar mætti þá hlífa neðsta verndarsvæðinu (nr.1), sem að mörgu leyti er einstakt, fyrir frekara raski.

A hinn bóginn ber á það að líta, að stíflulón Villinganesvirkjunar er tiltölulega lítið miðað við flestar aðrar virkjanir af svipaðri stærð, og búskaparverðmæti skerðast því ekki verulega nema á fáeinum bæjum (Villinganesi, Tyrfingsstöðum og Keldulandi).


AÐRIR VIRKJUNARKOSTIR.

Aðrir virkjunkostir sem helzt koma til greina í utanverðum Skagafjarðardölum eru í Jökulsá austari a) við Stekkjarflatir og b) við Merkigil (sjá Virkjun Héraðsvatna I, Fylgiskjöl). Þessir virkjunkostir hafa nær ekkert verið kannaðir, en líklegt er talið að þeir geti jafnast á við Villinganesvirkjun að stærð og hagkvæmni. Stekkjarflatavirkjun nýtir að hluta sama fall og Villinganesvirkjun, og kemur því naumast nema önnur þeirra til greina og á sama hátt eru Stekkjarflatavirkjun og Merkigilsvirjkjun hvor annari háðar. Hins vegar er allt nýtanlegt fall Merkigilsvirjkunar ofan við vatnsborð Villinganesvirkjunarlónsins og þær því óháðar hvor annari. Til viðbótar hefur verið rætt um virjkun við Gilsbakka eða Bússstaði, sem þá kæmi í stað hinna tveggja, en þeir möguleikar munu nú ekki taldir álitlegir.

MYND 40



INNTAKSLÓN



Við Stekkjarflatavirkjun yrði Jökulsárgilið að líkindum stíflað þar sem það er dýpst, í dalsmynninu við Stekkjarflatir, en þar má ná allt að 100 m falli, með vatnsborði í 210-215 m hæð ofan stíflu. Lónið myndi ná inn undir Skatastaði og vatnsborð yrði í hlaðvarpa á Gilsbakka en við gilbarma fyrir neðan Merkigil. Er ljóst að nær allt gil Jökulsár austari myndi þá hverfa undir lónið. Verndarsvæði 5,8 og 10 (sjá Verndarkortið) myndu fara forgörðum og 7, 9 og 11 myndu skerðast að verulegum hluta. Þá myndi verndarsvæði 2 (Ármótin) einnig að lík - indum verða fyrir tölverðu raski, en 1, 3, 5, 12 og 13 slyppu alveg.

Flatarmál lands sem færi undir lónið yrði líklega svipað og við Villinganesvirkjun og áhrif á búskap eitthvað áþeckk. (Stekkjarflatir, Gilsbakki og Bústaðir myndu skerðast verulega). Þegar á allt er litið verður því ekki sagt að þessi virkjunnarkostur sé hagstæðari en Villinganesvirkjun, nema síður sé.

Sem afbrigði af þessari virkjunnartilhögun má líta á hugmyndir um að stífla Jökulsárgilið við Gilsbakka eða Bústaði (Merkigilið). Frá verndarsjónarmiði skiptir það fremur litlu hvort stíflað yrði við Stekkjarflatir eða Gilsbakka, en stífla við Bústaði verður hins vegar að teljast hagstæðari, því við það yrði neðri hluta Jökulsárgilsins hlift. Bústaðavirkjun er að mestu óháð Villinganes - virkjun og geta því báðar komið til greina.

Svonefndri Merkigilsvirkjun yrði hagað nokkuð á annan hátt en þeim sem getið var hér á undan. Yrði þá líklega stíflað við eyðibýlið Skuggabjörg (eða núverandi Jökulsárbrú), þ.e.a.s. við efri enda Jökulsárgilsins, og vatnið leitt þaðan í skurði út eftir hjöllunum austan megin árinnar, út í Merkigilið, en þar yrði það virkjað með um 100 m falli niður í gilið. Stöðvarhús yrði neðanjarðar sunnan við gilsmynnið (Virkjun Héraðsvatna I, Fskj.3.13). Vatnsborðshæð í lóninu yrði um 250 m y.s. Myndi lónið því ná um 1 km inn fyrir Ábæ og leggjast þar yfir flatan dalbotninn, án þess þó að sjálft bæjarstæðið færi í kaf (það er í um 260 m h.y.s.). Hins vegar myndi nær allt Skatastaðatún fara undir lónið og líklega ræktun á Fitjum við Jökulsárbrúna. Í heild yrði flatarmál þessa lóns þó ekki verulega stærra en áður umræddra stíflulóna, og skerðing á nytjalandi yrði svipuð. Frá hefðbundnu náttúruverndarsjónarmiði yrði þetta hins vegar langbesti virkjunnarkosturinn af þeim sem hér hafa verið til umræðu, þar sem Jökulsárgilin (og Héraðsvatnagil) sleppa að miklu leyti við allt jarðrask og stíflulón.

Aðeins Merkigilið (verndarsvæði 9) myndi skerðast að einhverjum hluta en ætti þó að geta haldið svipmóti sínu að mestu ef mannvirki verða neðanjarðar.

Einhver útgröftur gæti líka orðið í Brennigilshólum, en skiptir varla máli fyrir verndun þeirra sem heild. Þá gætu gömul eyðibýli í landi Merkigils sem lenda nálægt skurðleiðinni verið í hættu, en auðvelt mun vera að hlifa þeim.

Með hliðsjón af umræddri Merkigilsvirkjun er freistandi að varpa fram þeirri hugmynd, að líklega mætti virkja allt fall Jökulsár eystri frá Ábæ að Ármótum með því að stífla ána við Skuggabjörg og leiða vatnið að vestanverðu við gilið út á móts við Stekkjarflatir og steypa því niður í gilið við Ármótin, vestanvert við Sporðinn. Mætti þannig ná um 150 m falli og allt að helmingi stærri virkjun en við Villinganes. Ef báðar Jökulsárnar yrðu síðan virkjaðar af hálandinu ofan í Austurdalinn myndi hagkvæmni þessarar virkjunar aukast verulega vegna vatnsaukningar og miðlunar.

Með þessari tilhögun þyrfti ekki að skemma gljúfrin sem nokkru nemur. Stöðvarhús yrði að líkindum neðanjarðar og vegur að því um jarðgöng (sbr. Merkigilsvirkjun) og myndi því jafnvel Ármotasvæðið geta sloppið að mestu við jarðrask.

Má geta þess að svipuð virkjunartilhögun hefur verið áætluð við Jökulsá á Fjöllum, svonefnd Hólsfjallavirkjun. (Sjá OS-ROD-7612. 1976.), m.a. með tilliti til verndar Jökulsárgljúfra.

Þótt skipuleg náttúrufarskönnum hafi enn ekki farið fram á efri hluta vatnasviðs Jökulsánna eru líkur til þess að meiri náttúruspjöll yrðu talin því samfara að virkja Jökulsárnar niður í Vesturdal en Austurdal, þar sem um er að ræða bergvatnsá (Hofsána) í Vesturdalnum, er rennur sumpart um mjög fagurt og fjölbreytt umhverfi og verulega byggð (Hofshverfið).

Þegar allt kemur til alls virðist því ómaksins vert að kanna þann virkjunarkost sem hér hefur verið reifaður.

VIÐBÆTIR (ATHUGASEMDIR).

Einn af höfundum skýrslunnar, Hjörleifur Kristinsson bóndi á Gilsbakka, gerir eftirfarandi athugasemdir við ofanritaðar uppástungur: "Eg get ekki mælt með neinni virkjunarleið, sem gera myndi jarðirnar, eina eða fleiri óbyggilegar. Þessvegna get ég ekki fallist á hugmyndina um stíflu hjá Skuggabjörgum, svo háa að færa myndi í kaf túnið á Skatastöðum og undirlendi á Ábæ. Mikið jarðrask hlyti líka að fylgja skurðunum, sem áin ætti að renna um, eftir hlíðum dalsins, og líklegt að það mannvirki myndi stórspilla búskaparskilyrðum á Bústöðum eða Merkigili, eftir því hvor leiðin yrði valin." Hefur Hjörleifur vissulega mikið til síns máls.

Þá hafa borist athugasemdir frá Gunnlaugi Jónssyni á Orkustofnun (greinar-gerð GJ-81/06, sjá viðauka), við þennan kafla. Þar segir m.a.: "Fall í Jökulsánum er það lítið á hverjum km, að það er á mörkum þess að vera hagkvæmt að nýta það með skurðum meðfram ánni. Ef göng eru nauðsynleg til að nýta fallið, þá er það alls ekki hagkvæmt." Hann telur því ekki hagkvæmt "að nýta fallið í Austari-Jökulsá fyrir neðan Skuggabjörg, með vatnsvegi í vestari bakka, sem yrði vegna aðstæðna í 250 m hæð að vera í formi jarðgangna eingöngu." Mælir Gunnlaugur eindregið með Villinganes-virkjun fram yfir aðra kosti, en telur færslu á stíflustæðinu koma til geina.

HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín: Jarðabók. X. bindi. Khöfn 1940.

Birgir Jónsson, Davið Egilson & Snorri Zóphóniasson: Villinganesvirkjun.
Mannvirkjajarðfræði. Orkustofnun, OS-ROD, mars 1977.

Björn Jóhann Björnsson: Villinganesvirkjun. Jarðfræðiyfirlit. Orkustofnun,
OS-ROD-7501. 1975.

Björn Jóhann Björnsson o.fl.: Teikningar af berglögum, göngum o.fl. í giljum
Héraðsvatna og Jökulsánnna í Skagafirði. (Handrit á Orkustofnun, 1975).

Björn Egilsson (á Sveinsstöðum): Þar býr tign í tindum. Sagt frá íslenzkri
fjallabyggð, Austurdal í Skagafirði. Dagur, jólablað 1950.

Bruun, Daniel: Fortidsminder og Nutidshjem paa Island. Khöfn 1928.

Bruun, Daniel: Gjennem affolkede Bygder paa Islands indre Höjland. Geografisk
Tidsskrift, 14. Bind. Khöfn 1898.

Bruun, Daniel: Nokkurar eyðibyggðir i Árnessýslu, Skagafjarðardölum og Bárðardal.
Árbók Fornleifafélagsins 1898. Fylgirit.

Grétar Guðbergsson: Myndun móajarðvegs í Skagafirði. ísl. landbúnranns. 7:20-45.

Guðbrandur Magnússon: í leit að steingervingum. Týli, 3:53-56.

Guðbrandur Magnússon: Um nokkra surtarbrandsstaði í Vesturdal. Týli, 10:7-12.

Guðmundur G. Hagalín: Konan í dalnum og dæturnar sjö. Rvík 1954.

Hallgrímur Jónasson: Skagafjörður. Árbók Ferðafél. ísl. 1946.

Haukur Tómasson: Svartá við Reykjafoss. Jarðfræði. Orkustofnun, febr. 1965.

Helgi Hallgrímsson: Heiðagæs í Austurdal í Skagafirði (bréf frá Hjörlefi
Kristinssyni, Gilsbakka). Týli, 2:85. 1972.

Hjörleifur Guttormsson (ritstjórn) o.fl.: Náttúrufarskönnum á virkjunarsvæði
Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal. Orkustofnun OS81 002/VOD02,
Rvík, mars 1981.

Hjörleifur Kristinsson: Páttur af Gilsbakka-Jóni. Skagfirðingabók 2: 141-177.
1967.

Hjörleifur Kristinsson: Merkigil í Austurdal. Skagfirðingabók, 4: 100-117. 1969.

Hjörleifur Kristinsson: Enn um Silfrastaðaskóg. Týli, 4:82

Ingibjörg Kaldal & Skúli Víkingsson: Jökulsár í Skagafirði, I. Jarðfræði.
Orkustofnun/ROD, febr. 1978.

Ingibjörg Kaldal & Skúli Víkingsson: Jökulsár í Skagafirði II. Jarðgrunnskort.
Orkustofnun OS79044/ROD, okt. 1979.

Jakob Líndal: Með huga og hamri. Jarðfræðidagbækur og ritgerðir. Rvík 1964.

Jón Benediktsson: Lýsing yfir Goðdala- og Árbæjarprestakall. Sýslu- og sókna-lýsingar hins ísl. Bókmenntafélags 1839-1873. Rvík 1954. (bls. 80-95).

Jón Jónsson: Miklabæjarprestakall. Sýslu- og sóknalýsingar h. ísl. Bókm.fél. 1839-1873. II. Skagafjarðarsýsla. Rvík 1954. (bls. 96-102).

Jón Jónsson: Jarðfræðilegar athuganir (á jarðhita í Lýtingsstaðahreppi). Handrit á Orkustofnun/JHD, dags. 25.11.1959.

Kristján Sæmundsson & Þórólfur H. Hafstað: Jarðhiti og boranir á Norðurlandi vestra og Ströndum. Orkustofnun OS. JHD, mars 1974.

Lindroth C.H., H. Andersson, Högni Böðvarsson & Sigurður H. Richter: Surtsey, Iceland. The development of a new fauna 1963-1970. Terrestrial Invertebrates. Ent. Scand. suppl. 5; 280 s. 1973.

Margerir Jónsson: Um skóga í Skagafirði á Landnámsöld. Búnaðarritið 46. árg. 1932.

Ólafur Jónsson: Annáll um skriðuföll á Íslandi. í Skriðuföll og snjóflóð I. Akureyri 1957.

Ólafur Jónsson: Berghlaup. Akurreyri 1976. (Um Brennigilshóla, bls. 358-365).

Rósberg G. Snædal: Fótgangandi um fjall og dal. Ferðapáttur. Akrureyri 1961.

Sigriður Friðriksdóttir: Fundarstaðir surtarbrands og annara plöntuleifa. Náttfr. 48: 142-156. 1978.

Skúli Víkingsson: Kvartærgeologiske Undersøkelser i sörligere Deler af Skagafjörður-distriket, Nord-Island. Hovedfagsoppgave i kvartærgeologi og geomorfologi ved Universitetet i Bergen). Bergen, juni 1976. (Ljósrit).

Skúli Víkingsson: The Deglaciation of the Southern Part of the Skagafjörður District, Northern Iceland. Jökull 28:1-17. 1978.

Steindór Steindórsson: Gróður á Íslandi. AB Reykjavík. 1964.

Trausti Einarsson: Upper Tertiary and Pleistocene Rocks in Iceland. Visindafélag Ísl. Rit. 36:1-197. 1962.

Trausti Einarsson: Über das Wesen der heissen Quellen Islands. Rit vís.fél. Ísl. 26. 1942.


Þormóður Sveinsson: Minningar úr Goðdolum og mislitir þættir. I-II. bindi. Akureyri 1967-1969.

Þormóður Sveinsson: Tungusveit og Skagafjarðardalir. Ferðir 22: 11-19. 1963.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen: Virkjun Héraðsvatna I-II. Frumáætlun um 32 MW virkjun við Villinganes. VST 75.018 Rvík, maí 1975. OS-ROD 7706.

II. Hönnunaráætlun um 30 MW virkjun við Villinganes. OS-ROD-7706. Rv. 1977.

Örnefnastofnun Þjóðminjasafnsins: Örnefnaskrár. Skráðar af Margeiri Jónssyni á Ögmundarstöðum o.fl. eftir ýmsum heimildamönnum. (Ljósrit).



1. Héraðsvatnagil í króknum við Bæjarhvamm. Á myndinni kemur vel fram litaskrúðið sem einkennir miðhluta gilsins (Hvammana).



2

2. Tyrfingsstaðir. Séð yfir gamla túnið með gömlu fjárhúsunum sem enn standa uppi. Fjær er syðri hluti Vatnagilsins og Vesturdalur í baksýn. Ef til virkjunar kemur við Villinganes mun gilið á þessum slóðum hverfa undir vatn og vatnsborðið yrði um fjárhúsin.



3

3. Hvammarnir í miðhluta Héraðsvatnagilsins, séð af Háhraunum við Villinganes. Bæjarhvammur neðst t.v. (með malareyri), þá Stekkjarhvammur á nesinu vestan ár, og Grunnihvammur að austan. Þeir síðarnefndu eru leyfar af gömlum gilbotni. Rauð gjallög koma víða fram í gilkinnunum og setja mjög svip á gilið.



4. Ytri hluti Héraðsvatnagilsins („Neðstagilið“) séð í suður. Til hægri eru Hraunin við Villinganes, gróin mosa, en Stekkjarhöfði til vinstri.



5. Syðsti hluti hraunanna hjá Villinganesi (Háuhraun) með skorunni Hraundal, sem er gamall farvegur og um hann er misgengi í berginu sem vel sést á myndinni. (Andesítlagið ofan á basaltlögunum t.h. nær niður að ánni t.v.). Um þetta bil eða litlu utar, er áætlað að stífla gilið.




6. Klofabríkur við Sandhvamm niður undan Tyrfingsstöðum.




7. Syðsti hluti Héraðsvatnagilsins („Efstagilið“) séð í norður. Votihvammur t.v. en Keldulandsmýrar t.h.



8. Séð norður yfir hvammana í miðhluta Héraðsvatnagilsins, frá Fálkahaus. Sandhvammur ofantil á miðri myndinni, Grunnihvammur nær til hægri.




10. Stekkjartættur í klettakví neðst í Bæjarhvammi.



9. Bæjarhvammur við Tyrfingstöð með „borvegi“ OS-manna.

11. Rüstir af einkennilegri rétt ofantil í Bæjarhvammi.




12. Gamli torfbærinn (framhúsið) á Tyrfingstöðum.




13. Gatklettur, sunnanvert við Sandhamm. Merki Tyrfingsstaða og Keldulands.



14. Efri hluti Héraðsvatnagils, séri suður. Fálkahaus til hægri og Krosshöfði t.v.




15. Armólin og eftsti hluti Héraðsvatnagilsins, séri í SA.



16.-17. „Klofabríkur“ við Sandhvamm. Leyfar af berggangi sem þversker gilið.



16.-17. „Klofabríkur“ við Sandhvamm. Leyfar af berggangi sem þversker gilið.



18. Stuðlaberg í „Klofabríkum“.



19. Klettadrangi („Fingur“) eftir í Grjótárgili við Kelduland.

18

19




20. Jökulsárgil (eystra) SA við Ármotin, sér í norðvestur. Griðárgil eftir hægri og hvammarnir sitt hvoru megin þess. Gæsabrik við ána til vinstrí.

21. Ármotin við Kelduland, séð frá Stekkjarkflatamölum. Bæjarhvammur t.h. (með matjurtagarði), Stekkjarkhvammur (með lundi) frammi á nesinu.




22. Gamall matjurtagarður í Laugahvammi við Griðárgil.



23. Tríalundur í stekknum í Stekkjarkhvammi við Kelduland.



24.-25. Við Jöklusá í Vesturdal fyrir innan Goðdal. Áberandi mararbakkar meðfram ánni. Sér í mynni Höfsdals (Goðdaladals) á mynd 25.



27. Ysti hluti Jöklusárgils vestara, sér í SV. Tunguhálshraunin til hægri.



26. Jöklusárgil (vestara) við Laugarnhófða, suður af Tunguhálsí. Syðri-Tunguhálslaug er þarna á brúninni og laugavætlur koma út úr bergveggnum (ganginum).







28. Jökulsárgil austara niður undan Stekkjafellum. Stekkjafllatamelar á miðri myndinni.



30. Svæðið mili Stekkjafllata og Gilsbakka er kallað Reitur. Það er allt sundur skorið af þvergíljum.
Fjölbreytt landslag.



29. Melurinn við Stekkjafllat, séður sunnan frá.




31. Jökulsárgil austara við Byggerði, séð í NV. Stórhóll til hægri, ofantil.




32

32. Grjótárgil, sér niður eftir því til Ármóttanna.




33

33. Strangilækur ytri, þar sem hann fellur ofan í Jökulsárgilið.



34. Berggangakerfi sem þversker gilið við Byggerði.



35

35. Berggangar sem þverskera hver annan og mynda „Zetu“ í Mosgili, ofan vegar.



36. Gilsbakki, Bæjargilð og Jökulsárgilið.



37

37. Jökulsárgil (austara) fyrir innan Gilsbakka. Bústaðir til hægri.




38

38. Mosgil þar sem það mætir Jökulsárgiliðu.




39

39. Jökulsárgil við Gilsbakka.



40. Bæjarhöfði við Gilsbakka, séour vestan frá.




41. Jöklulsárgilið skammt fyrir innan Bæjarhöfða. Sér í Dauðageira (með grenihrísilum).




42. Kletthaus („Hundurinn“) í gillini andspænis Gilsbakkabænum.



43. Breiðgeiri í Jöklulsárgilið fyrir innan Gilsbakka.




44. Stórabrik (eða „Grákollur“) í Jökulsárgili fyrir neðan Bústaði, hluti af gangakerfi er stefnir eins og gilið á kafla. Gilsbakki í baksýn.



45. Merkigil ofantil, þar sem það er einna hrikalegast. Hæðina má miða við jeppann á gilbarminum og beitarhusin í Stigaseli (sem er litlu fjær).




46. Berggangur vestan undir Bæjarhöfða við Gilsbakka.



47. „Píramídar“, hluti af sama berggangi og sýndur er á mynd 44.

48. Séð úr fjallinu fyrir ofan Gilsbakka yfir gilið og dalinn. Jökulvatnsrásin Brúnkolludalur (Krossdalur) sést skáskera hlíðina hinu megin.



48

49. Í Brúnkolludal, sér upp eftir honum. Stórasekarð til vinstrí.




49

50. Ketill við Bústaðaveginn.




50



52

52. Ármóti Merkjigilsáar og Jökulsár austari, sér inn í Merkjigil. Klettahryggurinn Enstigur til hægri. Hrunið sem spitti leiðinni sést vel á hrygnum.




54


54. Gamli vegurinn hikjast upp úr Merkjigilinu að sunnan.



51. Fagridalur. Gamalt jökulvatnsgil eða farvegur Merkjigilsáar, rétt við Merkjigil.



53. Merkjigil séð niður eftir því frá Stigaselji. Bústadir í baksýn.



55. Jökulsárgilið við Stapa. „Steinboganafir“, skógi klæddar, til vinstri. Stepi og Staphammur til hægri, en á bak við hann Höftarnir.



56.-57. Skógurinn í Steinboganöfum (Stekkjartarhavammi?).



58. Hymnstóð (ættihvönn) á syllu í gilinu við Steinboga.



59

59. Hamarskálin sem berghlaupið mikla á milli Ábæjar og Miðhúsa hefur komið úr.




61

61. Tjörnin silungapollur við Tjarnarhóli í Brennigilshólum.




60

60. Tjarnarhóli í Brennigilshólum, séð út eftir dalnum.




62

62. Ábejarkirkja og kirkjugardur.



63. Abæjarrétt.

63-65. Abæjargíli. Á 63. md. sér niður eftir gilinu. Ábær á bakknum til vinstri. Á md. 64. sér upp í gjilktafinn með brunni. Möhelliulagið til hægri (ljóst) og ofan á því þursabergslag og anddesitig. Í flesumum sem siást á md. 65 hafa fundist steingerðir triábútar (ópalvöður).



65

VIDAUHKAR

SUNN Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi.

UMSÖGN UM VILLINGANESVIRKJUN í SKAGAFIRÐI.

Náttúruverndarráð hefur með bréfi dags. 17.11.76, farið þess á leit að samtökin segi álit sitt á "Skýrslu Orkustofnunar um Villinganesvirkjun í Jökulsá í Skagafirði." (Við skiljum það svo að átt sé við þá virkjunartilhögum, sem fram kemur í skýrslunni.)

Stjórn félagsins hefur ekki átt þess kost að kynna sér staðhætti með sérstöku tilliti til nefndrar tilhögunar, en nokkrir stjórnarmanna hafa þó komið á virkjunarstaðinn, m.a. kom formaður félagsins þar sumarið 1969 og gerði nokkrar athuganir. Er umsögnin að mestu rituð samkvæmt þeim.

Þess er fyrst að geta að Jökulsárgil í Austurdal og Merkigil eru á náttúruminja-skrá SUNN (1975), og bent er einnig á Jökulsárgil í Vesturdal og gil Héraðsvatna niður um Tyrfingsstaði, sem athyglisverðar landslagsmyndanir. Í frumdrögum að Náttúruminjaskrá Skagafjarðar (frá 1973) er eftirfarandi lýsing á giljunum:

Jökulsárgil í Austurdal byrjar um eyðibýlið Skuggabjörg, en dýpst og hrikalegast er það þar sem það mætir Merkigili og þar fyrir utan (neðan við Gilsbakka), og nálgast þar um 100 m dýpt. Merkigilið er einnig mjög hrikalegt (Sjá lýsingu í Skagfirðingabók 1969). Þegar kemur niður fyrir Stekkjarflatir fer gilið að grynnast og er um 40 (?) m á ármótunum, eftir það grynnist það enn og víkkar jafnframt mikið og endar um Teigakot. Í neðsta hluta gilsins, fyrir neðan Tyrfingsstaði, eru miklir berggangar sem mynda eins og hlið að ánni, og þar eru einnig mikil rauð gjallög við ána. Er þarna einkar fagurt og minnir nokkuð á gljúfur Jökulsár á Fjöllum. Í efra hluta gilsins er víða nokkurt birkikjarr og fallegur og gróskumikill blómgróður og sama er í Merkigili. Ýmsir fuglar verpa í gilinu, m.a. nokkur pör af heiðagæs. Fyrir neðan Kelduland eru allvatnsmiklar laugar í gilinu.

Við þetta má bæta, að samkvæmt athugunum jarðfræðinga Orkustofnunar, eru þarna merkilegar jarðmyndanir. Í giljunum er mikill fjöldi af göngum, og mikið um rauð millilög. Á stíflustaðnum á Villinganesi er mjög sérkennilegt "hraun" úr andesíti. Hefur áin runnið yfir nesið fyrrum og grafið farvegi sem nú eru þurrir, með ýmsum sérkennilegum bergmyndum. Í gilinu við Gilsbakka hafa og fundist holur eftir trjábúta og viðarleyfar í þeim (Sbr. Týli, 4.árg. bls.82).

Samkvæmt tillögum þeim um tilhögum virkjunar við Villinganes, sem fram koma í fyrrnefndri skýrslu, er gert ráð fyrir að stífla Héraðsvötn um 2 km neðan við ármótin, eða rétt fyrir neðan bæina Villinganes og Tyrfingsstaði og er mesta hæð stíflunnar um 60 m. Myndi þá allt gilið neðan ármóta fyllast af vatni, og auk þess flæða yfir nokkur svæði sitt hvoru megin þess. Vatnsborðshækkun yrði og veruleg í giljunum í Austur- og Vesturdal. Í Austurdal myndi hennar gæta inn undir Merkigilið, og í Vesturdal inn undir Goðdali.

Þar sem lóninu er ætlað að mæta dægursveiflum í raforkunotkun yrði vatnsborð þess mjög óstöðugt og misjafnt, þ.e. ekki hægt að líta á það sem stöðuvatn. Auk þess myndi það smám saman fyllast af jökulleir, er gæti fokið þaðan þegar lágt væri í lóninu.

Þótt hér séu ekki í húfi nein samsvarandi verðmæti í formi gróðurs eða dýralífs og t.d. við Blönduvirkjun á Auðkúluheiði, getur stjórn SUNN af ofangreindum ástæðum, ekki mælt með því að byggð verði umgetin virkjuna við Villinganes. Telur stjórnin að athuga þurfi þetta virkjunarmál mun betur, m.a. með samanburði við virkjanir á efra fallsvæði þessara sömu vatna og sérstakri náttúruverndarkönnun á virkjunarstöðunum.

Akureyri, 24. nóv. 1976.

f.h. stjórnar SUNN

Bjarni Guðleifsson

Helgi Hallgrímsson

Hjörtur E. Þórarinsson

SUNN Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi.

Til Náttúruverndarráðs, Rvík.

UM VILLINGANESVIRKJUN í SKGAFIRÐI.

Virkjunarstæðið var skoðað 28-29. júní af undirrituðum. Var gengið meðfram gilinu við Héraðsvötn og Austari-Jökulsá, frá Flatatungu upp að Merkigili. Einnig var gengið með gilinu að vestan, fyrir framan Villinganes, og neðan Tunguháls/Hverhóls. Auk almennrar náttúruskoðunar var hugað að sögulegum minjum og ræktarlandi, skoðaðar laugar o.fl.

Ljóst er að þarna er um að ræða mikil fegurðarverðmæti, fágætar jarðmyndanir og sérstæð lifkerfi. Gil(gljúfur) Héraðsvatna fyrir sunnan og neðan bæina Villinganes og Tyrfingsstaði (þar sem áætlað er að stífla vötnin), teljum við vera með fegurstu og sérstæðstu náttúruminjum á Norðurlandi, og eins fyrir neðan bæina Kelduland/Stekkjarflatir, þar sem jökulsárnar koma saman. Svipað má einnig segja um gljúfur Vestari-Jökulsár, fyrir neðan bæinn Tunguháls.

Á öllum þessum stöðum eru afar sérkennilegar klettabríkur (gangar), sem veðrast hafa út úr berginu, og á fyrstnefnda staðnum eru þykk lög af rauðagjalli, sem benda til að þar hafi verið eldstöð. Einnig kemur þar fyrir þykkt lag af andesíti (millistig basalts og líparíts), sem veðrast á sérkennilegan hátt, og kallast það "hraun" þar sem það kemur upp á yfirborðið.

Fyrir neðan bæinn Kelduland er lækjargil (Grjótárgil), með allvatnsmiklum laugum, sem sprautast hér og þar fram úr bergveggjunum, og er lækurinn volgur þar sem hann mynnir við Jökulsá. Í Grjótárgili eru sérkennilegar jarðmyndanir, víða ríkulegur jarðhitagróður og óvenju fjölskrúðugt dýralif, sem líka er tengt jarðhitum. M.a. er þar mikið af köngulóm, sem líklega eru fágætar sumar hverjar, hveraflugur og ýmsar bjöllutegundir. Laugasvæði þetta er alveg ósnortið af manna völdum, en slík svæði eru nú orðin fágæt.

Ýmsar söguminjar eru í gljúfrunum, svo sem fornir matjurtagarðar, stekkir og réttir (aðhöld) af ýmsu tagi. Fyrir neðan bæina Hverhóla og Bakkakot eru vatnsmiklar laugar í gili V-Jökulsár, sem koma fram á um 50 m langri sprungu, sem liggur þvert yfir árfarveginn. Hitastig vatnsins er þar um 70°.

Töluvvert af túnum fer undir miðlunarlónið ef virkjað verður þarna, einkum á bæjunum Villinganesi, Tyrfingsstöðum og Byrgisskarði. Á Tyrfingsstöðum (eyðibýli) færi mestallt túnið undir vatn eða mannvirki, og um þriðjungur túns á Villinganesi og Byrgisskarði.

Af ofansögðu er ljóst, að skemmdir af völdum Villinganesvirkjunar eru ekki eins

litlar og formælendur þeirrar virkjunar hafa viljað vera láta. Einnig virðist ljóst að umræddur virkjunarkostur valdi mun meiri spjöllum á landi og lífi og búskaparmöguleikum en flestir eða allir aðrir virkjunarkostir sem um hefur verið rætt í skagfirska Jökulsánum.

Við teljum því einsætt að Náttúruverndarráð geri þá kröfu til virkjunaraðila, að fleiri virkjunarvalkostir verði kannaðir í þessum ám, áður en til greina kemur að veita leyfi til Villinganesvirkjunar, svo hægt sé að gera samanburð á þeim, einnig með tilliti til náttúruverndar. Væri æskilegt að náttúruverndar- aðilar væru hafðir með í ráðum um frekari rannsóknir á svæðinu.

Akureyri, 3. júlí 1978.

Helgi Hallgrímsson

Bjarni Guðleifsson

LAUSLEGUR SAMANBURÐUR Á VIRKJUNUM VIÐ VILLINGANES, STEKKJARFLATIR OG

SKUGGABJÖRG Í SKAGAFIRÐI

Inngangur

í umsögn Náttúrugripasafnsins á Akureyri um Villinganesvirkjun segir í niðurstöðum:

"5. Virkjun við Merkigilið, með stíflu við Skuggabjörg (Jökulsárbrú), veldur mun minni náttúruspjöllum en báðar ofantaldar virkjanir."

Spurningin er hvort virkjun við Skuggabjörg er í raun jafn hagkvæm og virkjun við Villinganes. Til að svara þeirri spurningu mun ég líta lauslega á náttúrulegar aðstæður á hvorum staðnum fyrir sig, og einnig tengja virkjanirnar þeim hugmyndum sem nú eru efst á blaði um frekari nýtingu Jökulsánna til orkuvinnslu.

Villinganesvirkjun

Verg fallhæð virkjunarinnar er 58,8 m, sem að mestu fæst með stíflu í árfarvegi. Virkjað rennsli er ráögert 66,5 kl/s og uppsett afl 32 MW.

Á vegum OS hefur nýlega verið gefin út greinargerð, sem nefnist "Jökulsár í Skagafirði: Mældar og reiknaðar rennslisraðir". Samkvæmt þeim er meðalrennsli Vestari Jökulsár við Goðdali $20,9 \text{ m}^3/\text{s}$, rennsli A-Jökulsár við Skatastaði $37,2 \text{ m}^3/\text{s}$ og rennsli við Villinganesvirkjun $61,5 \text{ m}^3/\text{s}$. Rennslisorka við Villinganesvirkjun er samkvæmt því 277 Gwh. Stóran hluta þessarar orku má beisla með stíflu, sem er 60 m á hæð, 820 m löng og hefur rúmmálið 800.000 m^3 og vatnsvegum, sem eru aðeins nokkur hundruð metrar á lengd.

Villinganesvirkjun kemur að fullum notum hvort heldur Jökulsárnar eru virkjaðar ofan í Austur- eða Vesturdal. Villinganesvirkjun takmarkar því ekki val á síðari möguleikum til virkjunar í Skagafirði.

Stekkjaflatir

Við Stekkjarflatir hefur verið ráðgerð virkjun, sem nýtir 97 m fall úr um 215 m y.s. niður í um 115 m y.s. Líklegt meðalrennsli þar er um $39 \text{ m}^3/\text{s}$. Rennslisorka er um 290 Gwh/a, sem er um 5% meiri rennslisorka en við Villinganes. Fallið fæst með því að byggja stíflu sem er 90-100 m á hæð, og að rúmmáli tvöfallt stærri en stíflan við Villinganes.

Fylgni milli rennslis í Austari- og Vestari Jökulsá er fremur lítið. Villinganesvirkjun, sem fær rennsli úr báðum ánum er því með jafnara og betra rennsli en virkjanir í A-Jökulsá. Að öllu samanlöögðu er líklegt að Villinganesvirkjun og Stekkjaflatartvirkjun myndu framleiða ámóta mikla orku, en Villinganesvirkjun er mun ódýrar, og hindrar ekki að A-Jökulsá verði virkjuð niður í V-Jökulsá í framtíðinni.

Virkjun við Skuggabjörg

Í skýrslu VST 75.018. frá maí 1975 er lýst virkjun, sem byggir á um 55 m hárrí stíflu við Skuggabjörg (5 km ofan við Merkigil) og 5 km längum skurði í um 250 m hæð y.s. eftir hjalla austan árinnar norður á brún Merkigils. Orkugetan ákvarðast af 99 m fallhæð og $37,2 \text{ m}^3/\text{s}$ rennsli árinnar, sem gefur 282 Gwh meðalársorku, sem er nánast það sama og við Villinganes, en með mun lengri vatnsvegi og minni miðlun.

Frá því VST gerði sína áætlun, hefur verið safnað miklum viðbótarupplýsingum. Vatnamælingar sýna að rennslið við Skuggabjörg (áður 41 kl/s, nú $37,2 \text{ kl/s}$) var ofáætlað um 10%, en rennslið við Villinganes (áður 62,1 kl/s nú 61,5) ofmetið um aðeins 1%. Reynslan frá Blönduvirkjun sýnir að með því rennsli sem er til Blönduvirkjunar og virkjunar við Skuggabjörg (37 kl/s) þá er ekki hagkvæmt að eltast við fall í árfarvegi, sem er minna en 10 m/km, með því að grafa tilbúna vatnsvegi í formi skurða og jarðgangna. Það er því alls ekki hagkvæmt að nýta fallið í A-Jökulsá fyrir neðan Skuggabjörg með vatnsvegi í vestari bakka, sem yrði vegna aðstæðna í 250 m hæð að vera á formi jarðgangna eingöngu.

Niðurstaða

1. Villinganesvirkjun er hagkvæmasta virkjun, sem völ er á fyrir neðan 250 m y.s. í Skagafirði.

2. Villinganesvirkjun takmarkar ekki nýtingarmöguleika ofar í Jökulsánum í Skagafirði, en þar virðist nú vera álitlegast að virkja A-Jökulsá niður í Vesturdal.
3. Fall í Jökulsánum er það lítið á hverjum km að það er á mörkum þess að vera hagkvæmt að nýta það með skurðum meðfram ánni. Ef göng eru nauðsynleg til að nýta fallið þá er það alls ekki hagkvæmt. Vænlegasti kosturinn er að nýta fallið með stíflum í árfarveginum og tiltölulega stuttum vatnsvegum. Villinganesvirkjun nýtur þess umfram virkjunarstaði í A-Jökulsá að rennsli V-Jökulsár hefur þar bætt við og aukið rennslið um 65% miðað við Skuggabjörg í A-Jökulsá.
4. Rennslislægi Héraðsvatna við Villinganes er hagstæðara fyrir virkjun en rennslislægi hvorras Jökulárinhar um sig. Aðstaða til miðlunar er einnig nokkru betri þannig að dægursveiflum í álagi má að fullu jafna út og að hluta til vikuálagssveiflum. Þessi miðlum, þó lítil sé, endist í 5 daga við fullt álag og lágreinsnli og er mjög mikilvæg ef bilanir verða á flutningskerfinu. Að öllu samanlöögðu mun því Villinganesvirkjun nýta stærri hluta af ársmeðalrennsli en hinar virkjarnirnar.
5. Hugsanleg breyting á Villinganesvirkjun hlýtur því að felast í því að færa stíflustæðið upp eftir Héraðsvötnum með tilsvarandi hækjun á vantsborði í lóninu, þannig að nýtanlegt fall skerðist ekki.

ORKUSTOFTNUN
Vatnsorkudeild

GREINARGERÐ

VILLINGANESVIRKJUN: SAMANBURÐUR Á
FJÓRUM MISMUNANDI STÍFLUSTÆÐUM

Hörður Svavarsson

HS-81/04

Desember 1981

VILLINGANESVIRKJUN: SAMANBURÐARATHUGUN Á FJÓRUM MISMUNANDI

STÍFLUSTÆÐUM

Inngangur

Vegna náttúruverndarsjónarmiða var gerð samanburðarathugun á mismunandi stíflustæðum fyrir Villinganesvirkjun. Tilgangur með þessari athugun var sá að kanna hvort varðveita mætti, án mikils aukakostnaðar tvö svæði. Fyrra svæðið er rétt ofan við það stíflustæði sem helst er talið koma til greina í hönnunaráætlunum (sjá VST 1977). Seinna svæðið er við ármót Austari- og Vestari-Jökulsár. Athuguð voru fjögur stíflustæði, merkt á korti (1:20000) með númerum 1-4. Miðlun breytist lítið (innan óvissumarka) milli tilhagana.

Ekki er talið hagkvæmt að reisa stíflu ofar en í tilhögun 4. Ef stíflað væri ofar og í farvegi Austari-Jökulsjár, þá mundi tapast allt rennsli úr Vestari-Jökulsá, sem er um 35,5% af heildarrennsli til virkjunarinnar.

Tilhögun 1

Þetta er það stíflustæði sem hagkvæmast hefur verið talið og gert er ráð fyrir í hönnunaráætlun fyrir Villinganesvirkjun (sjá VST 1977). Þar er gert ráð fyrir að heildarkostnaður vegna mannvirkja verði um 2.874 Mgkr. (verðlag í maí 1976). Kostnaður við stíflu er áætlaður um 26,41% af þessari upphæð og frárennslisskurður um 2,32%, samtals um 28,73%. Krónuhæð stíflu er í 156,5 m y.s.

Tilhögun 2


Stíflustæðið er um 1,5 km ofar í árfarveginum en í tilhögun 1, krónuhæð stíflu í 170,5 m y.s., með því sparast frárennslisskurður miðað við sömu nýtanlega fallhæð. Með stíflu á þessum stað er aðeins hægt að varðveita neðra náttúruverndarsvæðið. Stíflan er um 21% dýrari en stífla og frárennslisskurður í tilhögun 1, sem gerir um 3,23% af heildar mannvirkjakostnaði. Þar fyrir utan verður yfirfall til muna dýrara og erfiðara í byggingu en á neðsta stíflustæðinu.

1981-12-04

Heimildaskrá

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. 1977: Virkjun Héraðsvatna II,
hönnunaráætlun um 30 MW virkjun við Villinganes. Orkustofnun
OS-ROD-7706.

Gunnlaugur H. Jónsson 1980: HYDRO-A Dynamic Simulation Program for
Optimization of Hydropower Sites and Simulation of Hydropower
Plants. Orkustofnun, preprint of a paper presentet at the
Nordic Hydrological Conference, Vemdalen, Sweden, August 10-16th.



I : 20 000